

Bryndís Zoëga

# Strandminjar við austanverðan Skagafjörð

## 1. áfangi.



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2013/133

Forsíðumynd: Minjar verslunarstaðarins við Grafarós.



© Bryndís Zoëga  
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki  
2013/133

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>SKAGAFJÖRÐUR ÚT AÐ AUSTAN</b> .....	<b>2</b>
<b>UM ORSAKIR LANDBROTS</b> .....	<b>3</b>
<b>TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR</b> .....	<b>3</b>
HÆTTUMAT.....	5
<b>BAKKI-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>7</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	8
<b>BRIMNES-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>12</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	13
<b>KOLKUÓS-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>15</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	16
<b>MELSTAÐUR-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>26</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	26
<b>GRÖF - SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>30</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	30
<b>GRAFARGERÐI-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>33</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	34
<b>GRAFARÓS-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>36</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	38
<b>ÁRTÚN-SÖGUÁGRIP – NÚ Í LANDI HOFSSÓSS</b> .....	<b>49</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	49
<b>HÖFÐI Á HÖFÐASTRÖND-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>52</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	53
<b>LÓNKOT-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>71</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	71
<b>GLÆSIBÆR-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>79</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	79
<b>FELL-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>82</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	83
<b>FJALL-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>91</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	92
<b>KELDUR-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>101</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	101
<b>MÝRRAR-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>110</b>

FORNLEIFASKRÁNING .....	111
<b>HEIÐI-SÖGUÁGRIP .....</b>	<b>118</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	118
<b>REYKJARHÓLL-SÖGUÁGRIP .....</b>	<b>123</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	123
<b>MÁLMEY-SÖGUÁGRIP .....</b>	<b>130</b>
FORNLEIFASKRÁNING .....	131
<b>SAMANTEKT .....</b>	<b>136</b>
ÁHUGAVERÐAR MINJAR Í HÆTTU .....	138
<b>NIÐURLAG .....</b>	<b>140</b>
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>141</b>



## Inngangur

Undanfarin ár hafa starfsmenn Byggðasafns Skagafirðinga unnið að margvíslegum fornleifarannsóknum í Skagafirði, má þar nefna fornleifaskráningar vegna skipulagsgerðar, skráningar og uppgröft vegna byggðasögurannsókna og rannsókna á fornum kirkjugörðum. Við rannsóknirnar hefur komið í ljós fjöldi minja sem hafa orðið fyrir raski eða eru í hættu vegna náttúruaflanna eða mannlegra athafna. Einnig hefur orðið ljóst í viðtölum við landeigendur og heimildamenn í austanverðum Skagafirði að þeir telji ágang sjávar og landbrot hafa aukist þar síðustu áratugina og að nokkur fjöldi minja hafi horfið fyrir þær sakir í þeirra minni. Engin heildstæð úttekt er til á strandminjum í Skagafirði og lítið vitað um fjölda og gerð þeirra minja sem eru í hættu eða hafa þegar horfið í sjó vegna landbrots.

Vorið 2012 fékk Fornleifadeild byggðasafnsins styrk frá Fornleifasjóði til þess að skrá strandminjar í austanverðum Skagafirði, þar sem áherslan var lögð á minjar sem liggja nærri sjó og eru í hættu sökum sjávargangs. Meginmarkmið með rannsókninni er að fá heildaryfirlit yfir strandminjar á svæðinu en það er grundvöllur þess að hægt sé að gera áætlun um varðveislu minja og forgangsröðun á frekari rannsóknum á þeim minjum sem eru í mikilli hættu.

Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að öll strandlengjan frá Lóni í suðri að sýslumörkum Skagafjarðar- og Eyjarfjarðarsýslna í norðri yrði skráð og sótt var um 2 milljónir til verksins. Fornleifasjóður veitti styrk upp á 1.000.000 kr. og var þá sótt um til Menningarráðs Norðurlands vestra sem sá sér ekki fært að styrkja verkefnið. Þá var ljóst að verkefnið yrði ekki klárað á árinu 2012. Af þeim 28 jörðum sem eiga land að sjó á svæðinu var búið að skrá fornleifar á fjórum þeirra (2006/2001) auk verslunarstaðarins Grafaróss og þéttbýlisins við Hofsós (2003). Haustið 2012 var strandlína 12 jarða skráð að fullu auk hluta jarðarinnar Grafar. Jafnframt voru minjar verslunarstaðarins í Grafarósi og minjar í landi Höfða mældar upp að nýju en þar fór fram fornleifaskráning árið 2003. Þá voru einnig skráðar fornleifar í Málmei í Skagafirði í tengslum við annað verkefni og fylgja þær skráningar með hér.

Undirbúningur og heimildavinna hófst í júní 2012 og var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi en vettvangsskráning fór fram í september og október sama ár og var unnin af Bryndísi og Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi. Hlutar verkefnis voru unnir í samstarfi við ritara Byggðasögu Skagafjarðar sem vinna að 7. bindi hennar og hefur verið farið í sameiginlegar vettvangsferðir með þeim Kára Gunnarssyni og Hjalta Pálssyni.

Landeigendum og heimildamönnum þökkum við veitta aðstoð.

## Skagafjörður út að austan

Eins og getið er í inngangi eru 28 bæir sem eiga land að sjó við austanverðan Skagafjörð auk Hofsóss og þar af er búið að skrá fornleifar meðfram strandlínu 15 þeirra auk strandlínu Málmeysjar og nokkurra minja sem í dag tilheyra Hofsósi.

Í jarðabók frá 1709 er getið um útræði eða heimræði frá öllum jörðum nema Mýrum og Kolkuósi (sem þá var í Viðvíkurlandi). Mýrar voru ekki í byggð þegar jarðabókin var rituð og ekki er getið um að Viðvíkurbóndi hafi róið frá Kolkuósi en þar var skipsuppsátur Hólastóls „fyrir farmaskip og flutninga [...]. Þar er og búðarstöð stólsins til að hirða stólsins góts, sem flutt verður á skipum.“<sup>1</sup> Í jarðabókinni er oftast getið um hvort lending sé góð eða slæm, hvenær árs sé hægt að róa og hvort bóndi hafi skip á ritunartíma, svo dæmi sé tekið þá segir um Fell: „Heimræði er hjer og lending ein brimsöm fyrir heimalandi og stórgrýtt, og brúkast því þetta heimræði sjaldan um vetur. Skip staðarhaldarans gengur hjer eitt eður fleiri sem hann fær við komið.“<sup>2</sup> Jarðir áttu skipsuppsátur þó þær lægju ekki að sjó eins og t.d. Hólastaður sem nefndur er að framan og á Lónkotsmöl voru m.a. sjóbúðir frá Róðhóli, Bræðrá, Arnarstöðum og Skálá.<sup>3</sup> Útræði var mikið og voru helstu verstöðvar í Óslandskrók, Bæjarklettum, Lónkotsmöl, Mýrnavík<sup>4</sup> og þrjár í Fljótum; í Hraunakrók, Mósvík og Haganesvík.<sup>5</sup> Í sýslu- og sóknarlýsingum geta prestar um hafnir og í Hóla- og Viðvíkurprestakalli eru sagðar allgóðar lendingar í Bakkavör, Brimnesvík og sunnanvert við Kolbeinsárós.<sup>6</sup> Í Miklabæjar- og Hofssókn eru hafnir sagðar vera við Hofsárós og Grafarós en besta lendingin við Þönglaskála.<sup>7</sup> Í Fells- og Höfðasóknum eru lendingar sagðar á Bæjarklettum, innan við við Bæjarmöl, í Höfðakrók en þess getið að hún þyki ill vegna þess hve þar er brimasamt. Í Sléttuhlíð eru aðallendingar á Lónkotsmöl og Mýrnavík.<sup>8</sup>

Við Kolkuós var höfn Hólastaðar og verslun fram á 16. öld en þá fluttist verslunin í Hofsós og var þar eini verslunarstaðurinn í Skagafirði fram yfir miðja 19. öld þegar komið var á fót verslun í Grafarósi eftir miðja öldina og í lok hennar var aftur farið að versla í Kolkuósi. Verslun í Grafarósi stóð fram til 1915 en verslun var í Kolkuósi fram undir 1940.<sup>9</sup> Haganesvík varð löggiltur verslunarstaður 1897.<sup>10</sup>

Hvergi er getið um landbrot vegna sjávar í jarðabókinni frá 1709 en þar er víða getið um landbrot af völdum fallvatna.<sup>11</sup> Í Sýslu- og sóknalýsingum er því líkt farið en á einum stað getur prestur sérstaklega um að slíkt sé ekki að óttast. Þar segir: „Fyrir utan Hofsárósin eru

<sup>1</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 218.

<sup>2</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX; 275. Sjá t.d. sömu heimild: 233; 277-78.

<sup>3</sup> Ö-Lónkot 2, 8

<sup>4</sup> Sýslu og sóknalýsingar II, 154.

<sup>5</sup> Sverrir Páll Erlendsson, 140.

<sup>6</sup> Sýslu og sóknalýsingar II, 126.

<sup>7</sup> Sýslu og sóknalýsingar II, 134.

<sup>8</sup> Sýslu og sóknalýsingar II, 147.

<sup>9</sup> Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu IV, 46; Byggðasaga Skagafjarðar V, 358; 362.

<sup>10</sup> Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu IV, 80.

<sup>11</sup> sjá t.d. Jarðabók frá 1709 bls. 311 um Sléttu. „Túninu grandar Brunná með grjóts áburði til stórskaða. Enginu spilli Fljótá með landbroti og grjótsáburði til stórmeina og eyðileggingar, [...]“

Snekkjunaust, 10 hndr., [...]. Viðlík og Ártún að landkostum. Engin landbrot eru hér að óttast. Allgóð lending.<sup>12</sup>

## Um orsakir landbrots

Hafstraumar og sjávarfallsstraumar eru alla jafna svo hægir að þeir megna ekki að rjúfa fast berg en þeir síðarnefndu geta þó í þröngum sundum og á landgrunni orðir nógu sterkir til að rofs af þeirra völdum gæti nokkuð. Bylgjuhreyfing sjávar er afkastamest sjávaraflanna við rof. Áhrifa hennar gætir einkum á grunnsævi með ströndum fram. Einna mestu spjöllin verða þegar djúpar lægðir ganga yfir í stórstraumi en þá hækkar sjávarborð um 1sm fyrir hvert millibar sem þrýstingur lækkar. Mikið tjón getur orðið á skömmum tíma eins og gerðist 8-9. janúar 1799 í mesta stormflóði sem um getur hérlendis. Þá gekk ofsaveður af suðvestri yfir landið á stórstraumi og eyddi m.a. verslunarstaðnum Básenda á Garðskaga.<sup>13</sup> En það er ekki eingöngu sjávarrof sem getur haft áhrif á minjar við ströndina því árrof, vindrof, vindsvörfun og frostþensla hafa einnig áhrif.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.“

3. gr.

*Fornminjar.*

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípíur og hins vegar fornleifar. [...] Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

<sup>12</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar II*, 138.

<sup>13</sup> Þorleifur Einarsson, 174-175.

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

#### *Rannsóknir á fornleifum.*

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðraskis og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornmínjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðuð þann 25.03.2013).

### **Aðferðarfræði**

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og mínjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina mínjar eða svæði þar sem líklegt er að mínjar finnist. Í þessu tilviki var gengið með strandlínu jarðanna og mínjar sem lágu við eða í nágrenni hennar skráðar. Skráð var um 100m breitt svæði við strandlengjuna en mínjar sem lágu við eða skammt utan svæðins voru einnig teknar með í skráningunni. Þær mínjar fá að fylgja með í skýrslunni þar sem óvíst er hvort eða hvenær skráning fer aftur fram á svæðinu.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hvernar jarðar, t.d. fá beitarhúsatóftir frá Fjalli númerið 162 (auðkennt Fjall - 162). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær mínjar þar sem staðsetning er þekkt

svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Minjastofnunar Íslands en hún hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Fjall - 162, 14287.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## Hættumat

Við hættumat var farið að mestu eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar Ríkisins, nú Minjastofnunar, frá 2008. Þeir flokka hættumat í þrjú eftirfarandi flokka:

**Engin hættu.** Engin eða mjög lítil augljós hættu er á því að fornleifarnar verði fyrir raski í náninni framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

**Hættu.** Fornleifarnar eru á athafnasvæði eða rofssvæði þar sem hættu á röskun er fyrirsjáanleg.

**Mikil hættu.** Fornleifarnar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Bregðast verður skjótt við svo fornleifarnar verði ekki fyrir frekari röskun.

Eftir skráningu á vettvangi og viðtöl við heimildamenn þótti ljóst að minjar, sem eru á svæðum þar sem hvað mest landbrot er, geta verið í mikilli hættu þó þær séu nokkra metra frá sjávarbrún enda geta nokkrir metrar af landi horfið í einu við verstu skilyrði. Því var ákveðið

að þar sem landbrot virtist mest þá eru minjar skráðar í **mikilli hættu** ef þær eru innan við 10m frá sjávarbrún en minjar í hættu geta verið allt frá 0-50m frá brún. Það er ljóst að ef landbrot heldur áfram eins og það hefur verið undanfarna 5-6 áratugi þá geta tugir metra lands horfið í sjó og þá eru minjar lengra frá sjávarbrún í hættu.

## Bakki-söguágrip

Bakka er fyrst getið í bréfi frá 1351 um merki milli Bakka og Lækjar í Viðvíkursveit.<sup>14</sup> Hjáleigan Bakkakot er í byggð 1703 og eru þá þrír skráðir til heimilis en 8 á heimajörðunni.<sup>15</sup> Bakkakot fellur skömmu síðar úr ábúð. Önnur hjáleiga Nýjagrund var frá Bakka en hún var löngu farin í eyði þegar jarðamat var gert 1709.<sup>16</sup> Jörðin Gröf kemur fyrir í ráðsmannsreikningum Hólastóls frá 1388<sup>17</sup> og í landamerkjalyðingum 1351<sup>18</sup> og 1353<sup>19</sup> og virðist hún hafa verið milli jarðanna Bakka og Brimness, hún kemur ekki fyrir í heimildum eftir 1550. Talið hefur verið að býlið sé hið sama og Bakkakot.<sup>20</sup>

Í fasteignamati eru getið um sjávarhlunnindi: „Fjörubeit allgóð. Jörðunni tilheyrir „Lundey“ sem liggur þar skammt frá landi, af eynni hefir jörðin hlunnindi svo sem slægjur eða vetrargöngu fyrir lömb. Dúntekju 4kg. árl. og dálitla kópaveiði í nætur, nokkur silungsveiði í sjó. Aðdrættir hægri bæði á landi og sjó.“<sup>21</sup>

Um jörðina segir í jarðamati frá 1709: „Þessi jörð liggur við sjó. Útræði hefur hjer fyrrum verið en lending slæm, skipsuppsátur þó lakara, um næstu nokkur umliðin ár hefur hjer trjáreki engin verið. Beitifjara engin, en söl reka hjer nokkur þegar so heppnast. Sels og silungsveiði hefur hjer fyrrum verið en nú mjög so lítil. Ey ein liggur hjer fyrir framan í sjónum, hvar heyskapur er brúkaður með stórum kostnaði, að nafni Lundey. Er þar og varp nokkuð af lunda og æðarfugli, ósjaldan heppnast í þessari ey dúns eður fiðurtekja.“<sup>22</sup>

Í fornleifaskráningu Bakka fá minjarnar hlaupandi númer eins og aðrar minjar í skýrslunni en innan sviga eru númer úr skýrslunni *Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð* sem kom út 2007.

---

<sup>14</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn III*, 54.

<sup>15</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðað 01.03.2013.

<sup>16</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 206.

<sup>17</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn III*, 409-10.

<sup>18</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn III*, 54.

<sup>19</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn III*, 74-75.

<sup>20</sup> Ö-Bakki, 12.

<sup>21</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Bakki nr. 14. bls. 138. Skoðað þann 25.02.2013.

<sup>22</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 205-6.

## Fornleifaskráning

### Bakki (146403 278-84)-1


**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Rúma 1400m SSV af íbúðarhúsinu á Bakka, í fjörunni við syðstu landamerki jarðarinnar er tóft. Hún liggur á lynggrónu sléttlendi undir bakka, suður af fjörunni. Heimildamaður segir að þarna hafi verið naust í eigu Lónsbænda.



### Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin og eru veggir að mestu hrundir, hún er 3x4 m að utanmáli og liggur norður/suður, opin mót norðri. Breidd veggja, er um 50sm og hæð þeirra 30-40sm.



Mynd 1. Mógrof í Neðrimýrum.

### Bakki (146403 278-34)-2

**Hlutverk:** Mógrof

**Tegund:** Niðurgroftur

**Hættumat:** Hætta.

Minjarnar eru innan við 20m frá sjávarbrún.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum, tæplega 700m suður af íbúðarhúsi á Bakka er mógrof.

**Lýsing**

Gröfin er um 70sm á dýpt og um 40x12m að ummáli.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Melana, milli vallargarðs og landamerkjá, var neðri hlutinn á Enginu. Það var mýrlent, stundum kallað Neðrimýrar, allgott slægjuland. Neðan til í mýrunum, nokkru norðan við Miðgilið, var svarðartekja” (Ö-Bakki, 7). „Mórin (svörðurinn) var fluttur í krókum upp á Mómelinn, melshornið norðan við Ystagil, neðst, og þurrkaður þar. Mórin var síðan fluttur heim í hripum og geymdur í eldiviðarkofanum. Mór var tekinn á Bakka fram yfir 1940.“ (Ö-Bakki, 7).

### Bakki (Bakki 146403 278-7)-3

**Sérheiti:** Neðri-hús

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Dældir

**Hættumat:** Hætta. Minjar eru skammt frá sjávarbrún þar sem landbrot er nokkurt.



### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Yst og neðst á Norðurtúninu voru sambyggð tvö fjárhús og eitt hesthús (syðst), oft kölluð neðri (fjár)húsin (Ö-Bakki, 5). Á túnakorti má sjá tvenn útihús nyrst í túni og voru Neðri-húsin nær sjávarbakkanum.

### **Lýsing**

Húsin hafa verið rifin og eru komin undir tún og aðeins sjást óverulegar dældir í túni sem benda til þess hvar húsin stóðu. Búið var að rífa húsin þegar Birgir Haraldsson fluttist á Bakka 1957.

### **Bakki (146403 278-8)-4**

**Sérheiti:** Efri-hús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Dældir

**Hættumat: Hætta.** Minjar eru skammt frá sjávarbrún þar sem landbrot er nokkurt.

### **Staðhættir**

Á túnakorti má sjá tvenn útihús nyrst í túni, Efri-húsin voru fjær sjávarbakkanum.

### **Lýsing**

Húsin hafa verið rifin og eru komin undir tún og aðeins sjást óverulegar dældir í túni sem benda til þess hvar húsin stóðu.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Yst og neðst á Norðurtúninu voru sambyggð tvö fjárhús og eitt hesthús (syðst), oft kölluð neðri (fjár)húsin [146403 278-7]. Við þau var heytóft. Ofan við þau byggði faðir Björns stór fjárhús úr torfi og grjóti, með þremur görðum og 6 króm; þau rúmuðu 120 fjár. Þau voru kölluð efri (fjár)húsin þar til þau neðri voru rifin (1930) eftir það bara fjárhúsin.“ (Ö-Bakki, 5). „Húsin voru undir einu þaki sem var þvert á krærnar. Ofan við þau, áföst, var 36 álna löng hlaða með tveimur baggagötum, ytra og syðra.“ (Ö-Bakki, 5).

### **Bakki – (146403 278-5)-5**

**Sérheiti:** Garður

**Hlutverk:** Óþekkt, leiðigarður?

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Mikil hættu.** Endi garðsins liggur fram á sjávarbrún þar sem landbrot er töluvert.

### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „[...] skammt fyrir utan túnið, lítið gildrag sem var kallað Litlagil. Skammt norðan við það, ofan við reiðgötur, var há þúfa sem hét Stóraþúfa, og var í raun endi á garði sem lá ofan frá veginum rétt neðan við Bakkalækinn og niður að sjó við Forvaðana” (Ö-Bakki, 11).

### **Lýsing**

Garðurinn er í heild um 75m á lengd og liggur frá norðvestri til suðausturs, milli heimreiðar og vegslóða sem liggur til norðurs. Tún er vestan við garðinn og um 260m norðvestur af honum er annar hluti hans, sá sem er í hættu vegna landbrots, 5,5m langur og liggur til vesturs frá túngirðingunni í átt að sjávarbakkanum. Hann er algróinn grasi og mosa en sér þó í grjót, hæð er um 40sm.

## Bakki (146403 278-69)-6

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftin er við brotbakka og líklega hefur þegar brotið af henni til norðurs.

**Staðhættir**


Tóftin stendur fremst á Karlsnesi um 880m norðnorðvestur af íbúðarhúsinu á Bakka.

**Lýsing**

Tóftin er grjóthlaðin en veggir hrundir. Hún er opin til norðurs.

Innamál er 3x1,5m, hæð veggja

er 30sm og breidd þeirra um 40-50sm. Mosi og gras er inni í tóftinni en lágvaxinn lynggróður og gras utan við. Rekaviður liggur í tóftinni. Á meðfylgjandi mynd sem tekin var haustið 2012 má sjá að brotið hefur úr bakkanum síðan vettvangsskráning var gerð 2006.



Mynd 2. Horft er til suðausturs yfir Karlsnes og sjást tóftirnar fyrir miðri mynd þar sem að brotið hefur af landinu. Myndin er tekin haustið 2012 af Hjalta Pálssyni og birt hér með leyfi.

naust fyrir þrjú báta” (Ö-Bakki, 19). Í örnefnaskrá Sverris Björnssonar segir: „Nokkurn spöl norðan við Bakkatún skagar nes fram í sjóinn og heitir það Karlsnes; þar eru bátanaust” (Ö-Bakki-2, 2). „Þar voru geymdir yfir veturinn sexæringur, fjóræringur og fjórróinn prammi” (Ö-Bakki-1, 1).

## Bakki – (146403 278-70)-7

**Hlutverk:** Kofi

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Þegar er brotið af tóftinni til suðvesturs.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Engin sérstök örnefni voru uppi á Karlsnesinu, en þrjú naust voru þar” (Ö-SPÍ, 11). Og síðar segir: „Brotbakkinn á Karlsnesinu er nú alveg við tóftirnar. Birgir hefur það eftir Jóni Björnssyni að ytri tóftin hafi verið kofi; þar sem geymt var ýmislegt viðvirkjandi sjósókn. Búið er að taka grjót úr rústinni. Syðri tóftin, sem er talsvert stærri, var

**Staðhættir**

Syðri tóftin, sem er talsvert stærri, var naust fyrir þrjú báta (Ö-Bakki, 19). Um 7 m norðan við hana (146403 278-61) og um 890m norðnorðvestur af íbúðarhúsinu á Bakka er kofatóft.

**Lýsing**

Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Innanmál hennar er 2x3m, hæð veggja um 30-40sm og breidd þeirra mest 1,5m. Dyr eru og snúa til suðurs. Tóftin liggur alveg frammi á sjávarbakkanum og er suðvesturhorn hennar hrunið fram fyrir bakkann.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Engin sérstök örnefni voru uppi á Karlsnesinu, en þrjú naust voru þar” (Ö-Bakki, 11). Og síðar segir: „Brotbakkinn á Karlsnesinu er nú alveg við tóftirnar. Birgir hefur það eftir Jóni Björnssyni að ytri tóftin hafi verið kofi; þar sem geymt var ýmislegt viðvirkjandi sjósókn. Búið er að taka grjót úr rústinni. „Þar voru geymdir yfir veturinn sexæringur, fjóræringur og fjórróinn prammi” (Ö-Bakki, 11).

## Brimnes-söguágrip

Brimnes kemur fyrst fyrir í Landnámu þar sem segir frá skipakomu í Kolkuós „hlaðit kvikfé“ og hvarf frá þeim hryssa ein í Brimnesskógum.<sup>23</sup> Í Laurentíussögu er getið um hvalreka í Brimneslandi sem þá var í eigu Hólastóls og þótti það tákn um að Guði væri vel við biskupsefnið, Lárentíus Kálfsson.<sup>24</sup>

Í örnefnaskrá er getið um eyðibýlið Gvendarstaði beint suður af túni en þess er hvergi getið í jarðabókum.<sup>25</sup>

Í jarðabók 1709 segir: „Jörð þessi á allan reka fyrir sínu landi, en um sjáargagn og hlunnindi það fjörunni viðvíkur er alt og hið sama að segja sem á Bakka, nema skipsuppsátur er hjer betra.“<sup>26</sup>

Um sjávarhlunnindi segir í Fasteignamati frá 1916-1918: „Fjörubeit nokkur. [...] Nokkur silungsveiði í sjó og ofurlítill trjáreki.“<sup>27</sup>

Í fornleifaskráningu Brimnes fá minjarnar hlaupandi númer eins og aðrar minjar í skýrslunni en innan sviga eru númer úr skýrslunni *Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð* sem kom út 2007.

---

<sup>23</sup> *Íslendinga sögur I*, 146.


<sup>24</sup> *Laurentíus saga*, 354.

<sup>25</sup> Ö-Brimnes-1.

<sup>26</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 206.

<sup>27</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Brimnes nr. 15. bls. 138-139. Skoðaður þann 27.02.13.

## Fornleifaskráning



Mynd 3. Teikning af kumlum (KE, 2000).



Mynd 4. Kumlateigur. Horft er til suðvesturs.

### Brimnes (146404 277 – 2)-8

**Hlutverk:** Grafreitir

**Tegund:** Kumlateigur

**Hættumat:** Engin hætta.

#### Staðhættir

Í ornefnaskrá Brimness er þess getið dys hafi fundist við Bátagil árið 1937. Þáverandi þjóðminjaverði, Matthíasi Þórðarsyni, var gert viðvart og voru þau grafinn upp. Gröfin reyndist úr heiðnum sið, í henni fundust beinagrindur þriggja manna og hests með reiðtygjum auk vopna. Bátagil er utan við Brimnesgil og utan við Bátagil er Stekkjargil sem áður var nefnt Skipagil (Ö-Brimnes, 3-4). Kumlateigurinn var tæplega kílómetra vestur af bænum á Brimnesi.

#### Aðrar upplýsingar

Um kumlafundinn er fjallað í bókinni Kuml og Haugfé á bls. 142-144.

### Brimnes (146404 277-30)-9

**Sérheiti:** Kolkuósvegur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hætta. Gatan liggur á köflum mjög nálægt sjó þar sem landbrot er nokkurt.

#### Staðhættir

Meðfram sjónum í átt frá Brimnesi að Kolkuósi er reiðgata sem nefnd var Kolkuósvegur.

#### Lýsing

Vegurinn sést enn vel greinilega og var mældur upp af loftmynd. Gatan liggur til norðurs frá Stekkjargili í Brimneslandi með fram sjónum. Tæplega 200m austur af stekkjartóftinni í Stekkjargili skiptist hann og liggur vestari vegurinn til norðurs meðfram sjónum en sá austari liggur eftir melunum meira til NNA og yfir Vörðumel.

#### Aðrar upplýsingar

Í Ornefnaskrá segir: Vegurinn sem lá út um Stekkjargil, út með sjó hét Kolkuósvegur.“ (Ö-Brimnes, 2.

## **Horfna minjar**

**Brimnes (146404 277 – 3)-10**

**Sérheiti:** Bátagil

**Hlutverk:** Uppsátur

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Skammt utan við Lónið, í vestur frá bænum heitir Brimnesgil, utan við það er Bátagil og örstutt þar utan Stekkjargil, til forna nefnt Skipagil.” (Ö-Brimnes, 1).

**Lýsing**

Tóftir þær sem voru í Bátagili eru nú horfna í sjó. Halldór Steingrímsson bóndi á Brimnesi man vel eftir tóftunum en áratugir eru síðan þær fóru í sjó.



## Kolkuós-söguágrip



Mynd 5. Kolkuós. Horft er til NNA. Til hægri er íbúðarhúsið sem verið er að gera upp. Á tanganum við sjóinn hefur farið fram fornleifauppgröftur frá árinu 2003.



Mynd 6. Íbúðarhús í Kolkuósi 1942. Bakvið íbúðarhúsið til vinstri sér í fjárhúsin nr. 17. Birt með leyfi Héraðs-skjalasafns Skagfirðinga (öll afritun myndarinnar er óheimil).

Kolkuós var aðalverslunarhöfn Skagfirðinga á Landnámsöld og fram á þá 16. þegar verslun fluttist í Hofsós.<sup>28</sup> Verslun hófst þar aftur á síðasta áratug 19. aldar og voru þar um tíma fjórar verslanir. Verslunarhúsin voru eftir notkun annaðhvort rifin eða flutt annað.<sup>29</sup> Árið 1891 fluttust hjónin Tómas Ísleiksson og Guðrún Jóelsdóttir í Kolkuós og eru þau talin fyrstu ábúendur þar. Þau fluttu til Vesturheims 1903.<sup>30</sup> Verslun var í Kolkuósi fram undir 1940.<sup>31</sup> Jörðin fór í eyði 1985.<sup>32</sup>

Íbúðarhúsið í Kolkuósi sem stendur enn var reist árið 1903 en byggt við það 1938. Sláturhúsið sem er steinsteypt var reist 1913 og réttin árið 1914. Íbúðarhúsið og sláturhúsið eru friðuð skv. 29. gr. laga um menningarminjar sem tóku gildi 1. janúar 2013.<sup>33</sup>

Í fasteignamati Viðvíkur frá 1916-1918 segir um hlunnindi og tekjur af Kolkuósi: „Á landspildu þeirri, sem liggur til sjáfar og Langhús telur sér þriðjunginn af stendur kaupúnið Kolkuós, þaðan hefir jörðin árlegar tekjur 25 krónur. Einnig á jörðin Elínarhólma við Kolkuós, hefir dúntekju úr honum 9kg (varpið fer minnkandi).“<sup>34</sup>

Árið 2003 hófst fornleifauppgröftur á tanganum við Kolkuós sem liggur við árosinn, á milli sjávar og árinna. Henni lauk sumarið 2012 og var meginmarkmið hennar að bjarga minjum á tanganum frá skemmdum af völdum vindrofs og landbrots. Ljóst er að í Kolkuósi hefur verið höfn frá 10 öld. og hefur rannsóknin m.a. leitt í ljós að þar hafi verið þaulskipulagt athafnasvæði með fjölda búða sem tengdust um götu sem lá um tangann. Landbrot er mikið

<sup>28</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar V*, 358.

<sup>29</sup> *Skagafirðingabók 12. bindi*, 13-14.

<sup>30</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar V*, 355.

<sup>31</sup> Sama, 362.

<sup>32</sup> Sama, 369.

<sup>33</sup> 2012 nr. 80 [www.althingi.is](http://www.althingi.is). Skoðað þann 13.01.13.

<sup>34</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Viðvík nr. 19, bls. 141.

við Kolkuós og hefur sjórinn á hverju ári á meðan á rannsókn stóð sorfið burtu eitthvað af rannsóknarsvæðinu.<sup>35</sup>

Ekki verður tíundað frekar um sögu Kolkuóss hér en bent er á ítarlega umfjöllun í Byggðasögu Skagafjarðar V. bindi, 354-369 og á Hólarannsóknina en fornleifarannsókn í Kolkuósi hefur verið undir hennar stjórn. Heimasíða rannsóknarinnar er [www.holar.is/holarannsoknin](http://www.holar.is/holarannsoknin).

Í fornleifaskráningu Kolkuóss fá minjarnar hlaupandi númer eins og aðrar minjar í skýrslunni en innan sviga eru númer úr skýrslunni *Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð* sem kom út 2007.

## Fornleifaskráning



Mynd 7. Myndin var tekin 1982 neðan úr fjöru og þá þegar hefur brotið það mikið af landi að fjárhúsin liggja alveg fram á brekkubrúninni. Ljósmynd: Hjalti Pálsson.



Mynd 8. Myndin tekin ofan við fjárhúsin árið 2006. Þá eru veggir að miklu leyti niður brotnir.

### Kolkuós (146414 – 33)-11

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Grunnur

**Hættumat:** Mikil hættu. Hluti minjanna er þegar farinn í sjó vegna landbrots.

#### Staðhættir

Um 330 m suðvestur af íbúðarhúsinu í Kolkuósi er steypur grunnur fjárhúss. Grunnurinn stendur fremst á sjávarbakkanum.

#### Lýsing

Grunnurinn er að ummáli 21x8m og liggur frá norðaustri til suðvesturs. Veggir eru að mestu fallnir en veggur mót norðvestri og norðri stendur að hluta. Bárujárn og timbur er í grunninum. Leifar húsanna teljast ekki til fornleifa en þær eru skráðar hér sem hluti af byggðaleifum í Kolkuósi.

<sup>35</sup> Ragnheiður Traustadóttir o.fl., 4-8.



## Kolkuós (Kolkuós 146414 – 8)-12

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Á túnakorti eru sýnd tvö tún, annað umhverfis bæinn. Við hitt túnið er sýndur matjurtagarður. Samkvæmt heimildamanni voru tveir matjurtagarðar í Kolkuósi. Kartöflugarður var í brekkunni ofan fjóssins og rabarbaragarður var norðan við fjárhúsin sem eru við Þjófadali.

### Lýsing

Samkvæmt Kristínu Sigurmonsdóttur (Munnleg heimild, 2006) var rabarbaragarðurinn um 100m norðaustur af fjárhúsunum, í skorningi og snéri hann mót suðri. Þegar skráning fór fram var mjög mikill gróður á svæðinu og sást garðurinn ekki en hnit voru tekin af loftmynd samkvæmt lýsingu Kristínar.



## Kolkuós (146414 – 9)-13

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var kartöflugarður suður af sláturhúsinu, sem síðar var notað sem fjárhús.

### Lýsing

Hann er horfinn en punktur tekinn samkvæmt lýsingum heimildarmanna.

## Kolkuós (146414-22)-14

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Í viðtali við Marteín Steinsson segir: „Það var mótekja í fjöruborðinu framan við Kolkuós, rétt þar sem bátarnir lentu.“ (Úr viðtali við Marteín Steinsson, 2). Kristín Sigurmonsdóttir (Munnleg heimild, 2006) sem ólst upp í Kolkuósi sagði að fyrst hefði

þurft að moka ofan af mónum. Hann var beinhardur og margar stungur og var þetta úrvals mór.

### Lýsing

Fyrst var mórinn tekinn sunnan við tangann en síðar færðist mótekjan suður eftir og mór var tekinn vestan við sláturhúsin.

### **Aðrar upplýsingar**

Marteinn sagði jafnframt: „Þar var hægt að taka mó á stórstraumsfjöru, tvær þrjár stungur og þurfti að ryðja möl ofan af. Marteinn man þar eftir móhraukum. Ekki var þó hægt að sinna þessu nema skamman tíma, því hætta varð þegar flæddi aftur.“ (Úr viðtali við Marteinn Steinsson, 2).

### **Kolkuós (146414 – 7)-15**

**Sérheiti:** Geitaskáli

**Hlutverk:** Geitahús

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Um 15m suðaustur af íbúðarhúsinu virðist vera hleðsla.

**Lýsing**

Ógreinileg hleðsla, um 5m löng er ofan eða suðaustan við þar sem gamla fjósið stóð og gæti verið um að ræða leifar Geitaskálans sem er löngu búið að rífa.

**Aðrar upplýsingar**

Í viðtali við Marteinn Steinsson segir: „Íbúðarhúsið kemur svo næst í röðinni, en síðan fjósið. Geitakofi stóð austur og ofar í brekkunni. Hartmann hafði um tíma geitur. Kofinn var kallaður Geitaskáli.“ (Viðtal við Marteinn Steinsson, 1).

### **Kolkuós (14614-32)-16**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Grunnur

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Austur af íbúðarhúsinu er grunnur fjóssins.

**Lýsing**

Fjósið hefur verið rífið en sjá má móta fyrir steinsteyptum grunni þess, um 9x9m að ummál.

**Aðrar upplýsingar**

Í viðtali við Marteinn Steinsson segir: „Íbúðarhúsið kemur svo næst í röðinni, en síðan fjósið. Geitakofi stóð austur og ofar í brekkunni. Hartmann hafði um tíma geitur. Kofinn var kallaður Geitaskáli.“ (Viðtal við Marteinn Steinsson, 1).

## Kolkuós (146414 – 5)-17



**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjunum stafar sérstaklega hætta vegna landbrots af völdum Kolku en tóftin er jafnframt um 80m frá sjó þar sem að landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Tæplega 60m í norðvestur frá íbúðarhúsinu í Kolkuósi er fjárhústóft.

**Lýsing**

Tóftin stendur fremst á árbakkanum við Kolku og er áin farin að brjóta af henni. Hún er tvískipt, um 20x7m að utanmáli, með hlöðu til suðurs. Til norðurs eru nokkuð háar veggjahleðslur um 1.6m, úr torfi og grjóti. Vesturvegg tóftar

vantar alfarið. Í hlöðutóftinni eru veggir töluvert lægri og virðist sá hluti tóftar vera heldur meira niðurgrafinn. Hlöðutóftin er vel gróin en sér í nokkra stóra steina, líklega úr veggjahleðslum. Erfitt er að greina innveggi nákvæmlega en þó virðist vera einn veggur fyrir miðju tóftar. Hæð um 80sm frá gólfi og mesta breidd veggja er 1m.

**Aðrar upplýsingar**

Fjánhúsin voru í eigu Ásgríms, föður Hartmanns, um þau segir í lýsingu Marteins Steinssonar: „Þarna norðan á taglinu er mér sagt að grjót hafi verið tekið 1918, þegar allur fjörðurinn var lagður og samfrostu og var ekið heim að kofanum, sem er á hæðinni út við ána í Kolkuósi. Þetta voru fjárhúsin Ásgríms gamla” (Viðtal við Martein Steinsson, 2-3). Heimildamaður getur þess að við torfhúsin hafi verið byggð hlaða úr bárujárnri og hesthús fyrir 4 hesta.



Mynd 9. Fjánhúsin sjást lengst til vinstri á mynd á bak við íbúðarhúsið og hvítahúsið hefur þá verið hesthús og hlaða sem byggð voru úr bárujárnri fyrir 4 hesta. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga (öll afritun myndarinnar er óheimil).

## Kolkuós (146414 – 6)-18

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Hætta. Minjunum stafar hætta af landbroti bæði af völdum Kolku og sjávar.

**Staðhættir**

Um 55 m norður af íbúðarhúsinu og um 17m vestur af fjárhúsi (146414-5) er upphækkun eða lágur hóll.

**Lýsing**

Ummál hólsins er 10x6m, hann er algróinn en engin veggjalög sjást á honum. Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var af Douglas Bolender fyrir Hólarannsóknina árið 2002 eru mannvistarleifar á þessu svæði, hugsanlega allt frá 11. öld (Bolender, 2003).

### Aðrar upplýsingar

Á ljósmynd í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga má sjá hús á þessum slóðum sem talið er vera íbúðarhús Tómasar Ísleikssonar og Guðrúnar Jóelsdóttur (Byggðasaga Skagafjarðar V, 359) sem reist var 1891 (Byggðasaga Skagafjarðar V, 355).

### Kolkuós (146414 – 12)-19

**Hlutverk:** Verslunarstaður

**Tegund:** Mannvistarleifar

**Hættumat: Mikil hættu.** Fornleifauppgröftur hefur farið fram á tanganum undanfarin ár en þar áður hafði töluvert brotið af honum. Meiri hluti þeirra minja sem þarna voru eru annað hvort farnar í sjó eða búið að grafa þær upp.

### Staðhættir

Í sýslu- og sóknalýsingum frá 1843 segir: „Upp í Kolbeinsárós lögðu fornmenn skipum sínum og höfðu þar kaupstún sunnan árinna á tanga eigi miklum, er til norðurs veit. Sér þar enn aurmál tófta og væri hið fegursta og að líkindum óhultasta kaupstaðarstæði við Skagafjörð” (Sýslu- og sóknalýsingar I, 125).

### Lýsing

Töluvert af minjum á tanganum við Kolkuós er þegar farið í sjó og landrof er þarna mikið vegna ágangs sjávar. Fornleifauppgröftur hefur staðið yfir á tanganum frá árinu 2003, en auk þess var, sumarið 2005, gerð neðansjávarransókn sunnanvert við Elínarhólma. Fram hafa komið mannvirkjaleifar á tanganum s.s. búða og smiðju en einnig hafa komið þar fram vísbendingar um jarðhús og jafnvel gröf úr heiðnum sið. Neðansjávarransóknin leiddi í ljós með óyggjandi hætti að skipalægi hefur verið sunnan Elínarhólma en tvö akkeri fundust við rannsóknina. Fyrir frekari upplýsingar er vísað í rannsóknir Hólarannsóknarinnar <http://www.holar.is/holarannsoknin/>. Uppgreiftrinum lauk sumarið 2012.

### Kolkuós (146414 – 17)-20

**Sérheiti:** Verslunarhúsnæðis

Knudsen

**Hlutverk:** Verslun

**Tegund:** Þúst

**Hættumat: Hættu.**

Minjarnar eru innan við 30m frá sjó þar sem landbrot er töluvert.

### Staðhættir

Um 30m norður af íbúðarhúsinu er nálega ferhyrnt upphækkun eða þúst um 8,5x7 m að utanmáli.

### Lýsing

Hóllinn er algróinn og snýr norður/suður. Engin grein-anleg veggjalög sjást og er

mögulega um að ræða grunn af verslunarhúsi. Mögulega er um að ræða eitthvert af þeim



Mynd 10. Grunnur verslunarhúsnæðis til vinstri og á bakvið sér í íbúðarhúsið í Kolkuósi sem nú er verið að endurgera.



þremur verslunarhúsum sem risu í Kolkuósi fyrir aldamótin 1900 og miðað við ljósmynd nr. 11 gæti þetta verið húsið fyrir miðju sem ritari Byggðasögu telur vera verslunarbúð Knudsens kaupmanns á Sauðárkróki og síðast í eigu Pöntunarfélags Viðvíkurhrepps. Það var rífið um eða upp úr 1920 (Byggðasaga Skagafjarðar V, 359).

#### **Aðrar upplýsingar**

„Um aldamótin 1900 voru þrjú verslunarhús í Kolkuósi í eigu kaupmanna sem höfðu þar útibú frá aðalverslunarstöðum sínum á Sauðárkróki, Hofsósi og Grafarósi en versluðu hér einungis í kauptíðum vor og haust. Þessi hús voru ekki stór en byggð með risi. Verslun var á neðri hæð en starfsfólk svaf á loftinu. Húsin hafa líklega öll verið byggð á tínda áratug aldarinnar og mun hið síðasta þeirra hafa verið rífið um 1920.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 360).



Mynd 11. Lengsti til vinstri gæti verið sölubúð Popps kaupmanns á Sauðárkróki sem talið er hafa verið flutt í Grafarós, verslunarbúð Knudsen kaupmanns á Sauðárkróki fyrir miðju? og lengst til hægri er verslunar Hartmanns (Byggðasaga Skagafjarðar V, 359). Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga (öll afritun myndarinnar er óheimil).

#### **Kolkuós (146414 – 13)-21**

**Sérheiti:** Verslun V. Claessen

**Hlutverk:** Verslun

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Þann 14. júní 1895 var mæld upp lóð í Kolkuósi fyrir V. Claessen kaupmann á Sauðárkróki, fékk hann úthlutað svæði fyrir austan Poppslóð, upp með Kolku um 25 álnir og til suðurs 80 álnir og þaðan réttisýni í vestur til lóðar Stefáns verslunarstjóra Jónssonar (Dómsmálabók Skagafjarðarsýslu, 14. júní 1895).

#### **Lýsing**

Punktur í skýrslu er tekinn af loftmynd eftir ljósmynd frá því um aldamótin 1900. Gera má ráð fyrir allt að 40m skekkju. Svólítið upphækkun er á þessum stað sem gætu verið leifar af grunni eða kjallara en ekki er hægt að fullyrða það nema með frekari rannsókn.

#### **Aðrar upplýsingar**

Kristín Sigurmons dóttir sem ólst upp í Kolkuósi man eftir tveimur húsgrunnum sem síðar var fyllt uppi og þar var síðar hægt að slá.

#### **Kolkuós 146414 – 14-22**

**Sérheiti:** Verslun L. Popps

**Hlutverk:** Verslun

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

L. Popp kaupmaður á Sauðárkróki fékk útmælda lóð 15. júní 1889. Að hans ósk fékk hann lóð frá sjávarmáli og til austurs upp með Kolku, 40 álnir og til suðurs 55 álnir í ferhyrning aftur til sjávar. Samtals 2200 álnir (Dómsmálabók Skagafjarðarsýslu, 15. júní 1889).

### **Lýsing**

Punktur var tekinn af loftmynd eftir ljósmynd sem tekin var í Kolkuósi um 1900. Gera má ráð fyrir allt að 40m skekkju. Svolítið upphækkun er á þessum stað sem gætu verið leifar af grunni eða kjallara en ekki er hægt að fullyrða það nema með frekari rannsókn.

### **Aðrar upplýsingar**

Verslunarbúð Knudsen varð síðar verslun Sæmundar Sigfússonar og 1920 keypti Viðvíkurhreppur húsið af Pöntunarfélagi Skagafjarðar og var það flutt að Læk, stækkað og notað fyrir barnaskóla og fundi (Skagfirðingabók 12. bindi, 15). Kristín Sigurmons dóttir sem ólst upp í Kolkuósi man eftir tveimur húsgrunnum sem síðar var fyllt uppí og þar var síðar hægt að slá (Munnleg heimild, 2006).

### **Kolkuós (146414 – 19)-23**



Mynd 12. Verslun Hartmanns er annað hús frá vinstri. Myndin er tekin fyrir 1940. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga (öll afritun myndarinnar er óheimil).

**Sérheiti:** Verslun Hartmanns Ásgrímssonar

**Hlutverk:** Verslun

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Þar segir einnig: „Þegar verzlunarfélagi Hartmanns og Einars í Brimnesi lauk, hófust miklar framkvæmdir í Kolkuósi. Árið 1903 var reist hús yfir verzlunina og sama ár var byggð neðri hæð íbúðarhúss yfir kjallara og efri hæð á næsta ári. Verslunarhúsið var timburhús, og er það ekki lengur til. Íbúðarhúsið stendur enn og er hið reisulegasta; timburhús á hlöðnum kjallaraveggjum.“(Skagfirðingabók 12. bindi, 15). Verslun Hartmanns var norðvestan við

íbúðarhús hans þar sem nú er keyrt niður á milli íbúðarhúss og sláturhúss. Samkvæmt heimildamanni var verslunarhúsið rífið eftir 1940.

### **Lýsing**

Punktur var tekinn af loftmynd eftir ljósmyndum frá Kolkuósi.

### **Nánari lýsing**

Í lýsingu Marteins Steinssonar segir um verslunina: „Á miðri mynd er búðin Hartmanns á tveim hæðum. Verzlað var á neðri hæðinni, en uppi var geymsla fyrir varning og lúga norðan á húsinu. Það var Jón Árnason frá Kambi, sem byggði bæði íbúðarhúsið og búðina” (Viðtal við Martein Steinsson, 1).

### **Kolkuós (146414 – 18)-24**

**Sérheiti:** Verslun Einars Jónssonar og Hartmanns Ásgrímssonar

**Hlutverk:** Verslun

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

7. ágúst 1897 var mæld út lóð handa Einari Jónssyni bónda í Brimnesi (líklegt er að þar sé um að ræða sameiginlega verslun Einars og Hartmanns). Samkvæmt beiðni fékk hann útmælda lóð, réttthyrdan ferhyrning, austur- og vesturhliðar 30 álnir en norður- og suðurhliðar 45 álnir (Dómsmálabók Skagafjarðarsýslu, 7. ágúst 1897).

### **Lýsing**

Um staðsetningu segir í Byggðasögu Skagafjarðar: „[...] hús sem þeir reistu norðaustan við verslunarhúsin, úti við Ósinn. Þar hafðist Hartmann við með fólki sínu meðan íbúðarhúsið var í byggingu.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 360).

### **Nánari lýsing**

Í Skagfirðingabók segir: „Árið 1901, þegar Hartmann flutti heimili sitt að Kolkuósi og hóf þar verzlun, var Einar Jónsson bóndi og hreppsstjóri í Brimnesi í félagi við hann með verzlunina. Einar átti Margréti Símonardóttur, systur Kristínar í Kolkuósi.

Árið 1891 var kirkjan að Miklabæ í Óslandshlíð lögð niður, og litlu síðar f auk hún eða skekkist á grunni, og þar á eftir var hún rifin. Þeir Hartmann og Einar í Brimnesi keyptu grindina, fluttu hana til Kolkuóss, klæddu hana og settu þak á og hófu verzlun í því húsi. En þessi félagsverzlun stóð ekki nema eitt ár. Þá var kirkjugrindin flutt að Brimnesi, þar sem byggt var utan um hana, og stóð hún þar lengi síðan sem geymsluhús” (Skagfirðingabók, 15).

### **Ferjustaður og lendingar**

### **Kolkuós (146414 -10)-25**

**Sérheiti:** Kolbeinsárós/Kolkuós

**Hlutverk:** Lending?

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Ós Kolbeinsár (Kolku) sem rennur milli Kolkuósslands og Melstaðar var höfn frá landnámi og fram yfir aldamótin 1900 þó ekki samfleytt. Í ritgerð Jóns Árna Friðjónssonar segir: „Kolbeinsárós er stærsti árósin í innanverðum Skagafirði, að frátöldum sjálfum Héraðsvatnaósunum. Meðan tíðkaðist að fleyta skipum upp í árósa og leggja þeim þar hefur

Þessi staður sennilega verið mjög hentugur. Að sunnanverðu er dálítill tangi sem skilur ósinn frá hafi. Þar er enn grasi vaxin jarðvegstorfa á lágum klöppum en mjög eydd þeim megin er veit til sjávar. Í rofinu má greina öskuleifar og bein sem brotin hafa verið til mergjar svo að augljóst er að hér er um að ræða leifar af fornum öskuhaug. Innan við klappirnar er alldjúpur og lygn pollur meðfram tiltölulega sléttri klöpp; þar má vissulega leggja að litlu skipi til að losa eða ferma. En í krikanum fyrir enda klappanna er dálítill vík með leirbotni og fjöru þar sem mætti draga sæmilegustu farmaskip eða jafnvel miðlungsknörr á þurrt.” (Jón Árni Friðjónsson, 38).

### **Lýsing**

Punktur var tekinn austan við tangann í Kolkuósi. Vegna landrofs, bæði vegna ágangs sjávar og framburði úr jökulánum breytist landslag hratt við Kolkuós og eru forsendur nú allt aðrar en þegar þarna var höfn.

### **Aðrar upplýsingar**

Kolbeinsáróss er víða getið í heimildum og fornritum sem hafnar. Jón Árni Friðjónsson telur að skipum hafi að minnsta kosti verið lent í honum á 13. og 14. öld. Á 15. og 16. öld voru skip orðin of stór til að þeim gæti verið lent í ósnum sjálfum (Jón Árni Friðjónsson, 39). Neðansjávarrannsóknir hafa sýnt fram á að ólíklegt sé að skipum hafi verið lagt innan við áróšana, nema í undantekningartilvikum, á 13. og 14. öld þar sem mjög grunnt er þar. Víkingaskip ristur grynna og því hefur verið möguleiki að fara á þeim inn á ósinn á flóði (Munnleg heimild: Ragnheiður Traustadóttir október 2006).

## **Kolkuós (146414 – 11)-26**

**Sérheiti:** Elínarhólmi

**Hlutverk:** Lending

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Elínarhólmi er lítill hólmi í sjónum vestan við Kolkuós. Í sjónum er klapparhryggur milli Elínarhólma og Tanga, framan við Kolkuós. Í grein eftir Björn Emilsson kemur fram að kaupskip hafi legið suðvestan við Elínarhólma í tíð Hartmanns Ásgrímssonar á því miði, að vesturjaðar Elínarhólma bar í Hofsós (18). Í ritgerð sinni um hafnir Hólastaðar telur Jón Árni Friðjónsson að skipum hafi verið lagt við Elínarhólma á 15. og 16. öld þegar skip voru orðin stærri og fullkomnari en skip 13. og 14. aldar sem sennilega hefur verið lagt inn í ósinn sjálfan (Jón Árni Friðjónsson, 39). Neðansjávarrannsóknir hafa sýnt fram á að ólíklegt sé að skipum hafi verið lagt innan við áróšana, nema í undantekningartilvikum, á 13. og 14. öld þar sem mjög grunnt er þar. Víkingaskip ristur grynna og því hefur verið möguleiki að fara á þeim inn á ósinn á flóði (Munnleg heimild: Ragnheiður Traustadóttir, október 2006).

### **Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni var bátum á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. lagt sunnan við hólmann og fór uppskipunarbátur á milli með vörur og var þá smá bryggju rennt út í fjöruna við Kolkuós.

Neðansjávarkönnun sem gerð var við hólmann sumarið 2005 leiddi í ljós með óbyggjandi hætti að hafskip hafa lagt upp í skjóli við hólmann allt frá fornu fari en fornar akkerisleifar fundust þar á sjávarbotni. Auk þess eru minjar í eyjunni, ógreinileg tóftarbrot en þau voru ekki skráð 2006.



**Kolkuós (146414 – 21)-27****Hlutverk:** Ferjustaður**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í sýslu- og sóknalýsingum frá 1843 segir: „Ferjustaður er á ánni niður við ósinn, frá Marbæli í Óslandshlíð” (Sýslu- og sóknalýsingar II, 125).

**Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni Kristínu Sigurmonsdóttur var ferjað yfir ósinn á pramma. Síðar kom kláfur yfir ósinn sem slitnaði 1941 og drukknuðu 2 menn. Nákvæmt staðsetning er óþekkt (Munnleg heimild, 2006).

## Melstaður-söguágrip

Melstaður er nýbýli úr Óslandi, byggt árið 1925: „Gekk þá allstórt land frá Óslandi til þess býlis, svo sem allt Óslandsnesið og sneið sunnan af landi jarðarinnar upp til fjalls, en sameiginleg beit í fjallinu.“<sup>36</sup>

Í jarðamati 1709 segir um Ósland: „Heimræði er um hausttíma alleina, og þó því eins og fiskur gáangi grunt inn í Skagafjörð.“<sup>37</sup> Um Ósland segir í fasteignamati frá 1916-18: „Fjöru beit nokkur. [...] Jörðin hefur talsverð hlunnindi af silungs og síldarveiði.“<sup>38</sup>

## Fornleifaskráning



Mynd 13. Tóftirnar við fjöruna.

### Melstaður-28

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftirnar liggja alveg niður við fjöru rétt um 30m frá sjó þar sem landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Á Búðanesi (Óslandsnesi) við Kolkuárósa, rúmlega 700m suðvestur af bæ eru tóftir.

**Lýsing**

Nyrðri tóftin er 5,5x13m að utanmáli og liggur norðaustur-

/suðvestur og er hún opin til beggja enda. Hún skiptist í 4 hólf en óljóst er hvort innangengt hafi verið á milli þeirra. Veggir eru grasi og mosa grónir og virðast þeir á einhverjum tíma hafa rofnað en gróið aftur yfir. Þeir eru mest um 50sm háir og tæplega 2m á breidd.

### Aðrar upplýsingar

Óslandskrókur, fjara undir Óslandsbakka, þaðan útræði. Óslandsnes þar suður af. Búðanes, vestasti tanginn af nesinu, vestur við Kolbeinsá, sagt að fornmenn hafi haft þar vetraruppsátur fyrir skip sín, hlaðið þar skipanaust. (Ö-Ósland, 2-3).

<sup>36</sup> Ö-Ósland, 2.

<sup>37</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 233.

<sup>38</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Ósland nr. 43, bls. 106-107. Skoðað þann 09.01.2013.



### Melstaður-29

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftirnar liggja alveg niður við fjöru rétt um 30m frá sjó þar sem landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Á Búðanesi (Óslandsnesi) við Kolkuárósa, rúmlega 700m suðvestur af bæ eru tóftir.

**Lýsing**

Syðri tóftin er 10x13m að utanmáli og hún liggur austur/vestur og hafa dyr snúið mót vestri (til sjávar). Hún skiptist í fjögur hólf, þrjú að vestan en eitt austan við. Veggir eru grasi grónir og mest 60sm háir og rúmlega 1m á breidd. Veggir virðast einhvern tímann hafa rofnað en gróið yfir þá aftur. Framan eða vestan við tóftina er ógreinileg minni tóft, 2x3m að utanmáli.

### Melstaður-30

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftirnar liggja alveg niður við fjöru rétt um 30m frá sjó þar sem landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Á Búðanesi (Óslandsnesi) við Kolkuárósa, rúmlega 700m suðvestur af bæ eru tóftir.


**Lýsing**

Framan eða vestan við tóft nr. 29 er ógreinileg minni tóft, 2x3m að utanmáli. Veggir eru mest um 30sm háir, 1m á breidd og grasi grónir. Tóftin er alveg opin til vesturs.





Mynd 14. Tóftir húsmannsbýlisins Búðarness liggja neðan við hólinn, vinstra megin við bílinn á myndinni. Lengst til vinstri má sjá vegslóða sem liggur upp á hólinn og er sjávarbakkinn kominn alveg að slóðanum. Horft er til norðvesturs.



### Melstaður-31

**Sérheiti:** Búðarnes

**Hlutverk:** Húsmannsbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Tóftin liggur skammt frá sjó þar sem landbrot er nokkurt.

#### Staðhættir

Suður undir svonefndri Óslandsbakkabrekku, tæplega 500m VSV af bænum er tóft.

#### Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur undir brekku frá austri til vesturs, 7x13m að utanmáli. Veggir eru grónir en brúnir þeirra rofnar og sér í grjót á nokkrum stöðum. Þeir eru lágir eða mest um 30sm og 1m á breidd. Tóftin er aðeins um 1m frá túngirðingu og hefur sjórinn borið grjót alveg upp að girðingunni.

#### Aðrar upplýsingar

„Í Óslandsnesinu sunnan undir Óslandsbakkabrekku var byggt húsmannsbýli af Bjarna Jóhannssyni. Bjó hann þar um nokkur ár og kallaði býlið Búðarnes. Fór það svo í eyði, enda fylgdi þar engin grasnyt eða önnur hlunnindi.“ (Ö-Ósland, 3).



Mynd 15. Óslandskrókur í október 2012. Einu minjar um útræði eru leifar nausts sem sést á myndinni. Horft er út með ströndinni til norðurs.



Mynd 16. Myndin er tekin í Óslandskróki árið 1977 af Hjalta Pálssyni. Birt með leyfi.

### **Melstaður-32**

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hættu.** Þegar hefur brotið af tóftinni sem liggur neðst í rofinni brekku.

#### **Staðhættir**

Óslandskrókur heitir þar sem merkin milli Óslands og Melstaðar eru. Í honum, neðarlega í brekku, um 230m norðvestur af bænum er tóft eða leifar tóftar.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur fram á rofbakka og er um 1m hæð niður í fjöruna. Það hefur brotið af henni til vesturs. Hún er byggð inn í brekkuna til austurs og eru veggir mest um 80sm háir og 1m á breidd. Þeir eru grónir en þó sér í grjót og að líkindum hafa veggir að mestu verið úr grjóti.

#### **Aðrar upplýsingar**


Í örnefnaskrá segir: „Óslandskrókur, fjara undir Óslandsbakka, þaðan útræði.“ (Ö-Ósland, 3).

## Gröf - söguágríp

Gröf kemur fyrst fyrir í Íslendinga sögu Sturlungu frá 1240 er segir frá Álfi Guðmundarsyni í Gröf sem þótti einn af mestu mönnum þar í sveit.<sup>39</sup> Næst er hennar getið í kúgildisskrá Hólastaðar frá 1449.<sup>40</sup> Í manntali 1703 eru 25 skráðir til heimilis í Gröf, en ásamt húsmóðurinni Ragnheiði Jónsdóttur og vinnufólki er fjöldi fóstur- og uppeldisbarna skráður. Árið 1855 virðist jörðin í eyði en annars eru um 10-20 manns í heimili á 19. og fram á 20. öld.<sup>41</sup>

Í jarðamati frá 1709 segir: „Heimræði er gagnvænt á sumur og haust, þá fiskur gengur grunt á Skagafirði. Rekavon lítil.“<sup>42</sup>

## Fornleifaskráning



### Gröf-33

**Hlutverk:** Óþekkt, fjárhús, beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hættu.

### Staðhættir

Lækjargil heitir gil niður við sjó þar sem að bæjarlækurinn frá Gröf rennur til sjávar. Á bökkum gilsins, bæði að norðan og sunnan eru minjar.

### Lýsing

Sunnan Lækjargils er tóft sem liggur austur/vestur, 7x12m að utanmáli. Mikill

gróður er á og í kringum tóftina og því erfitt að greina útlínur nákvæmlega en hún virðist skiptast í tvö eða fjögur hólf, dyr mót vestri og innangengt á milli þeirra tveggja hólfanna sem eru greinileg. Veggir eru grasi grónir, mest um 60sm háir og rúmlega 1m á breidd.

<sup>39</sup> *Sturlunga I*, 443.

<sup>40</sup> *Íslenskt Fornbréfasafn V*, 37.

<sup>41</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/). Skoðaður þann 26.02.2013.

<sup>42</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 238.



### Gröf-34

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.



#### Staðhættir

Sunnan Lækjargils er minna gil eða skorningur og sunnan þess er tvískipt tóft.

#### Lýsing

Tóftin er 4x10m að utanmáli og snýr austur/vestur og hefur dyr eða hlið snúið til vesturs og innangengt verið á milli

hólfa. Veggir eru algrónir og mikill gróður á og við tóftina. Þeir eru þýfðir, um 30sm háir og mest um 1m á breidd. Útlitið minjanna bendir helst til að þetta sé stekkjartóft með kró til austurs og rétt til vesturs. Það er þó ekki hægt að fullyrða um það vegna mikil gróðurs.



### Gröf-35

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Engin hætta.

#### Staðhættir

Sunnan Lækjargils er minna gil eða skorningur og á suðurbakka þess er þúst

#### Lýsing

Þústin er 2x4m að utanmáli, um 40sm há og snýr austur/vestur. Mikil sína veldur því að erfitt er að segja til um hlutverk en

þústin virðist manngerð, mögulega leifar mannvirkis.

### Gröf-36

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst


**Hættumat:** Engin hætta.

#### Staðhættir

Sunnan Lækjargils er minna gil eða skorningur og um 20m suður af því er aflöng þúst eða upphækkun.

#### Lýsing

Þústin er 4x13m að utanmáli og um 60sm á hæð. Vegna mikils gróðurs er erfitt að greina nákvæmlega útlit tóftar og engin veggjalög eru greinanleg en þústin virðist engu að síður manngerð.



### Gröf-37

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst/Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Sunnan Lækjargils er minna gil eða skorningur og um 20m suður af því eru þústir eða veggjalög.

**Lýsing**

Vegna mikils gróðurs er erfitt að greina lögun og útlit en þó virðist vera um mannvirki að ræða.

Um er að ræða þúst, 5x6m að utanmáli og sunnan hennar mögulega veggi eða vegg sem liggur í boga. Hvorutveggja er algróið grasi og 40-60sm hátt. Garðlag eða veggur gæti einnig verið vestan við tóftina, afar ógreinilegt.

### Gröf-38

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst/garðlag

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Sunnan Lækjargils er minna gil eða skorningur og um 15m suður af því meint garðlag eða þúst.

**Lýsing**

Meint garðlag er greinanlegt á um 20m kafla, algróið grasi og mikilli sinu en virðist vera manggert. Það er um 50sm hátt.

### Gröf-39

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Á norðurbakka Lækjargilsins eru tvær þústir sem virðast mögulega manngerðar.

**Lýsing**

Austari þústin er 1,5x3m að utanmáli og um 50sm há.

### Gröf-40

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Á norðurbakka Lækjargilsins eru tvær þústir sem virðast mögulega manngerðar.

**Lýsing**

Vestari þústin er 2x6m að utanmáli, algróin og engin veggjalög eru greinanleg, hún er um 40sm há.



## Grafargerði-söguágrip



Mynd 17. Horft niður í vesturenda Skipagils þar sem það opnast til sjávar. Fyrir miðri mynd, hægra megin við húsið sést í grjóthlaðna vegg tóftar sem er horfin í dag en þar mun hafa verið fiskhjallur. Eins er sjóbúðin að mestu horfin. Myndin er frá því um 1950. Mynd í einkaeigu.

Grafargerði kemur fyrst fyrir í jarðabók frá 1709 þar sögð hjáleiga frá Gröf.<sup>43</sup> Jörðin er ekki nefnd í manntali frá 1703 og virðist í eyði 1855 en annars eru íbúar frá 5-12 manns á 19. og 20. öld.<sup>44</sup> Kaupúnið Grafarós stóð í landi Grafar niður við sjó og þar var verslunarstaður frá 1835-1915.<sup>45</sup>

Í jarðamati frá 1709 segir: „Aðrir jarðar kostir og ókostir óskiftir við heimabónda, sem nú er landsdrottinn.“<sup>46</sup>


<sup>43</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 238.

<sup>44</sup> Manntals vefur Þjóðskjalasafn Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/). Skoðaður þann 27.02.13. Stafræn manntöl eru frá 1703, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901, 1910.

<sup>45</sup> *Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu IV*, 46.

<sup>46</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 239.

## Fornleifaskráning



### Grafargerði-41

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Um 360m norðan merkja milli Grafar og Grafargerðis er nokkuð djúpt gil við sjóinn sem nefnist Skipagil. Á suðurbakka þess er tóft og garðlög.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt, 4x6m að utanmáli og snýr austur/vestur.

Dyr eða hlið er á eystra hólfinu og snúa til suðurs. Veggir eru 20-40sm háir, grasi grónir og um 1m á breidd. Mikill gróður er á tóftinni og erfitt að greina lögun nákvæmlega.

### Grafargerði-42

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Um 360m norðan merkja milli Grafar og Grafargerðis er nokkuð djúpt gil við sjóinn sem nefnist Skipagil. Á suðurbakka þess er tóft og garðlög.

**Lýsing**

Garðlagið liggur í vinkel, annar hlutinn liggur austur/vestur og er um 14m langur en hinn er frá norðri til suðurs, 9m á lengd. Garðlögin minna helst á matjurtagarð eða hluta matjurtagarðs sem hefur snúið mót suðri.

### Grafargerði-43

**Hlutverk:** Sjóhús

**Tegund:** Grunnur?

**Hættumat:** Hætta.


Vegna landbrots.

**Staðhættir**

Á ljósmynd úr Skipagili frá því um miðja 20. öld er sjóbúð úr timbri.

**Lýsing**

Sjóbúðin sjálf er horfin en tveir timburflekar og járnör, mögulega leifar af húsgrunni, eru þar sem húsið stóð.



**Grafargerði-44****Hlutverk:** Leið**Tegund:** Vegslóði**Hættumat:** Hætta. Vegna landbrots.**Staðhættir og lýsing**

Slóði liggur niður í Skipagil að sunnanverðu, um 2m á breidd.

**Horfnar minjar****Grafargerði-45****Hlutverk:** Hjallur**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á ljósmynd úr Skipagili sést í tóft sem að líkindum er hlaðin úr torfi og grjóti. Hún liggur neðst í gilinu að sunnanverðu og þar mun hafa verið fiskhjallur.

**Lýsing**

Tóftin fannst ekki við vettvangsskráningu og er að líkindum horfin vegna landbrots.

## Grafarós-söguágrip



Mynd 18. Horft er til suðurs yfir verslunarstaðinn Grafarós. Tóftirnar eru sitthvoru megin við veg sem lá niður í fjöru.

Kauptúnið Grafarós stóð í landi Grafargerðis niður við sjó og þar var verslunarstaður frá 1835-1915.<sup>47</sup> Áður hafði einungis verið verslun í Hofsósi, allt frá 16. öld þegar talið er að verslun hafi flust úr Kolkuósi til Hofsóss.<sup>48</sup> Húsin sem stóðu í Grafarósi voru flest tekin niður og flutt annað.<sup>49</sup>

Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir um Grafargerði: „Stutt og fremur hægt til sjáfar.“<sup>50</sup>

Í sýslu og sóknarlýsingum frá 1839 kemur fram að tvö timburhús séu í Grafarósi en fimm í Hofsósi.<sup>51</sup> Í fornleifaskráningarskýrslu frá 2001 segir: „Þótt verslun hafi lagst af í Grafarósi 1915, var þó búið þar áfram um nokkurra ára skeið. Steinunn Ágústsdóttir, er fædd 1909 í Grafarósi bjó með foreldrum sínum í Hallgrímshúsi til ársins 1915-16, og að sögn hennar bjuggu gömul hjón áfram í torfkofa sem var sjávarmegin, í einhver ár eftir að þau fluttur burt.

<sup>47</sup> *Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu IV*, 46.

<sup>48</sup> *Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu IV*, 178.

<sup>49</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Gröf nr. 45. Skoðað þann 20.02.2013.

<sup>50</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Grafargerði nr. 47. Skoðað þann 20.02.2013.

<sup>51</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar II*, 6.

Þau hétu, Hólmfríður og Árni, og hefur hann líklega stundað sjó [Í manntali 1910 er Steinunn Ágústsdóttir skráð til heimilis að Grafarósi 2 ásamt foreldrum og virðist þá vera tvíbyli í því húsi en þar eru skráðir tveir húsbændur, annarsvegar Stefán Lárusson og Sigurður Ágúst Sigurðsson].

Eftir að byggð lagðist af í Grafarósi voru hlaðin upp fjárhús í tóftum húsanna sem flutt voru burt frá Grafarósi, og hafa hleðslur og/eða undirstöður sem fyrir voru nýst við byggingu fjárhúsanna. En við Grafarós var góð fjörubeit.“ (Katrín Gunnarsdóttir, 8).

1840	1845	1850	1855
Fjöldi íbúa 5	Fjöldi íbúa 6	Fjöldi íbúa 12	Fjöldi íbúa 13
Höndlunarstaður. J. Hannibal Schaldemose. Höndlunarfactor. Skráður assistent 1845.	Höndlunarstaður. C.C. Graa Örum. Factor.	Verslunarstaður. Jacob Holm. Factor.	Christian Ludvig Möller. Factor.
1860	1870	1890	1910
Fjöldi íbúa 13	Fjöldi íbúa 7	Fjöldi íbúa 3	Fjöldi íbúa 19
Verslunarstaður. Christian Ludvig Möller. Verslunarfulltrúi.	Jósef Blöndal. Verslunarstjóri.	Purrabúð Jóhann Jónatansson. Húsbóndi lifir af fiskverkun.	Búið í Grafarósi 1-3.
1920	1935		
Fjöldi íbúa 3	Síðasti ábúandi í Grafarósi, Jón Árnason flyst á brott.		

Tafla 1 Íbúar í Grafarósi úr manntölum frá því laust fyrir miðja 19. öld. Heimild er tekin af Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/). sem skoðaður var 04.02.13. Enginn er skráður í Grafarósi í manntalinu 1901.

### Yfirlit eigendur og sögu verslunar í Grafarósi

1835-1842	C. M. Nisson.
1842-1852	Johan Gudmann og Hinrik William Gudmann.
1853-1859	Firma Sören Jacobsen Sønner.
1861	Jens. F. H. Kron, (rak ekki verslun).
1861-1868	Henderson, Anderson & Co.
1869-1870	Sveinbjörn Jakobsen
1870-1875	Verslunarfélag við Húnaflóa. (Hóf verslun 1872)
1875-1878	Grafarósfélagið.
1878-1879	Gránufélagið og Peterson og Holme (Ráku ekki verslun).
1880- (1897)	L. Popp (Rak ekki verslun).
1897-1903	Carl Ellert Holm.
1903-1912	Gránufélagið
1912-1915	Hinar sameinuðu íslensku verslanir. <sup>52</sup>

Árið 1964 friðlýsti Kristján Eldjárn Höfðann við Grafarós „með öllum minjum um kaupstaðinn Grafarós.“<sup>53</sup>

Í fornleifaskráningu Grafaróss og Hofsóss fá minjarnar hlaupandi númer eins og aðrar minjar í skýrslunni en innan sviga eru númer úr skýrslunni *Grafarós og Hofsóss. Fornleifaskráning*. sem Bygðasafn Skagfirðinga gaf út 2001.

<sup>52</sup> Úr handriti Bygðasögu Skagafjarðar VII. bindi.


<sup>53</sup> Ágúst Ó. Georgsson, 46.



## Fornleifaskráning



Mynd 19. Horft er inn í tóftina til suðurs þar sem má sjá grjóthlaðinn suðurvegginn upp við brekkuna.



### Grafarós-(1)-46

**Hlutverk:** Íshús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja í ágætu skóli undir háum bakka en landbrot virðist vera nokkurt þarna og því eru minjarnar skráðar í hættu.

#### Staðhættir

Í hvammi við Grafará, suður af Grafarósi eru tvennar tóftir sem liggja í skjóli norður undir brekkunni.

#### Lýsing

Austari tóftin er af íshúsi og liggur norður/suður, 5x6m að utanmáli og hafa dyr snúið til norðurs. Veggir eru 40-110sm háir og mest um 1m á breidd, grasi grónir. Suðurveggur er hæstur, hann er hlaðinn úr grjóti upp við brekkuna og sjást hleðslur hans greinilega.

#### Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningarskrá frá 2001: „Þarna var geymsla fyrir beitu, snjó var safnað á veturna og hann síðan geymdur. Veggir voru hafðir mjög þykkir, svo snjórinn bráðnaði ekki, og íshúsið byggt á móti norðri undir hárra brekku þannig að á það skini sem minnst sól.“ (Katrín Gunnarsdóttir, 12-13).

## Grafarós-(2)47



Mynd 20. Horft er til vesturs að tóft nr. 47

norðurs. Veggir eru grasi grónir, 30-60sm háir og um 1m á breidd. Mögulega hafa aðrar dyr verið á austurvegg tóftar í átt að íshústóft nr. 46.

### Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningarskrá frá 2001: „Þegar búið var að beita voru bjóðin geymd í þessu húsi, þangað til að róa átti.“ (Katrín Gunnarsdóttir, 12-13).

**Hlutverk:** Geymsla

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja í ágætu skóli undir háum bakka en landbrot virðist vera nokkurt þarna og því eru minjarnar skráðar í hættu.

### Staðhættir

Í hvammi við Grafará, suður af Grafarósi eru tvennar tóftir sem liggja í skjóli norður undir brekkunni.

### Lýsing

Vestari tóftin er 4x4m að utanmáli, snýr NNA/SSV og hafa dyr snúið til

## Grafarós-(8)-48

**Hlutverk:** Óþekkt, verslun, þvottahús?

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Mikil hætta.**

Minjunum stafar bæði hætta af landbroti vegna sjávar og vegna vatnsfalls sem rennur norðan hennar. Minjarnar hafa þegar orðið fyrir hnjaski af völdum landbrots.

### Staðhættir

Nyrst á höfðanum, fram á árbakka er húsgrunnur.

### Lýsing

Hleðslan liggur í vinkel, fyrst frá norðri til suðurs en beygir svo til vesturs. Austurhliðin er um 6m löng en suðurhliðin 4m. Kantur er til norðurs og vesturs og hefur grunnurinn að líkindum verið um 5x6m að utanmáli. Vegghæð er um 60sm.

### Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningarskýrslu frá 2001 kemur fram að heimildamönnum hafi ekki borið saman um hlutverk hússins: „[...] að sögn Steinunnar Ágústsdóttur var þarna þvottahús Erlendar Pálssonar en Gunnar Baldvinsson telur að þarna hafi verið verslunarhús Erlendar.“ (Katrín Gunnarsdóttir, 19).



Mynd 21. Grjóthlaðinn grunnur. Lengst til hægri má sjá í grasi gróinn enda suðurveggjar en nær miðri mynd er grjóthleðsla úr austurvegg. Horft er til norðausturs.

### Grafarós-(9)-49

**Sérheiti:** Faktorshús

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Húsgrunnur

**Hættumat: Hætta.** Hætta er vegna landbrots bæði af völdum sjávar og Grafarár.

**Staðhættir**



Norðarlega á höfðanum er grjóthlaðinn húsgrunnur, kjallari.

**Lýsing**

Húsgrunnurinn er grjóthlaðinn, tvískiptur, 8x10m að utanmáli og snýr norður/suður. Enn sést hvar gluggar voru á vestur og austurhlið. Mesta hæð er um 1,7m og breidd 1-2m. Töluvert hefur hrunið úr suðurvegg. Sunnan við grunninn er 5x10m slétt svæði afmarkað með grjóthlöðnum vegg og framan hans er tæplega 15m langur grjóthlaðinn veggur.

**Aðrar upplýsingar**

Úr fornleifaskráningarskýrslu frá 2001: „Faktorshúsið, þar bjó Erlendur Pálsson og kona hans Guðbjörg ásamt börnum.“ (Katrín Gunnarsdóttir, 20).



### Grafarós-(10)-50

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjum á höfðanum stafar öllum hætta vegna landbrots.

**Staðhættir**

Austanvert á Höfðanum eru tvennar tóftir sem liggja hlið við hlið.

**Lýsing**

Nyrðri tóftin er 5x6m að utanmáli og fast upp við SA-horn hennar er önnur tóft. Hæð veggja er um 1,5m og veggir mest um 2m á breidd. Tóftin er grasi gróin.

**Aðrar upplýsingar**

Í skráningarskýrslu frá 2001 segir: „Þetta var smá bær, sem var ein stofa með eldunaraðstöðu. Bæjardyr voru í austur. Þarna bjó Jón Árnason ásamt konu sinni. Bærinn hefur líklega verið byggður eftir 1915. Trúlega á tóftum sem þarna hafa verið fyrir.“ (Katrín Gunnarsdóttir, 21). Í úttekt á Þórðarhúsi frá 1900 er þess getið að það hafi verið áfast við torfiveruhús að sunnan en langt frá öðrum húsum (Hsk. 23, fol.).

### Grafarós-(11)-51

**Sérheiti:** Þórðarhús?

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjum á höfðanum stafar öllum hætta vegna landbrots.



### Staðhættir

Austanvert á Höfðanum eru tvennar tóftir sem liggja hlið við hlið.

### Lýsing

Síðar var byggt fjárhús á grunni Þórðarhúss og þar tví- eða þrískipt tóft. Syðri tóftin er 6x13m að utanmáli og snýr norður/suður. Hún er tvískipt og hafa dyr verið á báðum hólfum og snúið til austurs. Veggur eða veggjabrot liggur til vesturs á vestur langvegg og þúst á mótí honum, þar hefur mögulega verið þriðja hólfið. Veggir eru mest rúmir 2m á breidd.

### Aðrar upplýsingar

Varðveist hefur úttekt á húsi Þórðar Kristjánssonar í Grafarósi frá árinu 1900 sem þá er þó ekki fullsmíðað að innan. Húsið var 15 al. á lengd og 6 al. á breidd og loft fyrir því öllu. Húsið var sundur þiljað í tvær stofur, eldhús og forstofu. Sex gluggar voru undir lofti og tveir á lofti. Húsið var allt byggt úr timbri nema torfveggur var á austurhlið. Kjallari var undir húsinu, 5 x 5 al. Hús þetta var áfast við torfiveruhús að sunnan en langt frá öðrum húsum (HSk. 23, fol.).

### Grafarós-52

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjum á höfðanum stafar öllum hætta vegna landbrots.

### Staðhættir

Austanvert á Höfðanum eru tvennar tóftir sem liggja hlið við hlið.

### Lýsing

Syðri tóftin er 6x13m að utanmáli og snýr norður/suður. Hún er tvískipt og hafa dyr verið á báðum hólfum og snúið til austurs. Veggur eða veggjabrot liggur til vesturs á vestur langvegg og þúst á mótí honum, þar hefur mögulega verið þriðja hólfið. Veggir eru mest rúmir 2m á breidd. Miðað við lýsingar í úttektum á Þórðarhúsi er líklegast að fjárhúsið hafi verið byggt á grunni svonefnds Þórðarhúss.


### Aðrar upplýsingar

Í skráningarskýrslu frá 2001 segir: „Líklegt að fjárhúsið hafi verið hlaðið eftir að byggð lagðist af í Grafarósi.“ (Katrín Gunnarsdóttir, 22).

### Grafarós-(3)-53



Mynd 22. Kjallari Hallgrímshúss næst á mynd og grjóthleðslurnar sem sjást eru úr norðurvegg.



**Sérheiti:** Hallgrímshús

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Húsgrunnur, kjallari

**Hættumat: Hætta.** Minjum á höfðanum stafar öllum hætta vegna landbrots.

**Staðhættir**


Nokkurn veginn efst á höfðanum, sunnarlega er grjóthlaðinn grunnur.

**Lýsing**

Tóftin er 6x7m að utanmáli, grjóthlaðinn kjallari og hafa dyr verið við NV-horn og snúið til norðurs. Hæð veggja er mest um 2m og breidd um 1m. Töluvert hefur hrunið úr veggjum. Austan og sunnan við tóftina er afmarkað slétt svæði.

**Aðrar upplýsingar**

Byggt árið 1900 af Hallgrími Tómassyni verslunarmanni. Úr virðingargjörð Hallgrímshúss frá 1901: „Húsið er byggt úr timbri og er á lengd 10 alin, á breidd 9 al. [...] Í suðurenda hússins niðri eru 2 herbergi [...] Í norðurenda hússins er eldhús [...] Uppi á lofti er enn óinnréttar. Inngangar eru 2 í húsið annar í forstofu, hinn í eldhús. Gluggar í húsinu eru 6 niðri [...] Uppi á lofti er 1 gluggi á suðurstafi af sömu stærð og 2 á norðurstafni eilítið minni. Húsið er allt steyppt með sementsteypu í bindingi til lofts og þar innaná tjörupappi við innþiljur. [...] Þak á húsinu er úr einföldum borðum og pappi lagt þar yfir. Grunnur undir húsinu er steinlímduur, [...]. Kjallari eru undir húsinu einnig steinlímduur [...]. Þess skal getið að klæðning utan á húsinu er ferniseruð utan og bikað innan.“ (Hsk. 23 fol.). Hallgrímshús var rífið 1915-16 (Katrín Gunnarsdóttir, 14).



**Grafarós-(4)-54**

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjum á höfðanum stafar öllum hætta vegna landbrots.

**Staðhættir**

Vestan við miðju höfðans er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 4x9m að utanmáli og snýr norður/suður. Grjóthleðslur eru neðst í veggjum og strengur á milli og torf-

hleðslur þar ofan á. Tvennar dyr virðast hafa verið við sitthvorn enda vesturveggjar. Mesta hæð er um 170sm og breidd um 1m. Austan og sunnan við tóftina er svæði afmarkað við brún eða kant.

**Aðrar upplýsingar**

Í fornleifaskráningarskýrslu frá 2001 segir: „Fjárhúsið, er byggt eftir að byggð legst af í Grafarós (1915) og er því líklega byggt á tóftum húss sem staðið hefur þarna áður.“ (Katrín Gunnarsdóttir, 16-17).

### Grafarós-55

**Hlutverk:** Fjánhús


**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjum á höfðanum stafar öllum hætta vegna landbrots.

#### Staðhættir og lýsing

Vestan við miðju höfðans er tóft upphaflega híbýli en mögulega síðar fjánhús eins og segir í fornleifaskráningarskýrslu frá 2001: „Fjánhúsið, er byggt eftir að byggð legst af í Grafarós (1915) og er því líklega byggt á tóftum húss sem staðið hefur þarna áður.“ (Katrín Gunnarsdóttir, 16-17).

### Grafarós-(5)-56



**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru í hætta vegna landbrots en fjaran nær nokkurn veginn upp að tóftunum og því er stutt til sjávar.

#### Staðhættir

Vestanundir höfðanum, við fjöruna er tóft.

#### Lýsing

Hún er þrískipt og byggð inn í austurhlið höfðans. Til norðurs eru tvö hólf, það austara stendur um 1m hærra en hitt. Þau eru 5x9m að utanmáli og snúa austur/vestur. Sunnan við vestara hólfíð er þriðja hólfíð 5x6m að utanmáli. Dyr hafa verið og snúið til vesturs eða mót hafi. Veggir eru 40-80sm háir og mest um 1m á breidd, þeir eru grasi grónir en sér í grjóthleðslur í veggjum. Tóftin minnir helst á sjóbúð og gæti verið frá þeim tíma er útgerð var frá Gröf en í fornleifaskráningu frá 2001 er talið að þarna hafi síðast verið fjánhús (sjá Katrín Gunnarsdóttir, 17).

#### Aðrar upplýsingar

Náði lóðin suður að sjóbúðum Grafarabónda, einu byggingunum sem fyrir voru á Grafaróstanga.

### Grafarós-57

**Hlutverk:** Fjánhús?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru í hætta vegna landbrots en fjaran nær nokkurn veginn upp að tóftunum og því er stutt til sjávar.

## Staðhættir

Vestanundir höfðanum, við fjöruna er tóft.

## Lýsing

Þar var mögulega fjárhús eftir að byggð lagðist af en um það segir í fornleifaskráningu frá 2001: „Fjárhúsið, er byggt eftir að byggð leggst af í Grafarós (1915) og er því líklega byggt á tóftum húss sem staðið hefur þarna áður.“ (Katrín Gunnarsdóttir, 17).



## Grafarós-(6)-58

**Sérheiti:** Svarta Pakkhúsið?

**Hlutverk:** Pakkhús, skemma

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hættu. Hleðslan er niður við fjöru og er í mikilli hættu vegna landbrots.

## Staðhættir

Vestan undir höfðanum, nyrst er grjóthleðsla, leifar húsgrunns sem liggur alveg við fjöruna, að líkindum undirstöður pakkhúss sem nefnt var Svarta pakkhúsið.

## Lýsing

Grjóthleðslan, úr stuðlabergi, sést greinilega að norðan og vestan, en útmörk til austurs og suðurs eru óviss. Hleðslan er um 5x5m á kant en óvíst er hvort hún sé heil.

## Aðrar upplýsingar

Á ljósmynd frá því um aldamótin 1900 af Grafarósi sjást tvenn hús á þessu svæði, annars vegar pakkhús sem nefnt var Svarta pakkhúsið og hinsvegar birgðaskemma. Ekki er hægt að segja með fullvissu út frá ljósmyndinni um hvort húsið er að ræða.

### **Grafarós-(7)-59**

**Sérheiti:** Svarta Pakkhúsið?

**Hlutverk:** Skemma, pakkhús

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Mikil hættu.** Hleðslan er niður við fjöru og er í mikilli hættu vegna landbrots af völdum sjávar.

#### **Staðhættir**

Við fjöruna og beint suður af Grafará er gróinn kantur eða hleðsla, að líkindum leifar af undirstöðum birgðaskemmu. Grjót virðist vera í hleðslunni sem er óljós og mest um 40sm há. Húsið hefur að líkindum snúið NNA/SSV.

### **Grafarós-60**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat: Hættu.** Gatan er eins og aðrar minjar á höfðanum í hættu vegna landbrots.

#### **Staðhættir**

Gata liggur yfir höfðann og ofan í fjöru.

#### **Lýsing**

Gatan er vel greinileg, 2m þar sem hún er breiðust. Hún liggur suður með höfðanum og í hvamminn þar sem íshústóftin er en skiptist þar og liggur önnur leiðin upp með Grafará en hin upp á bakkann og áfram til suðausturs. Önnur gata liggur vestanvert á höfðanum en hún er ekki eins greinileg og líklega verið minna notuð. Göturnar að verslunarstaðnum sjást greinilega á mynd nr. 18 sem er fremst í kaflanum um Grafarós.

### **Grafarós-61**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat: Hættu.** Gatan liggur fram á sjávarbrún og er í hættu vegna landbrots.

#### **Staðhættir**

Gata liggur yfir höfðann og ofan í fjöru og önnur vestanvert á höfðanum.

#### **Lýsing**

Gatan er ógreinilegri en sú sem skráð er nr. 62. Hún liggur meðfram sjávarbakkanum til suðurs en hverfur er kemur upp á frá hvamminum sunnan við höfðann.

### **Grafarós-62**

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á ljósmynd frá Grafarósi sem tekin var um aldamótin 1900 sést endi á timburbrú sem hefur legið yfir árósin (ljósmyndina má m.a. sjá í Sýslunefndarsögu Skagfirðinga fyrra bindi, mynd nr. 77).

#### **Lýsing**

Brúin er horfin en punktur var tekinn eftir staðsetningu á ljósmynd og fá því gera ráð fyrir allt að 10m skekkju.

## **Horfnar minjar**

### **Grafarós-63**

**Hlutverk:** Verslunarhús C.M. Nisson

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Verslunarhúsnæði C.M. Nisson var flutt frá Hofsósi í Grafarós 1835. Lóðin var yst á tanganum, náði fram í flæðarmál og eilítið upp með Grafará alls 911 ferfaðmar. Frá Grafarósi var húsið aftur flutt 1878.

#### **Lýsing**

Óvíst er hvar verslunarhúsið stóð nákvæmlega að öðru leyti en að það var fram á tanganum.

#### **Aðrar upplýsingar**

Halldór Stefánsson frá Víðimýri keypti aðalverslunarhúsið og lét flytja það á flekum til Sauðárkróks. Ólafur Briem snikkari reisti þar Hótel Tindastól, af viðum þess árið 1884. Hvort það var verslunarhús Nissons frá árinu 1835 eða hús frá tíma Henderson verslunarinnar er ekki vitað með vissu en það telst að stofni til með elstu húsum á Sauðárkróki. (HSk. 7-9, 4to; Saga Sauðárkróks I, bls. 182).

### **Grafarós-64**

**Hlutverk:** Verslunarhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Húsið var reist 1835 en flutt á Sauðárkrók 1878.

### **Grafarós-65**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Samkvæmt úttekt á eignum Gránufélagsins í Grafarósi frá árinu 1907 er þar sjóbúð 5,75 al. á lengd og 5 al. á breidd. Var hún með torfveggjum og torfpaki, vesturstafn úr timbri og austurstafn að hálfu úr timbri. Loft var yfir hálfri sjóbúðinni og þiljað framan við loftið niður að bitum (HSk. 445. fol.).

#### **Lýsing**

Ein sjóbúðartóft var skráð við fornleifaskráningu 2012 en stærð hennar passar ekki lýsingu í úttekt. Mögulega er þó um sama hús að ræða sem hefur þá á einhverjum tíma verið stækkað eða byggt við það.

### **Grafarós-66**

**Hlutverk:** Smiðja

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Guðbrandur Stefánsson fyrsti factor í Grafarósi reisti smiðju í Grafarósi líklega um eða eftir 1835. Smiðjan var nyrst á tanganum og var lóð C. Holm kaupmanns útmæld 5,5 fet sunnan við smiðjuvegginn (Dómsmálabók Skagafjarðarsýslu, 6 ágúst 1907).



### **Lýsing**

Ekki er hægt að staðsetja smiðjuna með meiri nákvæmni en svo að hún hafi verið nyrst á tanganum.

### **Grafarós-67**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild

Í úttekt frá 1907 segir að Gránufélagið hafi átt lítið fjós, fyrir tvær kýr og hesthúskofa fyrir einn hest. Þessi gripahús eru sögð orðin gömul og léleg þegar úttektin var gerð. (Hsk. 445. fol.)

### **Lýsing**

Ekki er vitað hvar fjósið eða hesthúsin stóðu og vel má vera að þau hafi verið í sama húsi eða byggð við eitthvert af þeim húsum sem hér eru skráð.

### **Grafarós-68**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í úttekt frá 1907 segir að Gránufélagið hafi átt lítið fjós, fyrir tvær kýr og hesthúskofa fyrir einn hest. Þessi gripahús eru sögð orðin gömul og léleg þegar úttektin var gerð. (Hsk. 445. fol.)

### **Lýsing**

Ekki er vitað hvar fjósið eða hesthúsin stóðu og vel má vera að þau hafi verið í sama húsi eða byggð við eitthvert af þeim húsum sem hér eru skráð.

### **Grafarós-69**

**Sérheiti:** Laxhús

**Hlutverk:** Verksmiðja

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Niðursuða á laxi til útflutnings var stunduð í Grafarósi á verslunarárum Henderson. Árið 1863 voru flutt þaðan út 10.000 pund af laxi. Henderson lét reisa hús sem kallað var „Laxhús“ og er þess getið í kaupsamningi frá árinu 1880 en þá var húsið metið á 400 krónur (Veðmálalabækur Skagafjarðar nr. 94). Húsið var líklega rífið eða flutt fyrir 1897 þegar Carl Holm fékk úthlutað lóð í Grafarósi því í heimildinni er einungis getið um að smiðja sé í Grafarósi (Dómsmálalabók Skagafjarðarsýslu, 6. ágúst 1897).

### **Lýsing**

Ekki er vitað hvar Laxhúsið stóð.

### **Grafarós-70**

**Hlutverk:** Pakkhús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Árið 1911 var flutt pakkhús frá Kolkuósi í Grafarós. Í úttekt er húsið sagt 12 álnir á lengd og 9 á breidd. Á því voru 7 gluggar og tvennar útityr (Hsk. 445, fol.).

**Lýsing**

Ekki er vitað hvar þetta hús stóð en ekki er ólíklegt að það hafi staðið niður við fjöruna.

**Grafarós-71**

**Hlutverk:** Uppsátur

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í Sögu frá Skagfirðingum segir frá deilum sem Örum faktor átti í við Jón bónda í Gröf. Snérust deilurnar um bátsuppsátur og vangoldna leigu fyrir lóðina í Grafarósi. Taldi bóndi sig ekki hafa leigt uppsátrið með verslunarlóðinni og lét setja báta sína þar í stað báta kaupmanns. Lending í málinu varð sú að bóndi gaf eftir og lækkaði leiguna á lóðinni (Saga frá Skagfirðingum, 265).

**Lýsing**

Engin ummerki sást eftir uppsátur og eru þau að líkindum farin í sjó.

**Grafarós-72**

**Hlutverk:** Bryggja

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í Skagfirzku annál 1847-1947 segir að 13. september 1862 hafi fjórir bátar og bryggja brotnað í ofviðri í Grafarósi (Skagfirzku annáll I, 71).

**Lýsing**

Ekki er vitað hvar bryggjan var nákvæmlega.




## Ártún-söguágrip – nú í landi Hofsóss

Eftirfarandi minjar í Hofsóslandi hafa verið mældar upp með nákvæmu gps tæki og fylgja því með í þessari skýrslu, annars gildir fornleifaskráning Byggingasafns Skagfirðinga frá 2001 um minjar í Hofsóslandi.

Lítill skriðuhætta er talin á sjávarbökkum við Hofsós nema þar sem brim hefur rofið sár í jarðvegsþekjuna á einum stað og ef landbrot eykst af völdum sjávar eða ef sjór tekur að ganga á land og grafa undan bakkanum.<sup>54</sup>

Þessi hluti tilheyrði áður Ártúni sem var hjáleiga frá Hofi en seld Hofsóshreppi árið 1950.<sup>55</sup> Elsta heimild er líklega jarðabókin frá 1708.<sup>56</sup> Óvíst er hvenær jörðin byggðist en hennar er ekki getið í manntali 1703 en kemur fyrir 1835 en þá voru sjö manns þar í heimili en tíu þegar mest var árið 1870.<sup>57</sup>

## Fornleifaskráning



### Hofsós-(61)-73

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

### Staðhættir

Á suðurenda Hofsósbakka eru garðlög, leifar matjurtagarða sem liggja mót suðri.

### Lýsing

Garðarnir hafa verið þrír og liggja hlið við hlið frá vestri til austurs, 17x36m að utanmáli. Þeir eru algrónir grasi og er mesta hæð veggja um 1m og breidd um 1m.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Garðar. Mjög forn ummerki um matjurtagarða, vestan í Ártúnbrekkur, sem er syðsti hluti Hofsósbakka.“ (Ö-Ártún, 2).

<sup>54</sup> Halldór G. Pétursson, 11.

<sup>55</sup> Ö-Árún, 1.

<sup>56</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV, 254.

<sup>57</sup> manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðaður þann 08.04.2013.

### Hofsós-(18)-74



hæð er mest um 1m og breidd er innan við ½ m.

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots af völdum Grafarár sem rennur sunnan við og hefur þegar tekið af endum garðlagsins.

**Staðhættir**

Á nesi við Grafará rúmlega 30m VSV af gömlu brúnni yfir ána eru garðlög.

**Lýsing**

Leifar tveggja matjurtagarða sem eru í heild sinni 9x18m að utanmáli. Veggja-

### Hofsós-(30)-75

**Sérheiti:** Braut

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**


Á nesi við Grafará rúmlega 30m VSV af gömlu brúnni yfir ána eru garðlög og fjárhústóft.

**Lýsing**

Hún er 10x16m að utanmáli og liggur norðaustur/suðvestur. Hún er gróin, veggir um 40sm háir og þykkt þeirra 1-2m.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Braut. Vestur undan bænum, þar fjárhús.“ (Ö-Ártún, 2).



### Hofsós-76

**Sérheiti:** Braut

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á nesi við Grafará rúmlega 30m VSV af gömlu brúnni yfir ána eru garðlög og fjárhústóft.

**Lýsing**

Þar sem fjárhústóftin er stóð áður býlið Braut sem byggðist laust fyrir miðja 19. öld.

**Aðrar upplýsingar**

Í manntali 1845 eru tveir skráðir til heimilis á Braut, Regina Christina Örum húsmóðir og Guðrún Bjarnadóttir vinnukona. Enginn er nefndur í manntali 1850 en 1855 eru þrír heimilisfastir þar, Kristján Jónsson skráður þjónustumaður verslunar, Guðbjörg Ólafsdóttir kona hans og þeirra sonur Jon Ólafur Kristjánsson (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/)). Regina Örum fékk leyfisbréf frá Amtinu fyrir skilnaði við eiginmann sinn

C.C. Örum vorið 1845. Hún ritaði amtinu og bað um heimild til að stofna klæðalitun á Braut, selja ferðamönnum kaffi með bakkelsi og sýsla fleira smálegt. Amtið segir henni þetta heimilt (Lbs. 163, folio).

## Höfði á Höfðaströnd-söguágríp

Höfði á land að sjó við Þórðarhöfða (nyrðri helmingur höfðans tilheyrir Höfða en hinn helmingurinn Bæ), meðfram Höfðamöl og norður að merkjum við Lónkot.

Höfðabúð hét hjáleiga sem stóð á svonefndum Búðarhól sem liggur við sjóinn norðvestur af bænum á Höfða. Óvíst er hvenær hún byggðist fyrst en hennar er fyrst getið 1703 og hún var í byggð af og til fram yfir aldamótin 1900. Árið 1703 bjó þar Halla Erlendsdóttir ekkja ásamt þremur börnum sínum<sup>58</sup>. Í jarðabók frá 1709 segir að Höfðabúð sé eyðihjáleiga sem ekki megi aftur byggja „nema til rýrðar heimajörðunni.“<sup>59</sup> Heimildir eru um að hjáleigan hafi verið í byggð 1740<sup>60</sup> en var í eyði 1868 samkvæmt sóknalýsingu Fells- og Höfðasóknar. Í manntali frá 1901 eru 6 manns skráðir þar til heimilis.<sup>61</sup> Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Lítill hóll er niðri við sjóinn; kallast hann Búðarhóll og mun vera kenndur við gamla sjóbúð. Þar var fjárhús, og hefur þá verið stutt í fjöruna fyrir féð, því að túnið nær svo að segja að sjó.“<sup>62</sup>

Í Jarðabók Árna og Páls er getið um landbrot af völdum Höfðavatns: „Engið er fordjarfað af þverá þeirri, sem Höfða er kölluð, en að sunnan brýtur það Höfðavatn og jetur.“<sup>63</sup>

### Um sjósókn

„Höfðakrókur heitir við sjóinn, niður undan Höfða, þar sem Höfðamöl byrjar (við austurenda). Þar var bátalending.“<sup>64</sup>

Í Fasteignamati frá 1916-1918: „Fjörubeit nokkur í rokpara. [...] Jörðin á talsvert mikið land að sjó, hefir hlunnindi af reka áætl. kr. 15 árl. Hrognkelsaveiði nokkur, útræði ekki gott vegna brima.“<sup>65</sup>

Samkvæmt heimildamanni er landbrot töluvert fyrir landi Höfða og taldi hann að það hefði stórauðist á síðastliðnum 8-10 árum. Þar nefndi hann Þórðarhöfða sem dæmi en lítið landbrot hefur verið þar að hans sögn þar til fyrir um 10 árum en nú bryti þar af næstum árlega.<sup>66</sup>

Í fornleifaskráningu Grafaróss og Hofsóss fá minjarnar hlaupandi númer eins og aðrar minjar í skýrslunni en innan sviga eru númer úr skýrslunni *Höfði á Höfðaströnd. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag* sem Bygðasafn Skagfirðinga gaf út 2003.

<sup>58</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðað þann 24.08.2012.

<sup>59</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 264.

<sup>60</sup> Ö-Höfði, 5.

<sup>61</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðað þann 24.08.2012.

<sup>62</sup> Ö-Höfði, 1.

<sup>63</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 263.

<sup>64</sup> Ö-Höfði, 5.

<sup>65</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Höfði nr. 1, bls. 89. Skoðað þann 27.02.2013.

<sup>66</sup> Munnl. Heimild. Friðrik Antonsson 13.03.2013.

## Fornleifaskráning



Mynd 23. Þriggjamannaleiði er fyrir miðri mynd og liggur nánast alveg fram á sjávarbakkann (til vinstri). Horft er til norðurs.

### Höfði-(63)-77

**Sérheiti:** Þriggjamannaleiði

**Hlutverk:** Legstaður

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Mikil hættu.**

Minjarnar eru í mikilli hættu vegna landbrots. Þær liggja fram á sjávarbakka þar sem sjávangangur er töluverður.

### Staðhættir

Þriggjamannaleiði liggur fremst á bakka Búðarhóls.

### Lýsing

Legstaðurinn er lítt áberandi, gróin þúst um 2x2,5m að utanmáli mest

um 10sm há. Töluverður gróður er á legstaðnum og umhverfis hann en finna má fyrir stórum steini í gróðrinum. Hnit voru tekin samkvæmt Friðriki Antonssyni bónda á Höfða.


### Heimildir

Í örnefnaskrá segir: „Á Búðarhóli eru þrjár dysjar, sem kallað er Þriggjamannaleiði; kváðu þau lík hafa rekið af sjó og verið talin af útlendingum.“ (Ö-Höfðaströnd, 1).

### Höfði-78



Mynd 24. Á myndinni má sjá tóftina til hægri en lengst til vinstri er sjávarbakkinn og má sjá hvernig grastorfan slúttir yfir bakkann sem er rofinn vegna sjávangangs.



**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hættu.**

Minjarnar eru um 2m frá sjávarbakka þar sem er greinilegt landbrot.

### Staðhættir

Fremst á sjávarbakka norður af Búðarhól er fjárhústóft.





## Lýsing

Tóftin liggur austur/vestur og er garði fyrir miðju, dyr hafa snúið til austurs. Hún er vel greinileg en veggir rofnir til austurs eftir framkvæmdir vegna veglagningar en Þjóðvegur (Siglufjarðarvegur) liggur rúma 30m austur af tóftinni. Tóftin er algróin nema þar sem sér í grjót í garða og veggir eru að nokkru hrundir en þeir eru 10-50sm háir og mest um 1m á breidd.

## Aðrar upplýsingar

Um miðja 19. öld fyrirfór sé maður frá Höfða og rak lík hans að Búðarhóli og mun hafa verið borið í tóftina eða það hús sem þarna hefur staðið (Munnl. heimild. Friðrik Antonsson 13.03.2013).



## Höfði-(50)-79

**Sérheiti:** Höfðabúð

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hættu. Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrot er og hefur þegar brotið af tóftinni til vesturs.

## Staðhættir

Á Búðarhól var hjáleiga fram yfir aldamótin 1900 og þar er töluvert af tóftum frá mismunandi tímabilum. Bæjartóftin liggur fremst á sjávarbakka.

## Lýsing


Tóftin er að minnsta kosti tvískipt en bæði norðan og austan við hana eru lágar þústir sem gætu verið leifar veggja. Hún liggur norðan undir litlum hólkoli og er suðurveggur að hluta byggður inn í hólinn. Tóftin er 8x11m að utanmáli og snýr austur/vestur, þær dyr sem sjást hafa snúið mót vestri, í átt að sjónum. Veggir eru grónir, 20-60sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Brotið hefur af tóftinni til vesturs.

## Aðrar upplýsingar

Höfðabúð hét hjáleiga sem stóð á svonefndum Búðarhól sem liggur við sjóinn norðvestur af bænum á Höfða. Óvíst er hvenær hún byggðist fyrst en hennar er fyrst getið 1703 og hún var í byggð af og til fram yfir aldamótin 1900 (Manntalsvefur Þjóðskallasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðað þann 24.08.2012). Heimildamaður sagði að síðar hefði verið þar



beitarhús og síðar notað sem fjárrétt síðast. Þá var lítið farið að brjóta af minjunum en nú á seinna árum hefur landbrot stóraukist (Munnl. heimild. Friðrik Antonsson 13.03.2013).



#### Höfði-(51)-80

**Hlutverk:** Útihús, fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

#### Staðhættir

Á Búðarhól var hjáleiga fram yfir aldamótin 1900 og þar er töluvert af tóftum frá mismunandi tímabilum. Bæjartóftin liggur fremst á sjávarbakka og austur af henni er önnur tóft.

#### Lýsing

Tóftin er þrískipt og snýr norður/suður, 8x11m að utanmáli. Dyr hafa að líkindum snúið til suðurs og mögulega hafa aðrar verið sem snúið hafa til vesturs. Veggir eru 20-60sm háir og veggjabreidd mest um 1m. Nyrðri hluti tóftar liggur aðeins lægra en syðri hlutinn. Veggir hafa á einhverjum tíma hrunið, eða rofnað en nú er gróið yfir það og tóftin algróin grasi. Torf í tóftina gæti hafa verið tekið í lægð austan hennar.

#### Höfði-81

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðslur


**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

#### Staðhættir

Tæplega 20m austur af bæjartóft nr. 79 eru vegghleðslur.

#### Lýsing

Vegghleðslurnar eru þrjár og liggja samsíða norður/suður. Þær eru 20-60sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Hleðslurnar eru grónar en sér í grjóti í veggendum að sunnan. Þær eru 4-5m langar. Veggurinn sem liggur lengst til austur liggur heldur lægra en hinir tveir, hann er um 20-50sm hár. Torf gæti hafa verið tekið í lægð austan tóftarinnar.



#### Höfði-(52)-82

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta.

Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.


#### Staðhættir

Um 40m suðaustur af bæjartóft nr. 79 er tóft.

#### Lýsing

Tóftin er rúmlega 5x10m að utanmáli, veggir 30-70sm háir og rúmlega 1m á

breidd. Hún snýr austur/vestur, er algróin og svolítið þýfð, tvískipt og hafa dyr verið á SA-horni tóftar. Mögulega hefur legið garðlag frá SV-horni tóftar til suðurs, um 10m langt, það er þó afar óljóst.



### Höfði-(53)-83

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta.

Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

**Staðhættir**

Um 40m suðaustur af bæjartóft nr. 79 er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt og snýr norður/suður, með dyr mót vestri. Hún er 6x8m að utanmáli, veggir grasi grónir og svolítið er hrunið úr þeim. Þeir eru 20-60sm háir og hátt í 2m á breidd þar sem þeir eru breiðastir. N-endi tóftar er dýpri en suður endinn.

### Höfði-(54)-84

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

**Staðhættir**

Tæplega 40m suður af bæjartóft nr. 79 er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður, 6x9m að utanmáli og hafa dyr að líkindum verið til suðurs. Hún er tvískipt, veggir eru 20-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Þeir eru grasi grónir, þýfdir og þýft er í tóftinni, þeir eru nokkuð hrundið og hafa á einhverjum tíma líklega rofnað en gróið er yfir. Norðan við tóftina, ofan í svonefndri Búðarlaut virðist vera niðurgröftur eða lítil tóft, rúmlega 1m að þvermáli sem gæti verið hrun úr veggjum tóftarinnar eða lítið hólfi.

### Höfði-85

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

**Staðhættir**


Rúmlega 20-30m suður af bæjartóft nr. 79 er brú sem liggur yfir laut eða drag.

**Lýsing**

Þvert yfir svonefnda Búðarlaut er að líkindum manngerð brú, leið yfir lautina. Hún er um 5-6m löng og um 70sm há og mest 2m á breidd, grasi gróin.



Mynd 25. Hleðslugrjót í rofi.



**Höfði-(55)-86**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Mikil hætta.**

Minjarnar eru fram á sjávarbakka og þegar hefur brotnað af þeim.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum, sunnarlega á Búðarhól um 40m suður af bæjartóft nr. 79 er hleðsla, líklega leifar tóftar.

**Lýsing**

Á sjávarbakkanum, sunnarlega á Búðarhól eru hleðslur, leifar tóftar. Hún er um 15m löng og er þegar brotið af henni en ekki er vitað hversu mikið það er og óljóst er hvernig lögun hennar hefur upphaflega verið. Vegghleðslur sjást í sjávarbakkanum, bæði torf og grjót.

**Höfði-(64)-87**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla


**Hættumat: Mikil hætta.** Þegar hefur brotið af minjunum til vesturs.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum sunnan undir Búðarhól, 90m suður af bæjartóft nr. 79.

**Lýsing**

Á sjávarbakkanum, sunnan undir Búðarhól eru tvö veggjabrot sem liggja norður/suður og liggur girðing samsíða þeim. Hæð þeirra er 10-30sm og veggirnir eru samtals tæplega 6m langir. Bil er á milli þeirra þar sem mögulegt er að hafi verið dyr. Austan við veggjabrotin er svæði 2-3x6m að utanmáli þar sem mögulega má greina einhver veggjabrot en töluvert gras er þarna og erfitt að að greina eitthvað nákvæmlega.



### Höfði-(61)88

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hóll, niðurgröftur

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

#### Staðhættir


Suður undir Búðarhól er stakur hóll og er eins og grafið ofan í hann.

#### Lýsing

Hóllinn er yfir 2m á hæð og 10m að grunnþvermáli. Ofan í hann er niðurgröftur 30-120sm djúpur og 3x4m að utanmáli.



Mynd 26. Horft er í átt að hólnum til suðvesturs. Þórðarhöfði er í baksýn, til hægri.



### Höfði-(58)-89

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

#### Staðhættir

Suðaustanvert á Búðarhól eru nokkrar tóftir sem eru illgreinanlegar vegna gróðurs.

#### Lýsing

Tóftin er byggð á hól og liggur nokkurn veginn norður/suður og virðist sem dyr hafi snúið til suðurs. Hún er mögulega tvískipt, algróin og veggir 10-40sm háir og mest um 1m á breidd. Austur langveggur er greini-legastur.

### Höfði-(59)-90

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

#### Staðhættir

Suðaustanvert á Búðarhól eru nokkrar tóftir sem eru illgreinanlegar vegna gróðurs.

#### Lýsing

Tóftin er á hól og liggur NA/SV. Hún er um 7m breið og á bilinu 13-22m löng en óvíst er hversu langt hún nær til suðvesturs. Tóftin er þýfð og mikill gróður er á henni og erfitt að greina inn og útveggi. Veggir eru allt að 40sm háir og gætu verið allt að 2m á breidd.



### Höfði-(58)-91

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft/þúst

**Hættumat:** Hætta.

Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

#### Staðhættir

Suðaustanvert á Búðarhól eru nokkrar tóftir sem eru illgreinanlegar vegna gróðurs.

#### Lýsing

Austan undir Búðarhól er tóft eða þúst sem er 4x7m að utanmáli og mest um

30sm há, hún er illgreinanleg í miklum gróðri. Hún er efst á smá hól og snýr norður/suður.

### Höfði-(56)-92

**Hlutverk:** Rétt, stekkur

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru nálægt þjóðvegi og gætu verið í hættu ef farið væri í vegaframkvæmdir á svæðinu.

#### Staðhættir

Suðaustanvert á Búðarhól eru nokkrar tóftir sem eru illgreinanlegar vegna gróðurs.

#### Lýsing

Austust þeirra tófta sem eru á og við Búðarhól liggur rúmlega 10m vestur af þjóðvegi við suðurenda uppþornaðrar tjarnar. Hún er aflöng, 6x13m að utanmáli, líklega tvískipt og snýr norður/suður. Hún er vel greinanleg þó töluverður gróður sé á tóftin og þýft innan veggja. Veggir eru 20-60sm háir, lægstir við NA-horn, við tjörnina.

### Höfði-(57)-93

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

#### Staðhættir

Suðaustanvert á Búðarhól eru nokkrar tóftir sem eru illgreinanlegar vegna gróðurs.

#### Lýsing

Á milli minja nr. 91 og nr. 92 er þýft svæði þar sem mögulega eru veggjalög. Svæðið sem er 6x7m að utanmáli er algróið grasi og erfitt að átta sig á hvort um er að ræða náttúruleg fyrirbrigði eða leifar veggja.

### Höfði-(62)-94

**Hlutverk:** Álagablettur

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Hætta. Vegna landbrots.


#### Staðhættir

„Álagablettur, sem fyrr er nefndur, er smábrekka mót vestri neðarlega við túnið sunnan í Búðarhól.” (Ö-Höfði-2, 14).



## Lýsing

Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá (Sjá yfirlitsmynd bls.53).



### Höfði-(65)-95

**Sérheiti:** Hvolfur

**Hlutverk:** Uppsátur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Rúmlega 100m suður af Búðarhól á svonefndum Höfðaflæðum er tóft sem samkvæmt heimildamanni er nefnd Hvolfur (Munnleg heimild: Friðrik Antonsson 23.08.12).

## Lýsing

Tóftin er 3x7m að utanmáli og snýr NV/SA með dyr til S eða SA. Veggir eru 40-80sm háir og mest um 1,5m á breidd, þeir eru grasi grónir og þýft er í og við tóftina. Sunnan hennar er niðurgrafið svæði eða tóft 6x8m að innanmáli.

### Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni mun tóftin draga nafn sitt af því að þarna var uppsátur og var bátum hvolft yfir tóftina.

## Höfði-96

**Hlutverk:** Mógröf, torftökusvæði

**Tegund:** Niðurgroftur

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

**Staðhættir**

Í framræstu landi milli þjóðvegjar og sjávar, um 300m suður af merkjum milli Höfða og Lónkots eru niðurgreftir þar sem líklega hefur verið tekinn mór eða torf.

## Lýsing

Niðurgrofturinn er mest um 40sm djúpur og samtals um 240m<sup>2</sup>.

## Höfði-97



Mynd 27. Horft er til VNV yfir tóftin nr. 97. Málmeý sést í baksýn.

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots en þær liggja við fjöru.

**Staðhættir**

Við sjóinn, suður undir vestasta hluta Knarrarbrekku er tóft og þúst, líklega sjóbúðir eða aðrar minjar tengdar útgerð.

**Lýsing**

Tóftin er algróin og liggur austur/vestur og hafa dyr snúið mót vestri eða til sjávar. Veggir eru 20-50sm háir að innan en allt að



80-100sm að utan og mesta breidd er um 1m. Nyrðri langveggur er lengri en sá syðri svo mögulegt er að hluti syðri veggjar sé horfinn en hann er algróinn og virðist heill. Vegslóði liggur meðfram tóftinni að austan.

#### **Aðrar upplýsingar**

Þessi búð stóð uppi og voru dyr fyrir þegar Friðrik var drengur en hætt var að nota hana. Þarna geymdu menn sjóföt og ýmislegt fleira (Munnl. heimild. Friðrik Antonsson 13.03.13).

#### **Höfði-98**

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð?

**Tegund:** Þúst


**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

#### **Staðhættir**

Við sjóinn, suður undir vestasta hluta Knarrabrekka eru tóft og þúst, líklega sjóbúðir eða aðrar minjar tengdar útgerð.

#### **Lýsing**

Um er að ræða aflanga þúst sem virðist vera tóft sem fyllt er upp að innan að mestum hluta en aðeins eru innbrúnir greinanlegar á litlum kafla. Hún er algróin og um 30sm há og liggur í stefnuna norður/suður. Ekki er ólíklegt að hlutverk sé tengt útgerð.



#### **Höfði-(66)-99**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Tóftin liggur á vatnsbakka Höfðavatns og gæti stafað hætta af vatnsrofi þegar hátt er í vatninu.

#### **Staðhættir**

Sunnanvert á eystri enda Höfðamalar er tóft sem samkvæmt Friðriki Antonssyni var sjóbúð.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur austur/vestur og hafa dyr verið til austurs. Veggir eru 40-70sm háir, grjóthlaðnir en að miklu leyti grónir. Þeir eru að hluta hrundir.

## Höfði-100

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta.

Minjunum stafar mikil hætta af landbroti og þegar hefur brotið af NA-horni tóftar.

**Staðhættir**

NA-horn Þórðarhöfða heitir Réttarnes, þar voru beitarhús og rétt sem voru í notkun fram á 20. öld. Beitarhúsatóftin liggur lengst til austur af þremur tóftum sem þar eru.

**Lýsing**

Tóftin virðist tvískipt og snýr VNV/ASA, veggir eru algrónir og hrundir og mögulegt að það sem virðist vera miðjuveggur gæti verið brak úr þaki. Tóftin stendur á nokkurri upphækkun, sem nær suður fyrir hana og er líklega byggð á eldri minjum. Ekki er ólíklegt að beitarhús hafi verið þarna um langan aldur því að höfðinn er góður til beitar. Veggir eru 30-70sm háir og mest um 2m á breidd. Fjórtán metra löng rás liggur til norðvesturs frá tóftinni og fram á sjávarbakkann.

**Aðrar upplýsingar**

Í ornefnaskrá segir: „Norðan við Gerðisvíkur er Gerðisvíkurnef, en þaðan norður til sjávar heitir Réttarnes. Þar voru áður Beitarhús frá Höfða.“ (Ö-Höfði2, 10). Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1867 segir: „Beitarhús eru frá Höfða í Þórðarhöfða, nýuppsett, [...]“. (Sýslu og sóknalýsingar I, 157). Í Skagfirðingabók segir svo frá: „Árið 1913 kom að Höfða Guðbrandur Eiríksson. Þórunn hét kona hans komu þau úr Ólafsfirði. [...] Hann byggði beitarhús frammi í Þórðarhöfða og hafði féð þar framan af vetri og eins á vorin. Mun ef til vill einhverju hafa ráðið að mikið stök var í fénu, sem hann kom með úr Ólafsfirði.“ (Jóhannes Sigurðsson, 199-200). Samkvæmt heimildamanni voru húsin síðast notuð sem rétt fram um miðja 20. öld og var þá skilið að fé frá Höfða og fé frá Bæ sem gekk saman í Höfðanum (Munnleg heimild: Friðrik Antonsson 23.08.12).



Mynd 28. Beitarhúsatóftin á sjávarbakkannum. Horft er til austurs og sést í Höfðavatnið til hægri en sjórinna brýtur á Höfðamölinni til vinstri.

## Höfði-101

**Hlutverk:** Óþekkt, beitarhús

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Mikil hætta.

Minjunum stafar mikil hætta af landbroti og þegar hefur brotið af NA-horni tóftar.

**Staðhættir**

NA-horn Þórðarhöfða heitir Réttarnes, þar voru beitarhús og rétt sem voru í notkun fram á 20. öld. Beitarhúsatóftin liggur lengst austur af tóftunum þremur.

**Lýsing**

Tóftin stendur á nokkurri upphækkun, sem nær um 4m suður fyrir hana og er líklega byggð á eldri minjum.

### Höfði-102

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Rás

**Hættumat:** Mikil hætta.


Minjunum stafar hætta vegna nálægðar við sjó en þær eru um 20m frá sjávarbakka sem brýtur af.

**Staðhættir**

NA-horn Þórðarhöfða heitir Réttarnes, þar voru beitarhús og rétt sem voru í notkun fram á 20. öld. Til norðvesturs frá beitarhúsatóftinni er gróin rás hugsanlega gata eða niðurgroftur.

**Lýsing**

Rásin er algróin grasi en er um 30sm djúp rás sem liggur frá norðurhlið beitarhúsanna, um 14m til norðvesturs í átt til sjávar og líklega er hluti hennar til norðurs horfinn. Hlutverk er óvíst en mögulega hefur legið gata frá beitarhúsunum eða eldri húsum.



### Höfði-103



Mynd 29. Tóftin liggur fram á sjávarbakkanum og hefur töluvert rofnað af henni til norðurs (hægri) eins og sjá má á mynd.

**Hlutverk:** Beitarhús, rétt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta.

Minjunum stafar mikil hætta af landbroti en norðurhluti þeirra er þegar farinn í sjó og tóftin liggur á sjávarbakka.

**Staðhættir**

NA-horn Þórðarhöfða heitir Réttarnes, þar voru beitarhús og rétt sem voru í notkun fram á 20. öld. Á sjávarbakka, vestan við beitarhúsatóftina er önnur tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður en norðurhluti hennar er allur horfinn í sjó svo óvíst er hversu stór hún hefur upprunalega verið. Hún er algróin grasi og veggir, sem eru nokkuð hrundir, eru um 30sm háir og um 1m á breidd.

### Höfði-104

**Hlutverk:** Óþekkt, beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Tóftinni stafar hætta af landbroti Hún liggur um 10-13m suður af sjávarbakkanum.

#### Staðhættir

NA-horn Þórðarhöfða heitir Réttar-nes, þar voru beitarhús í notkun framá 20. öld og vestur af þeim er önnur tóft.

#### Lýsing

Tóftin snýr /austur vestur og hafa dyr að líkindum snúið til austurs. Veggir eru grónir, 20-40sm háir og um 1m á breidd. NA-horn tóftar er nánast horfið þó ekki vegna landbrots en rofið er algróið og líklegt að það hafi gerst fyrir löngu, orsakir ókunnar. Tóftin virðist eldri en hinar tóftir nr. 100 og 104.



Mynd 30. Horft er af beitarhúsatóft (nr. 100) til vesturs eftir norðurhlið Þórðarhöfða. Fyrir miðri mynd er tóft nr. 104 en lengst til hægri er tóft nr. 103.



Mynd 31. Horft er til ASA.

um 35m langt. Það er 20-30sm hátt og algróið grasi og mosa. Hlutverk er óvíst en hugsanlega hefur verið þarna girðing.

### Höfði-105

**Hlutverk:** Óþekkt, undan girðingu?

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.**

Minjunum stafar hætta vegna nálægðar við sjó en þær eru um um 20m frá sjávarbakka sem brýtur af.


#### Staðhættir

NA-horn Þórðarhöfða heitir Réttar-nes, þar voru beitarhús og rétt sem voru í notkun fram á 20. öld.

#### Lýsing

Sunnan við tóftirnar er garðlag sem liggur frá VNV til ASA og er alls





### Höfði-106

**Sérheiti:** Þrælagerði

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjunum stafar hætta vegna landbrots en þær liggja fram á bakkann upp af Höfðavatni og þegar er brotið af þeim á köflum.

#### Staðhættir

Á bakkanum upp af Gerðisvík er garðlag.

#### Lýsing

Garðlagið afmarkar 75-100m stórt svæði og er nánast heilt nema á kafla til norðausturs, austurs og suðausturs. Það er allt sum 260m langt og liggur frá bakkanum til vesturs og svo í boga upp brekku til suðaustur og síðan suður. Þar beygir það til austurs og fer aftur niður á sléttlendi þar sem það liggur alveg fram á vatnsbakkanum til norðausturs þar sem það ætti að sameinast upphafspunkti en sá kafla er rofinn í burtu. Garðlagið er allt að 1m á hæð og mest rúmlega 3m á breidd enda nokkuð hrúnið, það er gróið og þýft.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Austanvert á Höfðanum, nær norðast, þar sem vatnsbakkinn sveigir til austurs, eru Gerðisvíkur. Þar uppi á bakkanum eru fornar vegghleðslur og garðar, sem heita Þrælagerði.“ (Ö-Höfði2, 10).

### Höfði-107

**Sérheiti:** Þrælagerði

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Minjunum stafar hætta vegna landbrots.

**Staðhættir**

Á bakkanum upp af Gerðisvík er garðlag og norðan þess er annað garðlag sem virðist eldra.

**Lýsing**

Garðlagið liggur frá fyrrnefndu garðlagi nr. 106 í boga fyrst til norðurs og svo til suðausturs. Það er rúmlega 150m langt, veggjahæð allt að 80sm og breidd mest um 3m enda garðlagið töluvert hrúðið. Það er algróið, lyngi vaxið og hlaupið í þúfur. Niðurgroftur er utan með og gæti efnið í garðinn hafa verið tekið þar. Það virðist eldra að sjá en innri garðurinn. Hugsanlega hefur gerðið eða túnið sem garðarnir afmarkað verið minnkað á einhverjum tíma.

**Höfði-108**

**Sérheiti:** Þrælagerði

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft



**Hættumat: Hætta.** Minjunum stafar hætta vegna landbrots.

**Staðhættir**

Í lyngmóa, upp af Gerðisvík, á milli tveggja fyrrnefndra garða nr. 106 og nr. 107 er tóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur norður/suður og er tæplega 5x12m að utanmáli. Hún er lyngi vaxin og veggir þýfðir, jarðsokknir og falla vel að umhverfi sínu. Þeir eru mest um 50sm háir og 1,5m á breidd.



**Höfði-109**

**Sérheiti:** Þrælagerði

**Hlutverk:** Óþekkt, útihús?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjunum stafar hætta vegna landbrots en þær liggja fram á vatnsbakka þar sem landbrot er nokkuð.

**Staðhættir**

Austan og utan garða nr. 106 og 107 er tóft sem liggur fram á lyngi grónu nesi eða nefi sem skilur á milli tveggja víkna.

**Lýsing**

Tóftin snýr austur/vestur og er 6x11m að utanmáli. Við norðvesturhorn er lítið hólf eða tóft 3x4m að utanmáli. Veggir eru nokkuð breiðir eða mest um 2m en hæð þeirra

er um 30-50sm. Tóftin er algróin. Suðvesturhorn hefur á einhverjum tíma rofnað en gróið yfir það aftur. Dyr hafa verið til austurs og mögulega aðrar til vesturs.



### Höfði-110

**Sérheiti:** Þrælagerði

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

#### Staðhættir


Svæðinu innan túngarðs/garðlags nr. 106 er hægt að skipta í tvennt eða tvo stalla, annars vegar er neðri stallurinn til norðaustur sem liggur að mestu fram að vatnabökkunum og svo er suðvesturlutinn sem liggur heldur hærra í landslaginu. Uppi á þeim síðarnefnda eru tóftir og ein þeirra lang stærst.

#### Lýsing

Tóftin liggur norður/suður og virðist samanstanda af tvennum fjárhúsum með heytóftum til veggja enda og á milli húsanna. Engir garðar sjást þó í tóftinni.

Að líkindum hefur verið þarna beitarhús. Tóftin er

5x30m að utanmáli, veggir allt frá 20-120sm háir og mest rúmlega 2m á breidd. Hún er algróin og mikið gras er á henni og virðist hún vera yngri en aðrar minjar á svæðinu, hugsanlega byggð á eldri minjum.



### Höfði-111

**Sérheiti:** Þrælagerði

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag


**Hættumat:** Engin hætta.

#### Staðhættir

Á milli garðlags nr. 106 og tóftar nr. 110 er garðlag.

#### Lýsing

Garðlagið er rúmlega 40m langt og liggur nokkurn veginn norður/suður nema norðurendi beygir aðeins til norðaustur og er þar á smá kafla samsíða garðlagi nr. 106. Garðlagið er algróið, allt að 50sm hátt og mest tæpir 2m á breidd.



### Höfði-112

**Sérheiti:** Þrælagerði

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Efst á hól, efri stallinum innan garðlags nr. 106 og um 14m norðvestur af beitarhúsatóft nr. 110 er önnur tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr nokkurn veginn austur/vestur, 5x7m að utanmáli. Veggir ógreinilegir og lögun tóftar einnig en hóllinn sem hún stendur á sker sig nokkuð úr umhverfi og líklegt að þarna hafi verið byggt á eldri minjum. Veggir eru mest um 20sm háir og um 1m á breidd. Suðvestan við tóftina er þúst eða þúfnakraðak sem gæti tengst tóftinni.

### Höfði-113

**Sérheiti:** Þrælagerði

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Tóft nr. 112 stendur á smá hól og virðist líklegt að hún sé byggð á eldri minjum.

**Lýsing**

Tóftin snýr nokkurn veginn austur/vestur, 5x7m að utanmáli. Veggir ógreinilegir og lögun tóftar einnig en hóllinn sem hún stendur á sker sig nokkuð úr umhverfi og líklegt að þarna hafi veri byggt á eldri minjum. Veggir eru mest um 20sm háir og um 1m á breidd. Suðvestan við tóftina er þúst eða þúfnakraðak sem gæti tengst tóftinni.

### Höfði-114

**Sérheiti:** Þrælagerði

**Hlutverk:** Óþekkt, náttúrulegt

**Tegund:** Þúst


**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Suður og upp af garðlögunum er þúst eða þúfur saman í hnapp sem gætu verið leifar einhvers mannvirkis.

**Lýsing**

Þústin er um 8m í þvermál, lyngi gróin og sker sig örlítið úr umhverfi. Óvíst er hvort um leifar mannvirkis eða náttúrulegt fyrirbæri sé að ræða (Sjá yfirlitsmynd bls. 63).



### Höfði-115

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Syðst á lágu holti á mót suðri um 90m norður af garðlagi nr. 107 er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er algróið, veggir jarðsokknir og hafa að líkindum rofnað en gróið yfir þá aftur. Þeir eru þýfðir að hluta, 20-30sm háir og mest um 1m á breidd. Hlutverk er óvíst en líklega er um að ræða rétt.

### Höfði-116

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Garðlag


**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Norðarlega á Þórðarhöfða norðan undir brekku sem liggur frá nyrsta hluta höfðans og til suðausturs er grasi gróið svæði og þar eru tvennar minjar.

**Lýsing**

Austar liggur nokkuð stór rétt, nokkurn veginn austur/vestur og hefur hlið snúið til austurs. Garðlagið er 7x14m að utanmáli og veggir 40-100sm háir og mest um 1,5m á breidd þar sem hrúnið er úr veggjum. Veggir eru grónir en sér í grjóti í hleðslum á nokkrum stöðum og eru veggir víðast stæðilegir.



### Höfði-117

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Norðarlega á Þórðarhöfða norðan undir brekku sem liggur frá nyrsta hluta höfðans og til suðausturs er grasi gróið svæði og þar eru tvennar minjar.

**Lýsing**

Vestari tóftin er minni og snýr norður/suður, 3x6m að utanmáli. Veggir eru þýfðir og algrónir, 20-30sm háir og mest um 1m á breidd. Óvíst er hvar dyr eða hlið hefur verið.



### Höfði-118

**Hlutverk:** Óþekkt, beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hættu.

#### Staðhættir

Í hvammi eða skál vestanvert á Þórðarhöfða, suðaustur af svonefndri Kögurrós eru tvennar tóftir.

#### Lýsing

Vestari tóftin liggur neðst í brekku í aflíðandi halla. Hún er tvískipt, snýr norðaustur/suðvestur og er 6x14m að

utanmáli. Veggir eru nokkuð jarðsokknir, mest um 30sm háir og rúmlega 1,5m á breidd. Tóftin er algróin grasi, mosa og lyngi og virðist nokkuð gömul. Hlutverk er óvíst en miðað við útlit er mögulegt að þarna hafi verið beitarhús.

### Höfði-119

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hættu.

#### Staðhættir

Í hvammi eða skál vestanvert á Þórðarhöfða, suðaustur af svonefndri Kögurrós eru tvennar tóftir og liggur sú austari í mynni skálarinnar.

#### Lýsing

Tóftin sem er tvískipt er 4x5m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Engar dyr eru greinanlegar og eru veggir þýfðir og útlínur þeirra frekar óljósar. Þeir eru 10-20sm háir og rúmlega 1m á breidd. Tóftin er á smá hól og er algróin grasi.


## Lónkot-söguágrip

Lónkot á land að sjó á milli jarðanna Höfða í suðri og Glæsibæjar í norðri. Jörðin er upphaflega hjáleiga frá Tjörnum og er í jarðatali 1709 sagt að hún sé talinn fjórðungur allrar jarðarinnar.<sup>67</sup> Jarðatal frá 1703 er elsta heimild er getur Lónkots og eru þá skráðir þrír til heimilis en annars eru um 7-12 manns til heimilis þar á 19. öld og fram um aldamótin 1900. Árið 1845 virðist jörðin í eyði.<sup>68</sup>

Lónkotsmöl sem ein aðallending sveitarinnar og þaðan var töluvert útræði. Fjölmargar búdartóftir eru nefndar í heimildum: Tjarnarbúð/Kristinsbúð, Glæsibæjarbúð, Sölvabúð, Róholsbúð og Salthúsið en þær eru nú allar horfnar sökum landbrots.<sup>69</sup> Í Fasteignamati 1916-1918 segir: „Jörðin liggur fast við sjó, hefir útræði, ofurlítinn reka, og góða hrognkelsaveiði.“<sup>70</sup>

Samkvæmt heimildamanni fóru búdartóftir þær sem voru á Lónkotsmöl í einu vondu veðri eftir miðja 20. öld. eins og segir í frásögn Tryggva hér að ofan.<sup>71</sup>

## Fornleifaskráning



### Lónkot-120

**Sérheiti:** Stekkurinn

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** **Hætta.** Vegna nálægðar við sjó en tóftin er innan við 10m frá fjörrunni þar sem landbrot hefur verið nokkurt.

### Staðhættir

Við fjöruna um 670m suður af íbúðarhúsinu í Lónkoti er tóft.

### Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og er 5x9m að utanmáli. Hún skiptist í tvö hólfi og er það syðra tvískipt og er eins og garði fyrir miðju en ólíklegt virðist þó að þetta sé fjárhústóft. Dyr hafa verið á hvoru hólfi og snúið til vesturs.

Tóftin er algróin grasi, veggir 40-90sm háir og um 1m á breidd.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „norðan móanna, næst lónunum, sem eru við fjörukambinn, er Stekkjarhæðin. Þar eru tóftir kallaðar Stekkurinn.“ (Ö-Lónkot, 1).

<sup>67</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 266.

<sup>68</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.mannatal.is/](http://www.mannatal.is/). Skoðaður þann 27.02.2013.

<sup>69</sup> Ö-Lónkot, 3.

<sup>70</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Lónkot nr. 14, bls. 84-85. Skoðað þann 20.02.2013.

<sup>71</sup> Munnl. heimild. Friðrik Antonsson. 13.03.2013.

### Lónkot-121

**Hlutverk:** Óþekkt, áveita

**Tegund:** Garðlag


**Hættumat:** Hætta.

**Staðhættir**

Við eitt lónanna um 380m suður af Lónkoti er garðlag sem liggur milli tveggja tveggja lóna.

**Lýsing**

Garðlagið sem er í tveimur hlutum liggur norðvestur/suðaustur og er alls um 23m að utanmáli. Styttu garðlag er sunnan við um 4m langt. Þau eru mest um 40sm há og 50sm á breidd.



### Lónkot-122

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta.

**Staðhættir**

Á austanverðum lónbakka um 230m suður af Lónkoti er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er ferhyrnt um 10m á kant að utanmáli. Veggir eru grónir en sér í grjót að norðan, þeir eru 20-70sm háir, hæstir að norðan. Efni í garðlagið hefur að líkindum verið tekið sunnan þess.

### Lónkot-123

**Hlutverk:** Óþekkt, áveita?

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta.

**Staðhættir**

Á sunnanverðum lækjarbakka um 160m suður af Lónkoti garðlag.

**Lýsing**


Garðlagið er rúmlega 30m langt og liggur frá norðaustri til vestsuðvesturs.

Það er um 30sm hátt og mest rúmlega


2m á breidd. Við norðausturenda þess virðist vera smá hólfi og í læknum við það eru stór grjót

sem gætu verið leifar stíflu. Gegnt hólfinu, hinum megin lækjar er rás þar sem vatni virðist

hafa verið veitt úr læknum.







### Lónkot-124

**Sérheiti:** Heimaristekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta.

#### Staðhættir

Á lækjarbakka um 140m suður af Lónkoti er tóft.

#### Lýsing

Tóftin er 5x10m að utanmáli. Veggur eru algrónir grasi og mosa og hlaupnir í þúfur en einnig er þýft umhverfis tóftina. Þeir eru 30-40sm háir og mest um 1,5m á breidd. Hún er tvískipt og er stærra hólfið til norðausturs en það minna til suðvesturs, hlið hefur verið á því síðarnefnda til suðurs. Veggur liggur til norðvesturs frá tóftinni, um 7m langur.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Norðar gengur grandir milli tveggja lóna. Hann er alltaf kallaður Grandinn. Yzt á honum eru stekkjartóftir nefndar Heimaristekkur.“ (Ö-Lónkot, 1).

### Lónkot-125

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta.

#### Staðhættir

Á lækjarbakka rúmlega 130m suður af Lónkoti er tóft.

#### Lýsing

Tóftin liggur norðaustur/suðvestur, 3x6m að utanmáli. Hún er tvískipt, lítið ógreinilegt hólfið til norðausturs en stærra til suðvesturs og á þeim hafa verið hlið eða dyr til suðausturs. Veggir eru algrónir og þýfðir, 30-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

### Lónkot-126

**Hlutverk:** Óþekkt, áveitugarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Í mýri um 170m norður af Lónkotsbænum er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið liggur úr suðri til norðvesturs og síðan norðurs og er um 280m á lengd. Það er grasi gróið, 20-50sm hátt og mest um 1m á breidd. Um 30sm djúpur og breiður skurður er meðfram garðinum á kafla.



Mynd 32. Horft er á eftir garðlaginu til norðvesturs.

### Lónkot-127

**Hlutverk:** Óþekkt, áveita, varnargarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta.

**Staðhættir**

Á lónbakka rúmlega 260m suður af Lónkoti er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið liggur meðfram lónbakka frá norðri til suðurs og er alls um 45m á lengd. Það er mest um 30sm hátt og 50sm á breidd, grasi gróið.

### Lónkot-128

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Hætta.

**Staðhættir**

Vestur af Þjóðveginum sem liggur í gegnum land Lónkots er mógrafarsvæði.

**Lýsing**

Mógrafirnar ná yfir tæplega 12000m<sup>2</sup> svæði og liggja flestar nokkuð langt frá sjó eða um 2-300m og eru því ekki taldar í hættu en ein liggur nær sjónum eða um 50m frá fjörukambinum og gæti verið í hættu vegna landbrots. Mógrafirnar sem sjást voru mældar upp af loftmynd og eru hér skráðar sem ein heild.

**Aðrar upplýsingar**

Í Fasteignamati frá 1916-18 segir: „[Eigandi jarðarinnar] Selur mótekju til Málmeyjar.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmerkt; Skagafjarðarsýsla. Lónkot nr. 14, bls. 84-85. Skoðað þann 20.02.2013.)

## **Horfna minjar**

Í ornefnaskrá segir: „Á fjörukambinum, vestan við bæinn, er lendingarstöðin Lónkotsmöl, aðallending sveitarinnar, og áður var þaðan mikið útræði. Þar sé fyrir búðartóftum og eru þessi nöfn þekkt: Nyrzt er Tjarnabúð eða Kristinsbúð. Hún er kennd við Kristin þann, sem kom að Tjörnum 1847. Fyrir sunnan Kristinsbúð voru í þessari röð: Glæsibæjarbúð, Sölvabúð, Róðhólsbúð og Salthúsið syðst. Seinna var Lónkotssalthúsið byggt á grunn Glæsibæjarbúðar.“ (Ö-Lónkot, 3-4). „Frá Lónkotsmöl voru fyrrum gerð út hákarlaskip frá nokkrum bæjum, en Lónkotsmölin var aðal útróðrarstöð Slétthlíðinga. Þar að auki voru fiskibátar stórir og smáir, sem notaðir voru sumar og haust, frá enn fleiri bæjum. Öll þessi starfsemi kallaði á húsakost (búðir) til að salta fiskinn í og geyma það sem varð að hafa í húsum inni. Einnig þurfti að hafa fyrir þann fisk sem þurrkaður var, og stæði fyrir báta og skip voru oftast meðfram búðaveggjunum. Öllu þessu var komið fyrir á mölinni upp við Lónið. Um 1920 var nokkuð af þessum byggingum uppi standandi og greinilegar tóftir eftir aðrar.“ (Ö-Lónkot-2, 8).

### **Lónkot-129**

**Hlutverk:** Tjarnabúð/Kristinsbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í ornefnaskrá segir: „Á fjörukambinum, vestan við bæinn, er lendingarstöðin Lónkotsmöl, aðallending sveitarinnar, og áður var þaðan mikið útræði. Þar sé fyrir búðartóftum og eru þessi nöfn þekkt: Nyrzt er Tjarnabúð eða Kristinsbúð. Hún er kennd við Kristin þann, sem kom að Tjörnum 1847.“ (Ö-Lónkot, 3-4).

#### **Lýsing**

Minjarnar eru horfna.

### **Lónkot-130**

**Hlutverk:** Glæsibæjarbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í ornefnaskrá segir: „Á fjörukambinum, vestan við bæinn, er lendingarstöðin Lónkotsmöl, aðallending sveitarinnar, og áður var þaðan mikið útræði. Þar sé fyrir búðartóftum og eru þessi nöfn þekkt: [...] Fyrir sunnan Kristinsbúð voru í þessari röð: Glæsibæjarbúð, Sölvabúð, Róðhólsbúð og Salthúsið syðst. Seinna var Lónkotssalthúsið byggt á grunni Glæsibæjarbúðar.“ (Ö-Lónkot, 3-4).

#### **Lýsing**

Minjarnar eru horfna.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í ornefnaskrá segir: „Tuttugu metrum norðar og nær lóninu var Glæsibæjarbúðin, stóð búð með vel hlöðnum veggjum og var notuð til 1906. Um 1930 var skálinn úr gamla bænum rifinn og byggt úr honum Salthús á grunni Glæsibæjarbúðar.“ (Ö-Lónkot-2, 8).

### **Lónkot-131**

**Hlutverk:** Lónkotssalthús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í ornefnaskrá segir: „Á fjörukambinum, vestan við bæinn, er lendingarstöðin Lónkotsmöl, aðallending sveitarinnar, og áður var þaðan mikið útræði. Þar sé fyrir búðartóftum og eru þessi nöfn þekkt: [...] Fyrir sunnan Kristinsbúð voru í þessari röð: Glæsibæjarbúð, Sölvabúð, Róðhólsbúð og Salthúsið syðst. Seinna var Lónkotssalthúsið byggt á grunni Glæsibæjarbúðar.“ (Ö-Lónkot, 3-4).

#### **Lýsing**

Minjarnar eru horfnar.

#### **Aðrar upplýsingar**

„Tuttugu metrum norðar og nær lóninu var Glæsibæjarbúðin, stóð búð með vel hlöðnum veggjum og var notuð til 1906. Um 1930 var skálinn úr gamla bænum rifinn og byggt úr honum Salthús á grunni Glæsibæjarbúðar.“ (Ö-Lónkot-2, 8).

### **Lónkot-132**

**Hlutverk:** Sölvabúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í ornefnaskrá segir: „Á fjörukambinum, vestan við bæinn, er lendingarstöðin Lónkotsmöl, aðallending sveitarinnar, og áður var þaðan mikið útræði. Þar sé fyrir búðartóftum og eru þessi nöfn þekkt: [...] Fyrir sunnan Kristinsbúð voru í þessari röð: Glæsibæjarbúð, Sölvabúð, Róðhólsbúð og Salthúsið syðst. Seinna var Lónkotssalthúsið byggt á grunni Glæsibæjarbúðar.“ (Ö-Lónkot, 3-4).

#### **Lýsing**

Minjarnar eru horfnar.

#### **Aðrar upplýsingar**

„Þarna í kring voru tóftabrot af búðum sem ýmsir bændur áttu. Meðal þeirra var búð Sölva í Lónkoti, sem kölluð var Sölvabúð og stóð skammt norðan við Bogann. Síðar var hún endurbyggð og fékk þá nafnið Sveinsbúð, eign Sveins Stefánssonar frá Róðhóli.“ (Ö-Lónkot-2, 8).

### **Lónkot-133**

**Hlutverk:** Sveinsbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í ornefnaskrá segir: „Þarna í kring voru tóftabrot af búðum sem ýmsir bændur áttu. Meðal þeirra var búð Sölva í Lónkoti, sem kölluð var Sölvabúð og stóð skammt norðan við Bogann. Síðar var hún endurbyggð og fékk þá nafnið Sveinsbúð, eign Sveins Stefánssonar frá Róðhóli.“ (Ö-Lónkot-2, 8).

#### **Lýsing**

Minjarnar eru horfnar.

**Lónkot-134****Hlutverk:** Bræðraárbúð**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Talsverðan spöl norðan við Sölvabúð voru rústir af tveimur búðum sem hafa verið sambyggðar. Það voru Bræðraárbúð og Arnarstaðabúð.“ (Ö-Lónkot-2, 8).

**Lýsing**

Minjarnar eru horfnar.

**Lónkot-135****Hlutverk:** Arnastaðabúð**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Talsverðan spöl norðan við Sölvabúð voru rústir af tveimur búðum sem hafa verið sambyggðar. Það voru Bræðraárbúð og Arnarstaðabúð.“ (Ö-Lónkot-2, 8).

**Lýsing**

Minjarnar eru horfnar.

**Lónkot-136****Hlutverk:** Salthúsið**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Þegar komið var niður á Mölina eftir Boganum var á vinstri hönd, 20 metrum sunnan við Bogann, Salthúsið, timburhús með jærnpaki. Áttu það kaupmenn á Sauðárkróki, sem geymdu þar salt og keyptu fisk á Lónkotsmöl það hús var rífið 1925 og flutt burtu.“ (Ö-Lónkot-2, 8).

**Lýsing**

Minjarnar eru horfnar.

**Lónkot-137****Hlutverk:** Skálárbúð**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Nyrsta búðin var Skálárbúðin, en hún stóð 30 m. norðan við Kristinbúð.“ (Ö-Lónkot-2, 8).

**Lýsing**

Minjarnar eru horfnar.

**Lónkot-138****Hlutverk:** Róðhólsbúð**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Á fjörुकambinum, vestan við bæinn, er lendingarstöðin Lónkotsmöl, aðallending sveitarinnar, og áður var þaðan mikið útræði. Þar sé fyrir búðartóftum og eru þessi nöfn þekkt: [...] Fyrir sunnan Kristinsbúð voru í þessari röð: Glæsibæjarbúð, Sölvabúð,

Róðhólsbúð og Salthúsið syðst. Seinna var Lónkotssalthúsið byggt á grunni Glæsibæjarbúðar.“ (Ö-Lónkot, 3-4).

**Lýsing**

Minjarnar eru horfnar.

**Lónkot-139**

**Hlutverk:** Salthús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá er birt frásögn Tryggva Guðlaugssonar bónda í Lónkoti frá 1984 sem Hjalti Pálsson skráði, þar segir: „Á Lónkotsmöl var mikil fisktaka, áður en ég kom þangað. Þar var tekinn fiskur fyrir Gránufélagið og hann saltaður, byggt þar salthús (87). Það var rífið og flutt til Siglufjarðar 1910.“ [sic] (Ö-Lónkot 2, 7).

**Lýsing**

Eins og kemur fram í heimild var húsið flutt 1910.

**Lónkot-140**

**Hlutverk:** Geymsla, skemma

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá er birt frásögn Tryggva Guðlaugssonar bónda í Lónkoti frá 1984 sem Hjalti Pálsson skráði, þar segir: „Um svipað leiti eða litlu fyrr lét Jón Sveinsson byggja þarna annað hús. Það var allgott hús og notað fyrir veiðarfæri og síðan fyrir afgreiðslu á vörum fyrir fóðurbirgðafélagið. Þá kom mjölvara í 200 punda pokum og þetta var þrælavinna að koma þessu á land og síðan að afgreiða þetta. Maður gat aldrei um frjálst höfuð strokið í þessum efnum.“ [sic] (Ö-Lónkot 2, 7).

**Lýsing**

Minjarnar eru horfnar.



## Glæsibær-söguágríp

Tjarnarkot eða Tjarnargerði var ásamt Lónkoti hjáleiga frá Tjörnum og um hana segir í jarðabók 1709: „Hefur í eyði legið næstliðið ár og enn nú, talinn fjórðungur allrar jarðarinnar“.<sup>72</sup> Í manntali frá 1703 eru skráð til heimilis í Tjarnakoti í Sléttuhlíðarhreppi, Guðrún Eyjólfsdóttir og sonur hennar Jón Magnússon. Jörðin kemur ekki fyrir í manntölum eftir það en árið 1840 eru 3 skráðir til heimilis í Glæsibæ sem var þá nýbýli frá Tjörnum.<sup>73</sup>

Um sjávarhlunnindi segir: „Heimræði er hjer ár um kríng og lendíng ein fyrir landi, sem bæði er stórgrýtt og brimsöm, og örðugt skipsuppsátur, er hjer oft svipult til sjáfar þegar að amar. Skip ábúanda gengur hjer eitt, fleiri mætti gánga af hann fengið því við komið.“<sup>74</sup>

## Fornleifaskráning



Mynd 33. Vesturendi garðlagsins liggur niður að fjöru. Horft er til vesturs og sér í Málmei og Drangey í baksýn.

er meðfram garðlaginu að sunnan.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Landamerki millum Glæsibæjar og Lónkots eru glögg. Frá vörðu efst á Brunhól beina línu niður að sjó að svokölluðum Hvalhaus, hvalbeini sem lá efst í fjörukambinum, við endann á flóðgarði sem gerður var yfir flæðarnar.“ (Ö-Glæsibær, 1).

### Glæsibær-142

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst/hleðsla

**Hættumat:** Engin hættu.

**Staðhættir**

Vestan við tún í Glæsibæ, um 500m vestur af bænum er þúst eða vegghleðsla.

### Glæsibær-141

**Hlutverk:** Flóðgarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hættu.

Vegna nálægðar við sjó. Vesturendi garðlagsins liggur við fjöruna.

**Staðhættir**

Norðan við merki Lónkots og Glæsibæjar og að hluta til á merkjum er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið liggur frá vestri til austurs með smá boga fyrir miðju til suðurs. Það er 10-30sm hátt og innan við 1m á breidd. Smá skurður


<sup>72</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 267.

<sup>73</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/). Skoðaður þann 27.02.2013.

<sup>74</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 267.

### Lýsing

Þústin/hleðslan snýr norður/suður og er 4x10m að utanmáli. Hæð er um 10-50sm og mest rúmlega 1m á breidd, gróið miklu grasi og þýft. Virðast vera leifar einhverskonar mannvirkis.



### Glæsibær-143

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur

**Tegund:** Tóft, náttúrulegt

**Hættumat:** Hætta. Vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Í túnjaðri tæplega 500m vestur af bænum, við sjóinn er mögulega tóft.

**Lýsing**

Meint tóft er rúmlega 3x8m að utanmáli og virðist tvískipt. Hún er algróin miklu grasi og

sker sig lítið úr umhverfi. Veggir mest um 40sm háir og rúmlega 1m á breidd, þýfðir. Mögulega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.

### Glæsibær-144

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hættu. Vegna nálægðar við sjó en þegar hefur brotnað af garðinum að vestan.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum í norðvesturhorni Glæsibæjarlands er garðlag.

**Lýsing**

Um er að ræða matjurtagarð, 13x17m að utanmáli og sjást greinileg beð í honum.

Hæð veggja er um 30-100sm og breidd mest um 1m. Garðurinn liggur fram á sjávarbrún og er vesturveggur þegar horfinn í sjó vegna landbrots.



Mynd 34. Horft er með ströndinni til norðvesturs.

### Glæsibær-145

**Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður?

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hættu. Þegar hefur brotnað vegna sjávargangs.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum í norðvesturhorni Glæsibæjarlands eru tvennir matjurtagarðar og á milli þeirra hleðsla, hugsanlega tóftaleifar.

**Lýsing**

Hleðslan liggur meðfram sjávarbrúninni og virðist vera leifar mannvirkis sem er að mestu farið í sjó, hugsanlega matjurtagarðs? Hún er 20-40sm há og mest um 1m á breidd og um 10m löng.



Mynd 35. Horft er til VSV og sést Málmei í baksýn.



Mynd 36. Brotbakkinn vestan við matjurtagarðinn. Ofan á bakkanum lengst til vinstri grillir í garðendann.

### **Glæsibær-146**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta. Vegna nálægðar við sjó en þegar hefur brotnað af garðinum að vestan.

#### **Staðhættir**

Á sjávarbakkanum í norðvesturhorni Glæsibæjarlands er garðlag.

#### **Lýsing**

Um er að ræða leifar matjurtagarðs sem er 10x17m að utanmáli en vestur hluti hans er þegar horfinn í sjó vegna landbrots. Aðeins norðurveggur stendur enn, hann er rúmlega 8m langur, 40-60sm hár og um 1m á breidd. Til austurs og suðurs afmarkast garðurinn af 20sm háum grasi grónum bakka.

### **Horfna minjar**

### **Glæsibær-147**

**Sérheiti:** Matartóttin

**Hlutverk:** Sjóbúð?

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Vestast þar sem flóinn gengur fram að starenginu uppaf sjávarkambinum, og ber heitið Flæðarnar, er hæðarbrún, lág suður við Lágumýrina en hækkar norðureftir og nær alla leið norður að Hrollaugsdalsá. Þetta heitir Flæðarbrekkan. Nyrzti hluti hennar er orðinn að háum melkambi og heitir Hornið. Örnefni var til á miðri Flæðabrekkunni. Kallaðist Matartóttin og er gamalt. Við túngerðina hvarf tóttin, er aðeins lítið eitt hærri búnga upp á barminum. Líklegast hefur þetta verið sjóbúð en það gaf henni ekki nafnið.“ (Ö-Glæsibær, 3).

#### **Lýsing**

Tóftin fannst ekki við skráningu 2012.

## Fell-söguágríp

Fells eða ábúenda á Felli er fyrst getið í Sturlungu<sup>75</sup> og síðar kemur Fellskirkja fyrir í Auðunarmáldaga 1318 þar sem taldar eru eignir kirkjunnar og þar með „allt heima land. oc kappastadi.“<sup>76</sup> Í jarðabók 1709 segir: „Heimræði er hjer og lending ein brimsöm fyrir heimalandi og stórgrýtt, og brúkast því þetta heimræði sjaldan um vetur. Skipgata mjög erfið. Skip staðarhaldarans gengur hjer eitt eður fleiri sem hann fær við komið.“<sup>77</sup> Prestur getur um landbrot í Hrolleifshöfða í sóknalýsingu: „[...] grjóthrun er jafnaðarlega undir höfðanum og þó mest, þegar bleytur ganga.“<sup>78</sup>

Um sjávarhlunnindi segir í fasteignamati 1916-1918: „Fjörubeit mikil og góð, bæði fyrir Fells og Fjallslandi. Trjáreki nokkur, og silungs og hrognkelsaveiði, lending slæm.“<sup>79</sup>

Árið 1703 voru 8 manns skráðir til heimilis í Felli og í manntölum á 19. öld og fram yfir byrjun þeirrar 20. eru ábúendur yfirleitt á bilinu 10-17.<sup>80</sup>

Samkvæmt heimildamanni er mikið landbrot fyrir landi Fells og hefur aukist á undanförunum áratugum. Víða er landslag gjörbreytt og má sem dæmi nefna að við áróss Hrolleifsdalsár var gríðarleg mól framan við ósinn sem náði allt að 200 m frá landi, þarna eru nú stutt fjara. Þessu landbroti hefur fylgt að mikið af minjum er farið í sjó, bæði á Löngubúðarbökkum og við Gjávík (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild. 02.03.13).

---

<sup>75</sup> *Sturlunga I*, 171. 183, 203.

<sup>76</sup> *Íslenskt Fornbréfasafn II*, 459.

<sup>77</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 275.

<sup>78</sup> *Sýslu- og Sóknalýsingar II*, 144.

<sup>79</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Fell nr. 17, bls. 86. Skoðað þann 20.02.2013.

<sup>80</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/). Skoðaður þann 27.02.2013.



## Fornleifaskráning



Mynd 37. Horft er eftir garðlaginu til austurs. Hrolleifsdalsá er til hægri á mynd.

brekku og er hrúnið af endanum niður brekkuna. Garðurinn sem er alfarið hlaðinn úr grjóti er að miklu leyti hrúnn en veggjahæð er mest um 30sm og breidd mest rúmlega 1m. Nokkru austar er annar hluti garðsins sem virðist hrúnn og liggur í hrúgu. Grjóthrúgan er mynduð af nokkrum minni hrúgum sem mynda röð frá norðvestri til suðausturs.

### Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni var þetta vörslugarður meðfram túni sem var á flatanum niður við ána (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild. 02.03.13).

### Fell-149

**Sérheiti:** Hornkot?

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta. Minjunum stafar hætta af landbroti vegna Hrolleifsdalsár.

### Staðhættir

Norður og upp af Hrolleifsdalsá tæplega 200m NA af sjálfum árósum neðan undir gömlum árbakka, á bakka Hrolleifsdalsár þar sem hún beygir til suðurs áður en hún rennur í sjóinn er garðlag.

### Lýsing

Garðlagið er alls um 14m langt og liggur ANA/VSV, það er á kafla tæplega 40sm hátt og 1m breitt en er annars bara einfaldur kantur í brekkuna. Það er algróið grasi og hvergi sér í grjót.

### Fell-148

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta. Minjunum stafar hætta af landbroti vegna Hrolleifsdalsár.

### Staðhættir

Norður og upp af Hrolleifsdalsá tæplega 200m NA af sjálfum árósum fremst á gömlum árbakka er garðlag.

### Lýsing

Garðlagið er um 30m langt og liggur að mestu austur/vestur en beygir til suðurs við austurenda þar sem það liggur niður



### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Munnmæli greina svo frá, að þarna á horninu var býli sem hét Hornkot.“ (Ö-Fell-2, 18-19). Heimildamaður taldi ekki ólíklegt að þarna hafi verið býli það sem nefndist Hornkot (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild. 02.03.13) en í jarðabók frá 1709 segir að býlið Hornkot hafi verið: „Fjórða eyðihjáleiga bygð í heimatúninu fyrir hér um 20 árum, og varaði byggðin fáein ár, hefur hvorki byggst áður né síðan.“ (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 276).

### Fell-150

**Sérheiti:** Hornkot?

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat: Hætta.** Þústin er innan við 50m frá fjörunni.

### Staðhættir

Norður og upp af Hrolleifsdalsá tæplega 200m NA af sjálfum árósum neðan undir gömlum árbakka er þúst eða veggjalag.

### Lýsing

Þústin er grasi gróin og liggur samsíða brekkunni frá ANA til VSV. Hún er grasi gróin og um 7m löng og við ANA enda beygir hún örlítið upp í brekkuna. Hæð er um 20sm.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Munnmæli greina svo frá, að þarna á horninu var býli sem hét Hornkot.“ (Ö-Fell-2, 18-19). Heimildamaður taldi ekki ólíklegt að þarna hafi verið býli það sem nefndist Hornkot (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild. 02.03.13) en í jarðabók frá 1709 segir að býlið Hornkot hafi verið: „Fjórða eyðihjáleiga bygð í heimatúninu fyrir hér um 20 árum, og varaði byggðin fáein ár, hefur hvorki byggst áður né síðan.“




Mynd 38. Horft er niður af brekkunni til suðvesturs. Þústin eða veggjalagið er fyrir miðri mynd.





Mynd 39. Tóftin er fyrir miðri mynd og til vinstri má sjá hvernig þegar hefur grafið undan bakkanum sem hún stendur á. Horft er til NNV.



### Fell-151

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Hluti tóftar er þegar farinn í sjó og grafið hefur undan bakkanum sem hún stendur á.

### Staðhættir

Syðst á svonefndum Löngubúðarbökkum (Laugubúðarbakka) (sbr. Ö-Fell, bls. 5), um 150m norðvestur af ósi Hrolleifsdalsár er tóft.


### Lýsing

Tóftin liggur norður/suður, 3x3m að utarmáli og mögulega hafa dyr snúið til suðurs. Veggir eru um 40sm háir og mest um 1m á breidd. Norðan við tóftina eru tveir niðurgreftir með sléttum brúnum, um 10sm djúpir. Mögulegt er að þar hafi verið tekið efni í tóftina.

### Fell-152



Mynd 40. Horft er yfir tóftina til suðvesturs. Í baksýn sést frá vinstri í Þórðarhöfða, Drangey og Málmey.



**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hætta.** Tóftin liggur innan við 5m frá sjávarbakka þar sem landbrot virðist töluvert.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum, um 350m norðvestur af ósi Hrolleifsdalsár (sem í daglegu tali er nefndur Árósin sbr. Ö-Fell bls. 4) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur norðaustur/suðvestur, 4x6m að utanmáli. Hún er lyngi gróin og engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru jarðsokknir, aðeins rofnir til vesturs. Þeir eru 20-40sm háir og mest um 1m á breidd.

**Fell-153**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgreftur

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem landbrot er nokkurt.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum, um 450m norðvestur af ósi Hrolleifsdalsár eru tveir samsíða niðurgreftir.


**Lýsing**

Niðurgreftirnir liggja hlið við hlið frá norðaustur til suðvesturs. Þeir eru um 20-40sm djúpir og lyngi grónir. Virðast vera leifar einhverskonar mannvirkis.

**Fell-154**



Mynd 41. Horft er yfir leifar tóftar til suðurs.



**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka sem brýtur af og er hluti tóftar farinn í sjó.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum, um 560m norðaustur af árósi Hrolleifsdalsár (sem í daglegu tali er nefndur Árósin sbr. Ö-Fell bls. 4) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 2x3m að utanmáli og er vesturveggur og suðvesturhorn tóftar horfið. Veggir eru grónir, um 30sm háir og mest um 1m á breidd.

### Fell-155

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar liggja fram á sjávarbakka sem brýtur af og er stærstur hluti minjanna að líkindum farinn í sjó.

#### Staðhættir

Á sjávarbakkanum, tæplega 570m norðvestur af ósi Hrolleifsdalsár (sem í daglegu tali er nefndur Árósin sbr. Ö-Fell bls. 4) er þúst, mögulega leifar tóftar.


#### Lýsing

Þústin eða veggbrotið virðist um 2,5m á lengd, 10-25sm hátt, gróið grasi og mosa. Mögulega er þetta náttúrulegt fyrirbrigði en ekki er ólíklegt að þetta séu leifar einhverskonar mannvirkis.

### Fell-156



Mynd 42. Horft er yfir tóft til norðurs.



**Hlutverk:** Sjóbúð, verslun

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar liggja innan við 10m frá sjávarbakka.

#### Staðhættir

Rúmlega 700m norðvestur af árósi Hrolleifsdalsár (sem í daglegu tali er nefndur Árósin sbr. Ö-Fell bls. 4) er tóft.

#### Lýsing

Hún liggur norðvestur/suðaustur og er tvískipt, dyr hafa snúið til suðvesturs. Veggir eru um 1m á breidd, að nokkru hrundir, 20-60sm háir og að miklu leyti hlaðnir út grjóti einkum hólfíð sem liggur til norðvesturs. Utanmál tóftar er 5x7m.

#### Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni hafði Sveinn Árnason (bóndi í Felli f. 1864) búð þarna og seldi ýmsan varning (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild. 02.03.13).

### Fell-157

**Hlutverk:** Óþekkt, fjárborg

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja um 5m frá brún Hrolleifshöfða sem greinilega brotnar framan af, að líkindum af sökum veðurs og vinda fremur en sjávar.

#### Staðhættir


Við brún Hrolleifshöfða um 3,5km norðvestur af bænum á Felli er tóft. Hún er á mörkum þar sem höfðinn hættir að liggja frá norðri til suðurs og tekur að beygja til norðvesturs.

#### Lýsing

Tóftin er algróin, hringlaga, veggir þykkir eða allt að 3m á breidd og 50-100sm háir. Þvermál tóftar er um 9. Engar dyr eru greinanlegar.

#### Aðrar upplýsingar


Hlutverk er óþekkt en tóftin líkist þeim sem getið er í örnefnaskrá en þar segir: „Þar sést á stöku stöðum fyrir hringmynduðum veggjabrotum, sem gæti verið leifar af fjárborgum eða smalabyrgjum eða hvort tveggja.“ (Ö-Fell, 5).



### Fell-158



Mynd 43. Tóftin er fyrir miðri mynd, veggir þykkir og algróinir. Horft er til austurs.



**Hlutverk:** Óþekkt, fjárborg

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja um 7m frá brún Hrolleifshöfða sem greinilega brotnar framan af.

#### Staðhættir

Vestur af Kaldbaksvík hækkar höfðinn og þar eru tvennar tóftir sem liggja fram á brún Höfðans.



## Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og er 6x10m að utanmáli. Engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru algrónir, 30-50sm háir og rúmlega 2m á breidd. Norðurlangveggur tóftar er að líkindum helst í hættu vegna vindrofs.


## Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en tóftin líkist þeim sem getið er í örnefnaskrá en þar segir: „Þar sést á stöku stöðum fyrir hringmynduðum veggjabrotum, sem gæti verið leifar af fjárborgum eða smalabyrgjum eða hvort tveggja.“ (Ö-Fell, 5).

## Fell-159



Mynd 44. Horft er yfir tóftina til austurs. Til vinstri sést greinilega hvar brotnað hefur úr bakkanum.



**Hlutverk:** Óþekkt, fjárborg

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar liggja fram á brún Hrolleifshöfða sem greinilega brotnar framan af.

## Staðhættir

Vestur af Kaldbaksvík hækkar höfðinn og þar eru tvennar tóftir sem liggja fram á brún Höfðans.

## Lýsing

Tóftin er algróin og hefur upphaflega verið hringlaga en norðurendi hennar er farinn í sjó. Veggir eru þykkir, allt að 4m og hæð allt að 70sm. Þeir eru algrónir grasi og mosa. Efni í tóftina hefur að líkindum verið tekið meðfram henni þar sem er lágur niðurgroftur. Hún er 10x15m að utanmáli en þvermál hefur væntanlega verið 15m áður en braut af tóftinni.

## Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en tóftin líkist þeim sem getið er í örnefnaskrá en þar segir: „Þar sést á stöku stöðum fyrir hringmynduðum veggjabrotum, sem gæti verið leifar af fjárborgum eða smalabyrgjum eða hvort tveggja.“ (Ö-Fell, 5).

## Fell-160



Mynd 45. Horft er eftir garðlaginu til norðvesturs í átt til sjávar.

undan girðingu sem lá alveg heim að Kappastöðum og var að hans sögn gert snemma á 20. öld (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild 02.03.13).

**Hlutverk:** Girðing

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka og hefur líklega þegar brotið af þeim enda sem liggur fram á bakkann.

**Staðhættir**

Austan við Kaldbaksvík er garðlag sem liggur fram á sjávarbrún.

**Lýsing**

Garðlagið liggur frá norðvestri til suðausturs og er um 50m langt, 30-40sm hátt og mest um 2m á breidd. Samkvæmt heimildamanni er garðlagið

## Horfnar minjar

### Fell-161

**Hlutverk:** Salthús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Samkvæmt heimildamanni var salthús í mölinni við árós Hrolleifsdalsár sem nú er löngu farin í sjó (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild. 02.03.13).

### Fell-241

**Hlutverk:** Virki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í Frásögum um fornaldarleifar segir: „Vyrkisgyrdínar merki sést á Sióarbacka á Hrollefshöfða í Fellslandi, þangað skal Hrolleifr mikli Landnámsmadr, hafa stockid úr Hrolleifsdal frá Þverá, eptir víg Odds Unasonar, og þadan vestr.“ (Frásögur um Fornaldarleifar 1817-1823, 516).

**Lýsing**

Ummerki fundust ekki við skráningu 2012 nema um sé að ræða eitthvað af þeim minjum sem eru skráðar hér að framan.



## Fjall-söguágríp

Fjalls er fyrst getið í jarðakaupabréfi frá 1434.<sup>81</sup> Land það sem tilheyrði áður jörðinni Fjalli var lagt undir Fell þegar jörðin fór í eyði árið 1928.<sup>82</sup> Þrír eru skráðir til heimilis á Fjalli 1703 en 1855 og 1890 virðist jörðin í eyði, ábúendur eru annars á bilinu 3-10 fram yfir aldamótin 1900.<sup>83</sup>

Í jarðamati 1709 segir: „Heimræði er hjer og lendíng ein brimsöm og hættuleg fyrir landi, brúkast því sjaldan nema um hásumar. Nú gengur hjer ekkert skip, því ábúandi er ekki so efnaður.“<sup>84</sup>

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um sjávarhlunnindi: „Fjörubeit góð. Fell á fjörubeit fyrir landi jarðarinnar. Stutt til sjáfar, góð hrognkelsaveiði, trjáreki nokkur.“<sup>85</sup>

Útræði var frá Gjávík og samkvæmt heimildamanni var salthús í fjörunni sem nú er horfið í sjó og einnig taldi hann að eitthvað af sjóbúðatóftunum sem þar voru væru farnar í sjó (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild 02.03.13).

---

<sup>81</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn IV*, 538.

<sup>82</sup> *Jarða- og búendatal Skagafjarðarsýslu 1781-1958*, 77.


<sup>83</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/). Skoðaður þann 27.02.2013.

<sup>84</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 277.

<sup>85</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Fjall nr. 19, bls. 87. Skoðað þann 20.02.2013.

## Fornleifaskráning

### Fjall-162



Mynd 46. Meint heytóft, horft er til vesturs og má sjá sjávarbakkann til hægri á mynd.

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftin er fram á sjávarbakka og þegar er brotið af henni.

**Staðhættir**

Vestast í Gjávík, fram á stuttu nesi eru beitarhúsatóftir.

**Lýsing**

Vestari tóftin eru fjárhús með garða sem liggja norður/suður og á bakvið er hlaða og að því er virðist heytóftir sem snúa þvert á fjárhúsin. Norðan við hlöðuna og meintar heytóftir eru veggjabrot og þar virðist hafa verið eitthvert mannvirki sem nú er að einhverju leyti farið í sjó. Tóftin er mest 22m löng og 18m breið, veggir 30-180sm háir, hæstir í hlöðu og mest um 2m á breidd. Hún er gróin en sér í torfhleðslur í rofi og grjót í veggjum og garða. Tvær þústir, mögulega veggjaleifar eru austan og suðaustan við tóftina og þar er einnig rás eða renna sem liggur norður/suður um 14m löng.

### Fjall-163



Mynd 47. Horft er til norðurs í átt að tóftinni.



Mynd 48. Horft er í átt að tóftinni til norðausturs. Það má sjá hvar bakkinn er að brotna fram og hluti tóftar er þegar farinn í sjó.

**Sérheiti:** Fjárborg

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftin er fram á sjávarbakka og þegar er brotið af henni.

**Staðhættir**

Vestast í Gjávík, fram á stuttu nesi eru beitarhúsatóftir.

**Lýsing**

Austari tóftin er þrískipt, fjárhús með garða til austurs, hús án garða til vesturs og hlaða til norðurs. Hlaðan liggur fram á brún og er farið að brotna úr henni og eins úr norðvesturhorni tóftar. Hún er 14x24m að utanmáli, veggir 30-160sm, hæstir í hlöðu. Mesta breidd veggja er um 2m. Veggir eru grasi grónir, grjót og torfhláðnir og sjást grjóthleðslur ágætlega og í torf í rofi. Hlaðan er hlaðin úr klömbu en fjárhúsin úr hnaus. Timburgrind sem hangir að einhverju leyti saman er enn í vestara húsinu.


**Aðrar upplýsingar**

Samkvæmt heimildamanni voru húsin byggð rétt fyrir 1940 og voru kölluð Fjárborg. Jöturnar voru með veggjum í húsunum (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild 02.03.13).

## Fjall-164



Mynd 49. Þústin eða tóftaleifarnar eru fyrir miðri mynd, örlítið grænni en umhverfið. Horft er til vesturs.



**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst, tóft

**Hættumat:** Hætta. Tóftin er um 7m frá sjávarbakka þar sem landbrot virðist töluvert.

**Staðhættir**

Í Gjávík er nokkuð mikið lækjargil sem nefnist Gjá (Ö-Fell, 6) og á sjávarbakkanum austan þess eru nokkrar tóftir.


**Lýsing**

Þúst eða tóft sem snýr norður/suður, 3x6m að utanmáli. Hún er um 30sm há, rofin af kindagötu. Veggjabrot virðast vera á skammhliðum en ekki greinanlegar á langhliðum. Mögulega er um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða.

## Fjall-165



Mynd 50. Tóftin er fyrir miðri mynd, veggir jarðsokknir og að nokkru samlagaðir umhverfi sínu.



**Hlutverk:** Óþekkt, fjárhús?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hætta.** Tóftin er um 2-3m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Í Gjávík er nokkuð mikið lækjargil sem nefnist Gjá (Ö-Fell, 6) og á sjávarbakkanum austan þess eru nokkrar tóftir.


**Lýsing**

Tóftin liggur norður/suður, 4x6m að utanmáli og virðast dyr hafa verið við NV-horn. Veggir eru sokknir um 30sm háir og mest um 1m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Votateig er Fjallsteigur, þurr lent nes með ánni. Sagt er, að Fellsbóndi hafi lánað Fjallsbónda þetta nes til slægna; gefur það af sér um 40 hesta og er grasgefnasti bletturinn í Fellsengi. Á móti þessu fékk Fellsbóndi húsastöðu og fjörubeit fé sínu í Gjávík.“ Síðar segir: „Tóptarbrot eru á bakkanum við Gjávík, kallast Beitarhús, því að Fellsbóndi hafði þar vetrarþing fyrir fé sitt, eins og áður er sagt.“ (Ö-Fell, 4-6). Mögulega eru tóftirnar leifar af þessum húsum.

## Fjall-166



Mynd 51. Horft er til norðurs og er tóftin fyrir miðri mynd.

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Tóftin er innan við 20m frá sjávarbakka þar sem landbrot virðist töluvert.


**Staðhættir**

Í Gjávík er nokkuð mikið lækjargil sem nefnist Gjá (Ö-Fell, 6) og á sjávarbakkanum austan þess eru nokkrar tóftir.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur, 2,5x6m að utanmáli. Ekki eru greinanlegar dyr á tóftinni sem er algróin grasi og um 30sm há. Útveggir eru óreglulegir og innveggir illgreinanlegir eiginlega bara dæld fyrir miðju tóftar um 5-10sm djúp. Rekaviðardrumbur liggur þvert yfir tóftinni.

## Fjall-167



Mynd 52. Horft er til norðurs út á Gjávík og er tóftin fyrir miðri mynd, skammt frá sjávarbakka.

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hættu.** Tóftin er 1m frá sjávarbakka þar sem landbrot virðist töluvert.



### Staðhættir

Í Gjávík er nokkuð mikið lækjargil sem nefnist Gjá (Ö-Fell, 6) og á sjávarbakkanum austan þess eru nokkrar tóftir.

### Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og virðast dyr hafa verið til norðurs, hún er um 1,5x2m að utanmáli og grasi gróin. Veggir eru um 20sm háir og innan við 1m á breidd. Kindagata sker tóftina.

### Fjall-168



Mynd 53. Horft yfir tóft nr. 168 til austurs.

langveggur er heldur lengri en sá vestari og gæti því verið að hluti þess síðar nefnda sé horfinn. Tóftin er gróin en greinilegt virðist að veggir hafi hrunið, rofnað og síðar gróið yfir. Veggir eru 10-80sm háir og mest um 1,5m á breidd. Við suðvestur horn tóftar er um 20sm djúpur niðurgröftur eða hola.

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hættu.** Tóftin er 2-4m frá sjávarbakka þar sem landbrot virðist töluvert.

### Staðhættir

Í Gjávík er nokkuð mikið lækjargil sem nefnist Gjá (Ö-Fell, 6) og á sjávarbakkanum austan þess eru nokkrar tóftir.

### Lýsing

Tóftin er 7x8m og liggur norður/suður og hafa dyr snúið til norðurs. Austur

### Fjall-169



Mynd 54. Horft er til vesturs og má sjá tóftina sem stendur alveg fram á sjávarbrún, fyrir miðri mynd.

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hættu.** Tóftin liggur á sjávarbakka og hefur þegar brotið af henni að norðan.



Mynd 55. Horft er til norðausturs og má sjá hvar tóftin liggur alveg fram á sjávarbakkanum.



### Staðhættir

Í Gjávík er nokkuð mikið lækjargil sem nefnist Gjá (Ö-Fell, 6) og á sjávarbakkanum austan þess eru nokkrar tóftir.

### Lýsing

Tóftin er 6x8m að utanmáli og liggur norður/suður. Veggir eru grasi grónir en greinilegt að einhvern tímann hefur rofnað úr þeim og gróið yfir það aftur. Þeir eru hæstir og reglulegastir að utan og eru allt frá 30-130sm háir og mest um 1,5m á breidd. Dyr hafa að líkindum snúið til suðurs en suðurveggur er ekki til staðar nema bogadregin þúst sem gæti verið veggjabrot.

### Fjall-170

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftin er innan við 5m frá sjávarbrún þar sem að landbrot virðist töluvert.

### Staðhættir

Í Gjávík er nokkuð mikið lækjargil sem nefnist Gjá (Ö-Fell, 6) og á sjávarbakkanum austan þess eru nokkrar tóftir.

### Lýsing

Tóftin er tvískipt, annars vegar er aflöng tóft sem liggur norður/suður og er 2-4x12m að utanmáli en hún liggur í spíss, þ.e. mjókkar til suður enda. Dyr virðast hafa verið til norðurs í átt til sjávar. Sambyggt að vestan er tóft sem liggur austur/vestur 4x5m að utanmáli og virðast dyr einnig hafa verið á henni til norðurs. Veggir eru 10-50sm háir, lægri á minni tóftinni. Þeir eru mest rúmlega 1m á breidd, algrónir.



### Fjall-171

**Hlutverk:** Óþekkt, beitarhús, heytóft?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta. Tóftin er rúmlega 130m frá sjávarbrún og henni er ekki talin stafa hætta af landbroti í nánustu framtíð.

### Staðhættir


Í Gjávík er nokkuð mikið lækjargil sem nefnist Gjá (Ö-Fell, 6) á vesturbakka þess, sunnarlega er tóft.

### Lýsing

Tóftin liggur nokkurn veginn norður/austur, 5x9m að utanmáli. Dyr eða hlið hefur verið og snúið til suðurs. Veggir eru grasi grónir og að hluta komnir í þúfur og einnig er þýft innan veggja tóftarinnar. Hún virðist tvískipt en hugsanlegt er

að þar sem virðist vera innveggur geti verið hrun úr vegg. Veggir eru mest um 2m á breidd og 30-60sm háir. Hlutverk er óþekkt en hugsanlegt er að þarna hafi verið stekkur, beitarhús eða jafnvel vegleg heytóft.

## Fjall-172



Mynd 56. Lengst til hægri á myndinni má sjá norðurenda tóftar sem liggur fram á sjávarbakkann og hefur sjórinn þegar rofið af hluta norðurveggjar.

**Sérheiti:** Fjallshús

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar standa fremst á sjávarbakka og er hluti þeirra þegar farinn í sjó.

**Staðhættir**

Við Lækjarvík í Fjallslandi voru Fjallshús, beitarhús frá Fjalli og sjást enn tóftir þess auk annarra tófta sem liggja á austur- og vesturbakka lækjargils sem er um það bil fyrir miðri vikin.

**Lýsing**

Tóftir beitarhúsanna liggja fremst á sjávarbakka frá austri til vesturs og er hluti norðurveggjar þegar horfinn í sjó. Tóftin er þrískipt, að mestu grasi gróin en grjóthleðslur eru greinilegar í innveggjum miðhússins og í garða. Utanmál er 12x16m og hæð veggja allt að 110sm en breidd mest um 1m. Veggir húsanna sem eru til endanna, þ.e. til austurs og vesturs eru lægri og grónari og ekki ólíklegt að miðhúsin hafi verið lengst í notkun.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Austan við Fjallsvog slitnar fjaran á kafla, og gengur sjór alveg í blettakka þar, en þar austan við er Lækjarvík. Þar eru Fjallshús, sem voru beitarhús frá Fjalli, og sjást þar húsarústirnar.“ (Ö-Fjall, 1). Samkvæmt heimildamanni var það Sveinn Stefánsson sem byggði þessi hús (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild. 02.03.13).

### Fjall-173

**Hlutverk:** Óþekkt, beitarhús?

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru innan við 10m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Í Lækjarvík, vestan við beitarhúsatóft nr. 172 er mögulega önnur tóft, frekar ógreinileg.

**Lýsing**

Hún er 4x7m að utanmáli, tvískipt og liggur austur/vestur. Dyr virðast hafa verið til austurs. Tóftin er algróin, veggir þýfðir og hafa samlagast umhverfi sínu en slétt er inni á milli veggja. Mögulegt er að um náttúrulegt fyrirbrigði sé að ræða.



Mynd 57. Horft er til norðausturs. Á sjávarbakkanum til vinstri er tóft fremst á sjávarbakkanum sem sjórin hefur þegar brotið af.

### Fjall-174

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla


**Hættumat:** Mikil hætta. Hluti minjanna er þegar farinn í sjó.

**Staðhættir**

Í Lækjarvík, austan við lækjargilið sem sem er fyrir miðri víkinni er hleðsla, að líkindum leifar tóftar.

**Lýsing**

Hún liggur fram á sjávarbakka og er hluti hennar þegar farinn í sjó. Veggir eru reglulegir að utan en rofnir að innan, þeir eru 30-70sm háir og mest um 1m á breidd, grasi grónir.



### Fjall-175

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru aðeins um 1m frá sjávarbakka þar sem landbrot hefur verið töluvert.

**Staðhættir**

Í Lækjarvík, austan við lækjargilið sem sem er fyrir miðri víkinni er tóft.

**Lýsing**

Hún er tvískipt, 5x6m að utanmáli, liggur norður/suður og hafa dyr snúið til

vesturs. Norðurhluti stendur aðeins hærra en suður hluti tóftar og vestur veggur er ógreinilegri

en aðrir veggir, sem annars eru um 20-30sm háir og mest um 1m á breidd. Þeir eru grasi grónir og komnir í þúfur.

### **Horfnar minjar**

#### **Fjall-176**

**Hlutverk:** Salthús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Samkvæmt heimildamanni var steipt salthús í fjörunni fram af Gjavík sem nú er löngu horfið í sjó.


## Keldur-söguágrip

Keldna er fyrst getið í skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar frá árinu 1449.<sup>86</sup> Í manntali 1703 eru þrír til heimilis að Keldum en mest 12 árið 1910. Engir eru skráðir til heimilis 1855 og 1890 og hefur jörðin þá að líkindum verið í eyði.<sup>87</sup>

Í jarðabók 1709 segir „Selveiðivon gagnvæn, brúkast ei í nokkur ár. Rekavon í meðallagi, og nýtur ábúandi þess reka, sem lög leyfa. [...] Heimræði er hjer og lending góð, og má ganga eitt eður fleiri skipt heimabónða, ef hann fengi svo viðkomið, en nú gengur hjer ekkert. Skipsuppsátur örðugt og skipgata löng.“<sup>88</sup>

Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir um sjávarhlunnindi: „Fjörubeit góð. [...] Jörðin hefir hlunnindi af reka og silungsveiði, áætlaðar árl. tekjur af því 40 krónur.“<sup>89</sup>

## Fornleifaskráning



### Keldur-177

**Sérheiti:** Keldnasel

**Hlutverk:** Sjóbúð, sel?

**Tegund:** Mannvistarleifar/þúst

**Hættumat:** Mikil hættu.

Minjarnar eru á sjávarbakka sem brýtur af.

Sunnarlega í landi Keldna, rúma 900m suðvestur af vitanum á Keldum, fremst á sjávarbakkanum er þúst og í rofi sjást mannvistarleifar.

### Lýsing

Þústin er eiginlega meira smá hækkun á sjávarbakka um 5-6m löng þar sem síðan brotnar af honum út í sjó. Í rofinu sjást greinilegar mannvistarleifar, ruslalög, kol og móaska. Óvíst er hversu stór hluti mannvirkisins er horfinn en það sem eftir stendur er opið fyrir landbroti af völdum sjávar, veðurs og vinda.

### Aðrar upplýsingar


Í örnefnaskrá segir: „Á bökkunum skammt sunnan við Bása eru tóftir af Keldnaseli. Þar eru a.m.k þrjú eða fjögur tóftarbrott, m.a. af sjóbúðum. Eggert á Mýrum telur að þarna hafi verið selalátur til forna, fremur en að þar hafi verið sel frá Keldum. Lending var fyrir neðan selið. Þar var stundað útræði frá Keldum og hafði faðir Tryggva [Tryggvi Guðlaugsson var heimildamaður örnefnaskrár og bjó á Keldum frá 1915-1923, hann var fæddur 1903] þar stundum bát.“ (Ö-Keldur, 5-6).

<sup>86</sup> Íslenzkt Fornbréfasafn V, 39.

<sup>87</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/). Skoðaður þann 27.02.2013.

<sup>88</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 277-278.

<sup>89</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Keldur nr. 20, bls. 87. Skoðað þann 20.02.2013.



### Keldur-178

**Sérheiti:** Keldnasel

**Hlutverk:** Sjóbúð, naust, sel

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru um 5m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Sunnarlega í landi Keldna, rúma 900m suðvestur af vitanum á Keldum er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt og hafa dyr snúið til

vesturs og norðvesturs. Hún er 6x9m að utanmáli og veggir eru 20-40sm og mest um 1m á breidd. Veggir eru grasi gróinir og þýfðir en tóftirnar vel greinanlegar.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á bökkunum skammt sunnan við Bása eru tóftir af Keldnaseli. Þar eru a.m.k þrjú eða fjögur tóftarbrot, m.a. af sjóbúðum. Eggert á Mýrum telur að þarna hafi verið selalátur til forna, fremur en að þar hafi verið sel frá Keldum. Lending var fyrir neðan selið. Þar var stundað útræði frá Keldum og hafði faðir Tryggva [Tryggvi Guðlaugsson var heimildamaður örnefnaskrár og bjó á Keldum frá 1915-1923, hann var fæddur 1903] þar stundum bát.“ (Ö-Keldur, 5-6).

### Keldur-179

**Sérheiti:** Keldnasel

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru 3-4m frá sjávarbakka þar sem landbrot hefur verið töluvert.

**Staðhættir**


Sunnarlega í landi Keldna, rúma 900m suðvestur af vitanum á Keldum er tóft.

**Lýsing**

Hún er um 2,5x3m að utanmáli, veggir lágir eða mest 10-20sm og breidd þeirra er innan við 1m. Tóftin er grasi gróin en grjót og reki eru í og ofan á henni og því erfitt að sjá hana. Hún snýr NA/SV.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á bökkunum skammt sunnan við Bása eru tóftir af Keldnaseli. Þar eru a.m.k þrjú eða fjögur tóftarbrot, m.a. af sjóbúðum. Eggert á Mýrum telur að þarna hafi verið selalátur til forna, fremur en að þar hafi verið sel frá Keldum. Lending var fyrir neðan selið. Þar var stundað útræði frá Keldum og hafði faðir Tryggva [Tryggvi Guðlaugsson var heimildamaður örnefnaskrár og bjó á Keldum frá 1915-1923, hann var fæddur 1903] þar stundum bát.“ (Ö-Keldur, 5-6).





### Keldur-180

**Sérheiti:** Keldnasel

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru 3-4m frá sjávarbakka þar sem landbrot hefur verið töluvert.

#### Staðhættir


Sunnarlega í landi Keldna, rúma 900m suðvestur af vitanum á Keldum er tóft.

#### Lýsing

Tóftin er illgreinanleg vegna þess að reki hylur hana að hluta, veggir 15-30sm háir og mest um 1m á breidd. Hún er 2,5x3m að utanmáli og virðast dyr hafa verið og snúið til NV.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á bökkunum skammt sunnan við Bása eru tóftir af Keldnaseli. Þar eru a.m.k þrjú eða fjögur tóftarbrot, m.a. af sjóbúðum. Eggert á Mýrum telur að þarna hafi verið selalátur til forna, fremur en að þar hafi verið sel frá Keldum. Lending var fyrir neðan selið. Þar var stundað útræði frá Keldum og hafði faðir Tryggva [Tryggvi Guðlaugsson var heimildamaður örnefnaskrár og bjó á Keldum frá 1915-1923, hann var fæddur 1903] þar stundum bát.“ (Ö-Keldur, 5-6).



fremst á sjávarbakkanum er tóft.

#### Lýsing

Tóftin er 3x4m að utanmáli og hafa dyr snúið til NV. Veggir eru 20-50sm háir og mest um 1m á breidd. Norðaustur-horn tóftar er hvað heillegast en N-veggur er lágur og mikið hruninn.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á bökkunum skammt sunnan við Bása eru tóftir af Keldnaseli. Þar eru a.m.k þrjú eða fjögur tóftarbrot, m.a. af sjóbúðum. Eggert á Mýrum telur að þarna hafi verið selalátur til forna, fremur en að þar hafi verið sel frá Keldum. Lending var fyrir neðan selið. Þar var stundað útræði frá Keldum og hafði faðir Tryggva [Tryggvi Guðlaugsson var heimildamaður örnefnaskrár og bjó á Keldum frá 1915-1923, hann var fæddur 1903] þar stundum bát.“ (Ö-Keldur, 5-6).

### Keldur-181

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð, naust?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta.

Minjarnar eru um 4m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert eru í mikilli hættu af þeim sökum og einnig vegna veðurs og vinds.

#### Staðhættir

Nyrst í landi Fells, rúma 800m suðvestur af vitanum á Keldum,

### Keldur-182

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð, naust?

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru fremst á sjávarbakka og hefur rofið af þeim til norðvesturs.

#### Staðhættir

Nyrst í landi Fells, rúma 800m suðvestur af vitanum á Keldum, fremst á sjávarbakkanum er tóft og tæplega 20m norðaustur af henni sést í mannvistarleifar í rofi á sjávarbakka.

#### Lýsing

Á sjávarbakkanum er um 70sm há og 4m löng þúst/hleðsla sem að í er grjót, mögulega leifar af vegghleðslu og sér einnig í grjót í rofi á sjávarbakkanum. Ekkert torf sést í rofinu.

### Keldur-183

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð?

**Tegund:** Hleðsla



**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru fremst á sjávarbakka og þegar hefur brotið af þeim til vesturs.

#### Staðhættir

Vestanvert og neðst á Straumnesi, um 550m suðvestur af vitanum í Keldum er hleðsla.

#### Lýsing

Hleðslan liggur samsíða bakkanum frá suðvestri til norðausturs og er um 5m löng. Veggir eru 10-40sm háir og um 1m á breidd, grasi grónir. Vestur (NV) veggur er allur farinn í sjó. Hleðslan er illgreinanleg því veggir eru þýfðir og umhverfi allt þýft.



### Keldur-184

**Hlutverk:** Óþekkt, naust, uppsátur?

**Tegund:** Hleðsla


**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru fremst á sjávarbakka og hluti þeirra þegar farinn í sjó.

#### Staðhættir

Vestanvert og neðst á Straumnesi, um 550m suðvestur af vitanum í Keldum er tóft á sjávarbakkanum.

#### Lýsing

Tóftin er 3x4m að utanmáli en engir veggir eru til norðausturs. Veggir eru mest um 30sm háir og um 1m á breidd, grasi grónir.



Mynd 58. Þústin er fram á sjávarbakkanum fyrir miðri mynd og má sjávar sjórinn hefur rofið skarð í norðurhlið hennar. Á bakvið slútir gróðurþekjan fram af bakkanum.

### Keldur-185

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Mikil hættu. Minjarnar hafa þegar orðið fyrir hnjaski af völdum landbrots.

### Staðhættir

Eiríksvík heitir víkin austan við Straumnes í Keldnalandi og á sjávarbakkanum í henni eru tóftir og tóftarbrot.

### Lýsing

Vestarlega í vikinni, fremst á sjávarbakka er þúst. Hún er um 30sm há og tæplega 3x3,5m að utanmáli. Óvíst er um hlutverk en útlit ber þess merki um að leifar mannvirkis sé að ræða. Rofið er af þústinni til norðurs.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á milli Skemmugils og Straumness er stór vík, nefnd Eiríksvík. Í henni er góð landing, einkum í sunnan átt. Háir bakkar eru að Eiríksvík. Vestan hennar skagar Straumnesið fram. Hvergi er fært niður af Straumnesinu austanverðu nema af nesoddanum og svo í Eiríksvík“ (Ö-Keldur, 5).



Mynd 59. Horft er eftir vegghleðslunni til austurs.

### Keldur-186

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hættu. Minjarnar hafa þegar orðið fyrir hnjaski af völdum landbrots.

### Staðhættir

Eiríksvík heitir víkin austan við Straumnes í Keldnalandi og á sjávarbakkanum eru tóftir og tóftarbrot.


### Lýsing

Vestan til í vikinni, fremst á sjávarbrún er vegghleðsla, leifar tóftar sem er að miklu leyti horfin. Veggurinn er tæplega 10m langur, mest

um 50sm háir og rúmlega 1m á breidd og grasi gróinn þar sem ekki er rof í hann. Hann er þýfður og grasi gróinn.



Mynd 60. Horft er yfir tóftina til norðvesturs.



### Keldur-187

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar hafa þegar orðið fyrir hnjaski af völdum landbrots.

### Staðhættir

Eiríksvík heitir víkin austan við Straumnes í Keldnalandi og á sjávarbakkanum fyrir miðri víkinni er tóft.

### Lýsing

Tóftin liggur norðaustur/suðvestur. Hluti hennar er farinn í sjó en það sem eftir stendur er um 10x11m að utanmáli. Veggir eru grónir en sér í torf- og grjóthleðslur í rofi, þeir eru 20-100sm háir og mest um 1,5m á breidd. Til suðvesturs er minna hól sem gæti verið heytóft og stendur hún heldur hærra en veggir hennar eru lægri. Sé um heytóft að ræða er líklegast að tóftin hafi verið einhvers konar gripahús og miðað við fjarlægð frá bæ líklega fjár- eða beitarhús.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni voru þarna beitarhús frá Keldum sem líklega hafa verið byggð á 20. öld. (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild 02.03.13).

### Keldur-188

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, hleðslur

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru um 10m frá sjávarbakka þar sem landbrot virðist töluvert.

### Staðhættir

Eiríksvík heitir víkin austan við Straumnes í Keldnalandi og á sjávarbakkanum fyrir miðri víkinni er tóft og sunnan við hana virðist vera tóft eða vegghleðslur þó er möguleiki að um náttúrulegt fyrirbæri sé að ræða.

### Lýsing

Meint tóft er 5x6m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur og virðast vera dyr mót norðaustri. Veggir eru grasi grónir og alþýfðir 20-50sm háir og mest um 1,5m á breidd. Umhverfis eru á nokkrum stöðum náttúruleg fyrirbæri sem mynduð eru af þúfum en líkjast veggjum og hugsanlega er um eitt slíkt að ræða.

### Keldur-189

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat: Mikil hættu.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka og þegar hefur rofið af þeim.

### Staðhættir

Eiríksvík heitir víkin austan við Straumnes í Keldnalandi og á sjávarbakkanum fyrir miðri víkinni er tóft og austan við hana, einnig fram á sjávarbakka er þúst.

### Lýsing

Þústin er um 7m löng og liggur samsíða sjávarbakkanum og er þegar rofið af henni til norðurs. Í rofinu sér í hleðslugrjót og mögulega torf. Hlutverk er óvíst en greinilega er um leifar mannvirkis að ræða.



Mynd 61. Þústin til vinstri fyrir miðju en neðst á mynd sést í rofið og má glitta í tvo steina. Í baksýn er tóft nr. 187 og má sjá gróðurþekjuna þar slúta fram af bakkanum.

### Keldur-190

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst, niðurgroftur, náttúrulegt

**Hættumat: Mikil hættu.** Minjarnar liggja um 5m frá sjávarbakka þar sem landbrot virðist töluvert.

### Staðhættir

Eiríksvík heitir víkin austan við Straumnes í Keldnalandi og á sjávarbakkanum austast í víkinni eru þúst og við hana niðurgroftur á annars nokkuð sléttum grasbala.

### Lýsing

Þústin er um 1x2m að ummáli og 10-20sm há. Um 5m suðvestan við hana er 15sm niðurgroftur. Óvíst er hvert hlutverk þessa er en mögulega eru þarna leifar einhverskonar mannvirkis eða að um náttúrulegt fyrirbæri er að ræða.





Mynd 62. Horft er til norðausturs og sést hleðslan fyrir miðri mynd.

tæplega 1m breið og liggur norðaustur/suðvestur. Norðvestur af henni er svo þúfnakragi, 2x2 að utanmáli og saman myndar þetta þúst sem virðast vera leifar einhvers konar mannvirkis.

### Keldur-191

**Hlutverk:** Óþekkt, heytóft

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** **Hætta.** Minjarnar eru um 50m frá sjó þar sem landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Í rofmóum suðaustur af Eiríksvík eru þúst og hleðsla.

**Lýsing**

Á smá hávaða í móanum sem sker sig nokkuð úr umhverfi er að því er virðist hleðsla og umhverfis þúfur. Hleðslan er rúmlega 3m á lengd og

### Keldur-192

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** **Hætta.** Minjarnar eru rúmlega 20m frá sjó þar sem landbrot er nokkurt.

**Staðhættir**

Nálægt sjávarbakkanum vestanvert í Mýrnavík er niðurgröftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er um 20sm djúpur og uppmokstur eða hleðsla utan með brúninni. Niðurgröfturinn er rúmlega 50sm í þvermál og kanturinn utan með honum er grasi gróinn og sker sig úr umhverfi sem annars er mólendi. Hlutverk er óþekkt.



Mynd 63. Horft er eftir garðlaginu til SSV eða SV og sér í endann á Fellinu í baksýn.

### Keldur-193

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** **Mikil hætta.** Minjarnar ná fram á sjávarbakka þar sem landbrot er nokkurt.

**Staðhættir**

Vestan við svonefnt Skemmugil er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið liggur frá sjávarbakkanum til suðurs og er um 55m langt, allt að 50sm hátt og mest um 2m á breidd. Það er þýft á kafla, algróið grasi og mosa og mikið hrúnið.



Hlutverk er óvíst en miðað við lýsingu á landamerkjum Mýrna og Keldna þá gæti þarna verið um landamerkjagard að ræða þó ekki sé hægt að fullyrða um það. Mögulega hefur einhvern tímann verið girt eftir því. norðurendi við sjó er nokkuð rofinn.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Mýrna segir: „Merkjaklöpp gengur í sjó fram rétt vestan við Skemmugil en svo heitir gil með bakkanum frá austri til vesturs er gengur mjög sunnarlega niður í Mýrnavík.“ (Ö-Mýrar, 2).

#### **Horfnar minjar**

##### **Keldur-194**

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Þar fyrir vestan og sunnan eiga svo Keldur ströndina í vörðu á bakkanum niður undan svonefndum Kringlóttu flóa.“ (Ö-Keldur, 1).

##### **Lýsing**

Varðan fannst ekki við skráningu 2012 og er að líkindum horfin.

## Mýrar-söguágrip

Mýrar voru í eyði þegar jarðamat var gert 1709 og hafði verið undanfarin 12-13 ár: „Heimræði var og lending góð fyrir landi, og gekk hjer eitt skip eður fleiri með bygðist. [...] Jörðin var notuð til beitar frá Ysta-Hóli.“<sup>90</sup> Hún kemur ekki fyrir í manntölum fyrr en 1910 en þá var þar tvíbýli og 15 skráðir til heimilis.<sup>91</sup>

Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Fjörubeit góð.“<sup>92</sup>

Landbrot í Mýrnavík (þessi ritháttur er notaður í örnefnaskrá og honum er viðhaldið hér) hefur verið gríðarlega mikið í Mýrnavík á 20. öld og sérstaklega upp úr miðri öldinni. Þar voru sjóbúðir, fjárhús og verslunarhúsnæði sem allt er nú farið í sjó og því er ljóst að landbrot þarna hefur verið tugir metra á undanförunum áratugum. Pöntunarfélag A-Skagfirðinga síðar kaupfélag var stofnsett á Mýrum en tóftir þess eru nú horfnar í sjó. Jóhann faðir heimildamanns mundi að framan við verslunin stóðu þrjár síldartunnur í röð og auðveldlega mátti labba utan með þeim. Eins sagði Eggert að fjárhús hefðu verið byggt norðan þeirra fjárhúsa sem eru á sjávarbakkanum í dag og eru þau fyrir löngu farin í sjó (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild 02.03.13).

---

<sup>90</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 282.


<sup>91</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/). Skoðaður þann 27.02.2013.

<sup>92</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Mýrar nr. 22, bls. 88. Skoðað þann 20.02.2013.

## Fornleifaskráning



Mynd 64. Horft er til norðvesturs og eru hleðslurnar fram á sjávarbakkanum.



### Mýrar-195

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Hleðsla, grunnur

**Hættumat:** Mikil hætta. Þegar hefur brotið af minjunum til norðurs.

### Staðhættir

Á sjávarbrún í smá gildragi sem liggur vestur af Skemmugili eru vegghleðslur, leifar tóftar að líkindum nausts.

### Lýsing


Hleðslan er 2,5x3m að utanmáli og hefur að líkindum snúið norður/suður. Veggir eru 10-30sm háir. Innbrúnir eru lægri eða um 10sm en útbrúnir hærri. Um 4m langur kantur virðist liggja frá hleðslunni til suðurs, algróinn og um 10-20sm hár.

### Aðrar upplýsingar

Tóftin er að líkindum leifar nausts sem að heimildamaður sagði að hefði líklega tekið einn bát (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild 02.03.13).



Mynd 65. Grasi gróin fjárhústóft fyrir miðri mynd. Horft er til austurs.



### Mýrar-196

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftirnar liggja fram á sjávarbakka og er um 1m fram á bakkann þar sem styst er.

**Staðhættir**

Fyrir botni Mýrnavíkur er fjárhústóft.

**Lýsing**

Tóftin er 11x13m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Tóftin skiptist í þrjú hólf, það stærsta er fjárhús með garða en á því hafa dyr verið mót norðvestri, hugsanlega á timburpili. Suðaustan hennar hefur að líkindum verið heytóft, með op til suðausturs og suðvestan hennar er annað hólf lítið með dyrum til norðvesturs. Veggir eru grasi grónir, 20-60sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Suðvestan við tóftina er 60-70sm hár bakki.

### Mýrar-197

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla, tóft?

**Hættumat:** Mikil hætta. Hleðslan eða tóftaleifarnar liggja fram á rofnum sjávarbakka og er einhver hluti hennar þegar farinn í sjó.

**Staðhættir**

Fyrir botni Mýrnavíkur er fjárhústóft og norðvestan við hana er hleðsla eða leifar tóftar.

**Lýsing**

Hleðslan liggur í vinkel og er um 10-20sm há og mest um 30sm á breidd. Um 4m vestan hennar er önnur hleðsla eða veggjarbrot og er hugsanlega hluti sama mannvirkis.



Mynd 66. Fjánhústóftin á sjávarbakkannum. Greinilega sést hvernig sjórinn hefur rofið sjávarbakkann og þar með hluta af tóftinni. Lengst til hægri sést í steinsteyptan grunn fjárhúsa sem byggð voru 1972.



Mynd 67. Mynd tekin af tóftinni þar sem sjórinn hefur rofið af henni.

### Mýrar-198

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftirnar liggja fram á sjávarbrún og hefur þegar brotið af þeim til norðurs.

#### Staðhættir


Fyrir botni Mýrnávikur er fjánhústóft.

#### Lýsing

Fjánhúsin hafa verið hlaðin úr torfi og grjóti en við þau er grunnur steinsteyptar hlöðu. Tóftin sjálf er í heild 12x13m að utanmáli en hluti hennar er farinn í sjó, hlöðugrunnurinn er um 4x9m að utanmáli. Hlaðan hefur snúið NNA/SSV og við norðurenda hennar hafa verið fjánhús sem snúið hafa til sömu átta. Við vesturhlið hlöðunnar hafa verið tvístæð fjánhús með dyrum til norðvesturs. Öll húsin eru með grjóthlöðnum gördum. Veggir eru 20-70sm háir og mest um 1m á breidd. Sunnan við húsin er steinsteyptur grunnur 14x14m að utanmáli en þar voru reist fjánhús árið 1972 (Ö-RI, 8).

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Austan við Bátagil eru fjánhús, sem standa ennþá [örnefnaskráin er gerð 1972 og 73].“ (Ö-Mýrar, 2).





Mynd 68. Horft er til austurs og sést þústin fram á rofnum sjávarbakkanum.



Mynd 69. Mynd tekin af rofsárinu - hvítu strikin á myndinni eru gjóskulag úr Heklu frá árinu 1104 í torfi.

### Mýrar-199

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat: Mikil hætta.** Vegna landbrots en þústin liggur fram á sjávarbakka og hefur þegar brotnað af henni.

**Staðhættir**

Fyrir botni Mýrnavíkur er gil sem nefnist Ytragil (sjá Ö-Mýrar bls. 2) og á vesturbrún þess alveg fram á sjávarbakka er þúst.

**Lýsing**

Þústin er 3x10m að utanmáli og liggur samsíða sjávarbakkanum VSV/ANA. Hún er 20-50sm há og grasi gróin. Hluti hennar er þegar farinn í sjó og í brotinu sér í torf og í því er öskulag úr Heklu frá árinu 1104.

### Mýrar-200

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru innan við 50m frá sjó þar sem landbrot er mikið.

**Staðhættir**

Á sléttum velli suður af fjárhústóftum nr. 196 og 198 er þúst.

**Lýsing**

Þústin er 5x6m að utanmáli og 20-30sm há og mest um 2m á breidd. Hún er grasi gróin en steypubrot og grjót standa upp úr grasinu á stöku stað.



### Mýrar-201

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag


**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Uppaf Mýrnavík, tæplega 100m frá sjó er garðlag sunnan til í lágum grónum hól.

**Lýsing**

Garðlagið er 10x13m að utanmáli og snýr mót suðri. Veggir eru grasi grónir, 20-40sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.



### Mýrar-202

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru tæpa 30m frá sjávarbakka sem brýtur af.

**Staðhættir**


Um það bil fyrir miðri Sultarvík, suðvestanvert í grónum hól, tæplega 30m frá sjávarbakkanum er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 5x8m að utanmáli. Veggir eru 20-50sm háir og mest um 1,5m á breidd, þeir eru algrónir grasi og mosa og hlaupnir í þúfur. Dyr eru ógreinilegar en gætu hafa verið við norðausturhorn.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Víkin vestan Dauðuvíkur og vestan Lönguskerja nefnist Sultarvík. Þar rekur nær aldrei.“ (Ö-Mýrar, 1).



### Mýrar-203

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag, náttúrulegt?

**Hættumat:** Hætta.

Norðvesturendi aðeins um 6m frá sjávarbrún sem brýtur af.

**Staðhættir**

Um það bil fyrir miðri Sultarvík, suðvestanvert í grónum hól, tæplega 30m frá sjávarbakkanum er tóft og sunnan og vestan við hana er mögulega garðlag.

**Lýsing**

Meint garðlag er um 45m langt og liggur í boga sunnan við tóftina. Það er 20-50sm hátt og mest um 2m á breidd. Sunnan við garðlagið er mólendi en hóll að norðan. Það er á jaðri uppblásins mólendis og gæti verið um náttúrumyndun að ræða.

### Mýrar-204

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgroftur

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru tæpa 30m frá sjávarbakka sem brýtur af.

**Staðhættir**

Um það bil fyrir miðri Sultarvík, suðvestanvert í grónum hóli, tæplega 30m frá sjávarbakkanum er tóft og sunnan og vestan við hana er mögulega garðlag og upp við það að norðan er niðurgröftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er um 1m í þvermál og mest um 30sm djúpur, umhverfis hann er óljós útbrún sem er um 10sm á hæð. Bæði niðurgröfturinn og brún hans eru grasi og mosa grónar og hvergi sér í grjót.

**Mýrar-205**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag, náttúrulegt

**Hættumat: Mikil hætta.**


Minjarnar standa fram á sjávarbakka og þegar hefur brotið af þeim til norðurs.

**Staðhættir**

Markvík heitir á merkjum Mýrna og Heiði og á sjávarbakkanum vestan við hana er garðlag. Það er tæplega 70m vestur af merkjum fyrrnefndra jarða.

**Lýsing**

Garðlagið afmarkar um 7x9m svæði og er alveg opið til norðurs þar sem sjávarbrúnnin er rofin. Það er 20-40sm hátt, grasi gróið og mest um 2m á breidd. Mögulega er um náttúrumyndun að ræða.



**Horfnar minjar**

**Mýrar-206**

**Hlutverk:** Lending

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Hér áður var mikið útræði úr Mýrnavík. Austan við Skemmugil hét Bátagil, nú nær alveg horfið vegna ágangs sjávar. Lendingin var fram af Bátagili. Þegar Tryggvi í Lónkoti man fyrst eftir, var hægt að hafa áttæring í Bátagili yfir vetur.“ (Ö-Mýrar, 2).

**Lýsing**

Eins og sagt er frá í örnefnaskránni er Bátagil horfið og þar með lendingin sem þar var.

**Mýrar-207****Hlutverk:** Sjóbúð**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í Skagfirzku annál segir: „Bækistöð félagsins var fyrst á Mýrnavík, vörunar geymdar í sjóbúð þar og afgreiddar þaðan. Um 1920 var verzlunin flutt í Hofsós.“ (Skagfirzku annál 1847-1947, ).

**Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni er tóft þessi horfinn í sjó (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild 02.03.13).

## Heiði-söguágríp


Heiði kemur fyrst fyrir í Sturlungu og er heimildin frá 1198.<sup>93</sup>

Árið 1703 eru sjö manns skráðir til heimilis á Heiði en tólf þegar mest varið árið 1890. Árið 1870 er tvíbýli á jörðinni.<sup>94</sup>

Í jarðamati frá 1709 segir: „Heimræði er hjer og lending ein stórgrýtt og brimsöm, og brúkast þetta heimræði því sjaldan nema um hásumar og þegar vel viðrar vor og haust, og má hjer ganga eitt skip eður fleiri, ef ábúandi væri so megnugur. Nú gengur hjer ekkert skip.“<sup>95</sup> Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir um sjávarhlunnindi: „Stutt til fiskjar, brimasamt og lending slæm.“<sup>96</sup>

Guðjón Björgvinsson er eigandi Heiði í dag. Hann telur að jafnaði vera um 40sm landbrot á ári þó misjafnt milli ára og mismikið á hverjum stað.<sup>97</sup>

## Fornleifaskráning



### Heiði-208

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, náttúrulegt

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru rúmlega 30m frá sjó.

### Staðhættir

Á nokkuð sléttum sjávarbökkum, lega í Gilsvík um 35m frá sjó er tóft.

### Lýsing

Tóftin er um 5x5m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur og hafa dyr snúið til suðurs. Veggir eru hæstir um 20m

háir og mest rúmlega 1m á breidd. Mögulegt er að um sé að ræða náttúrumyndun og veggirnir séu til komnir vegna rofs sem gróið hefur yfir.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fjórar vikur skerast inn í Heiðarland við sjóinn. Sú yzta (austasta), næst Stafá, heitir Steinsvík. Upp af henni sunnanverðri voru fjárhús. Gilsvík heitir næsta vík vestan Steinsvíkur.“ (Ö-Heiði, 2).

<sup>93</sup> *Sturlunga I*, 203.

<sup>94</sup> Mannfalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðaður þann 08.04.2013.

<sup>95</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 282.

<sup>96</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Heiði nr. 1, bls. 79. Skoðað þann 20.02.2013.

<sup>97</sup> Guðjón Björgvinsson (f. 1941). Munnleg heimild 02.02.13.



### Heiði-209

**Hlutverk:** Óþekkt, beitarhús?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru aðeins um 5m frá sjávarbakka.

#### Staðhættir

Um það bil fyrir miðri Gilsvík er tóft nálægt sjávarbakkanum.

#### Lýsing

Tóftin er 9x15m að utanmáli og snýr

norður/suður. Engar dyr eru greinanlegar en tóftin skiptist að því er virðist í fjögur hólf. Veggir eru grónir og þýfðir og eru stórar þúfur í tóftinni. Þeir eru 20-60sm háir og mest rúmlega 2m á breidd. Við norðvesturhorn tóftar er þúst mynduð úr þúfum. Mögulega er um að ræða fjárhús sem nefnd eru í örnefnaskrá.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fjárhústóftir eru á austurbakka Gilsvíkur.“ (Ö-Heiði, 2).

### Heiði-210

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru um 40m frá sjávarbakkanum.

#### Staðhættir


Um það bil fyrir miðri Gilsvík um 40m frá sjó er tóft.

#### Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og er 6x16m að utanmáli. Tóftin er að minnsta kosti tvískipt, fjárhústóft með garða og tveimur króm til norðurs og heytóft til suðurs, mögulega hefur verið kró til vesturs. Dyr hafa verið á húsunum til norðurs. Norðan og vestan við eru virðast vera hleðslur eða veggjalög sem gætu verið mynduð af hrúni úr veggjum. Veggir eru 10-60sm háir og mest um 1,5m á breidd. Þeir eru smáþýfðir, að mestu grónir grasi og mosa en sér í grjóthleðslur neðst í veggjum. Mögulega er um að ræða fjárhústóft sem nefnd er í örnefnaskrá en þau gætu einnig átt við tóft nr. 209.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fjárhústóftir eru á austurbakka Gilsvíkur.“ (Ö-Heiði, 2). Samkvæmt heimildamanni Eggert Jóhannssyni bónda í Felli voru fjárhúsin flutt austar því að þar var betra beitiland og styttra heim að bæ (Munnl. heimild. Eggert Jóhannsson 02.03.13).





Mynd 70. Horft er á hleðslunni til austurs.

mannvirkis sem þar hefur staðið. Hún er allt að 60sm há, gróin grasi og mosa. Rétt við austurendann er hleðsla sem liggur þvert á þá fyrri og afmarkar þar hólfi svo mögulega hefur mannvirkið að minnsta kosti verið tvískipt.

### Heiði-212

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Hætta.

Minjarnar liggja niður í fjöru.

**Staðhættir**

Gata liggur ofan í gil vestast í Gilsvík.

**Lýsing**

Gatan er mest um 1,5m breið ofan í gilinunni en breiðari þegar kemur upp úr gilinunni.



Mynd 71. Horft eftir götunni niður gilið.

### Heiði-213

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Engin hættu.

**Staðhættir**

Um 60m suður af sjávarbakkanum, austast í Gilsvík er þúst.

**Lýsing**

Þústin er í uppblásnum móa og snýr norðaustur/suðvestur. Hún er 2x4m að utanmáli, 30sm há, gróin og óregluleg að lögun. Mögulega er um að ræða uppblásna tóft eða eitthvert mannvirki.




Mynd 72. Horft er til vesturs og þústin er til vinstri á myndinni.





Mynd 73. Horft er til suðausturs og er tóftin á bakkanum til vinstri upp af gildraginu.



### Heiði-214

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, garðlag

**Hættumat:** Mikil hættu. vegna landbrots en minjarnar eru aðeins um 6m frá sjávarbrún.

**Staðhættir**

Vestast í Steinsvík, fram á sjávarbakka er tóft eða garðlag.

**Lýsing**

Tóftin eða garðlagið er hringlaga um 7m í þvermál, veggir allt að 50sm háir og mest um 1,5m á breidd. Hún er algróin grasi. Suðvestan við tóftina eru 20-30sm djúpir niðurgreftir.



Mynd 74. Horft til suðurs yfir fjárhústóft nr. 214.

### Heiði-215

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hættu. Minjarnar eru um 5m frá brún þar sem brýtur af.

**Staðhættir**

Vestast í Steinsvík, fram á sjávarbakka er tóft, tveggja króa fjárhús með garða.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 5x16m að utanmáli, dyr hafa snúið

til norðvesturs. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og sér í strenghleðslur og grjóthleðslur sem eru nokkuð hrundar sjást einnig vel en tóftin að öðru leyti grasi og mosa gróin. Veggir eru 30-100sm háir og mest um 1,5m á breidd. Timbur, mögulega úr húsgrindinni liggur í tóftinni. Norðvestan við tóftina, framan við dyrnar eru dæld sem er um 5m í þvermál.

**Aðrar upplýsingar**

„Fjórar vikur skerast inn í Heiðarland við sjóinn. Sú yzta (austasta), næst Stafá, heitir Steinsvík. Upp af henni sunnanverðri voru fjárhús.“ (Ö-Heiði, 2). Heimildamaður mundi vel eftir þessum fjárhúsum og sagði þau hafa verið í notkun þar til Heiði fór í eyði. Mikið hefur

brotið af bökkum þarna og sagði Eggert að slægjuland hefði verið framan við húsin, þ.e. nær sjónum sem nú er allt farið í sjó (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild. 02.03.13).



Mynd 75. Horft er eftir garðlaginu til norðvesturs í átt til sjávar.

### **Heiði-216**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta.

Norðurendi garðlagsins er um 40m frá sjávarbrún sem brýtur af.

### **Staðhættir**

Vestast í Steinsvík, fram á sjávarbakka er fjárhústóft nr. 214 og rúmlega 30m suðaustur af henni er garðlag.

### **Lýsing**

Garðlagið liggur frá norðvestri til

suðausturs um 95m langt. Það er gróið en rofið á nokkrum stöðum. Það er allt að 70sm á hæð og mest um 1,5m á lengd. Garðlagið er ekki mjög gamalt en það var gert á 20. öld til þess að hlífa matjurtagörðum sem þarna voru fyrir norðanátt. Það er hlaðið úr þökunum sem flett var af þegar matjurtagarðurinn var gerður (Eggert Jóhannsson. Munnl. heimild 02.03.13).

## Reykjarhóll-söguágrip

Reykjarhóll kemur fyrst fyrir í Landnámu þar sem segir að landnám Flóka Vilgerðarsonar hafi verið Flókadalur milli Flókadalsár og Reykjarhóls.<sup>98</sup> Árið 1703 voru þar 16 manns skráðir til heimilis og virðist þá hafa verið þrúbýli á jörðinni en einbýli eftir það þar til um 1870 en þá er jörðin orðin tvíbýl.<sup>99</sup>

Í jarðatali frá 1709 segir: „Heimræði má hjer vera ár um kríng, brúkast sjaldan um hávetur. Lending er góð fyrir landi en erfitt skipsuppsátur, og gengur skip heimabóndans eitt þegar hann er so megnugur, nú ekkert sökum mannfæðu og efnaskorts ábúanda.“<sup>100</sup>

## Fornleifaskráning



Mynd 76. Horft er yfir hleðsluna til norðurs.

eru mest um 20sm á hæð og um 50x80m að utanmáli. Nær sjónum er stór steinn og skorið er á milli hans og hleðslunnar með kindagötu.

### Reykjarhóll-217

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hættu. Vegna landbrots en hleðslan liggur fremst á sjávarbakka.

### Staðhættir

Í norðvesturhorni Reykjarhólslands, austan við Stafá er tún og austan þess, við sjóinn vestast í Kolluvík er hleðsla.

### Lýsing

Hleðslan virðist manngerð, nokkur grjót sem sett hafa verið saman og

<sup>98</sup> *Íslendinga Sögur I*, 151.

<sup>99</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/). Skoðaður þann 27.02.2013.

<sup>100</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 285.



### Reykjarhóll-218

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Vegna landbrots en tóftin liggur um 10m frá sjávarbrún.

**Staðhættir**

Á bakkanum upp af Reykjarhólsá þar sem hún rennur til sjávar er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 3x4m að utanmáli og hafa dyr snúid mót norðvestri. Veggir

eru grasi grónir en einn stór steinn er í horni tóftar. Veggir eru 10-30sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

### Reykjarhóll-219

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Hætta.** Vegna landbrots en minjarnar eru rúmlega 20m frá sjávarbrún.

**Staðhættir**

Í brekku upp af Reykjarhólsá að austan eru vegghleðslur.

**Lýsing**

Vegghleðslurnar eru tvær og liggja samsíða frá norðvestri til suðausturs. Þær eru grasi grónar, 30-60sm háar og mest um 2m á breidd.



### Reykjarhóll-220

**Hlutverk:** Fjánhús, rétt?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Vegna landbrots en minjarnar eru um 10m sjávarbrún.

**Staðhættir**


Á milli Reykjarhólsár og sjávar upp af Bæjarvík er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr austur/vestur og skiptist í þrennt, fjánhús með garða, heytóft og að því er virðist rétt til norðurs. Hún er

17x20m að utanmáli og hafa verið dyr til norðurs á fjárhústóftinni og að líkindum hefur verið innangengt yfir í heytóft til austurs. Veggir eru 30-110sm háir og mest um 1,5m á breidd. Þeir eru grónir en bæði sér í torf og grjóthleðslur.





### Reykjarhóll-221

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** **Hætta.** Minjarnar eru í skjóli sunnan undir hól en landbrot virðist nokkuð þarna og því eru minjarnar skráðar í hættu.

**Staðhættir**

Sunnan í grónum hól við túnjaðar, á milli Reykjarhólsár og sjávar er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og hafa

dyr snúið til suðvesturs, 7x8m að utanmáli. Veggir eru 20-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd, þeir eru grasi grónir en sér í grjótt á nokkrum stöðum.

### Reykjarhóll-222

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** **Mikil hættu.** Vegna landbrots en minjarnar liggja fram á sjávarbakka.


**Staðhættir**

Ofan við Bæjarvík, á grónum hól í túnjaðri fram á sjávarbakka eru dældir.

**Lýsing**

Dældirnar liggja norðvestur/suðaustur, 14x15m að utanmáli. Af útlínunum má sjá

að þarna hafa staðið tvístæð garðahús með steypu fjárbaði og hlöðu til suðausturs. Svo virðist sem húsin hafi verið rifin og útrúnir þeirra eru ógreinilegar en lögun ágætlega greinileg. Steypt fjárbað er í öðrum garðanum.



### Reykjarhóll-223

**Hlutverk:** Óþekkt, mógröf

**Tegund:** Niðurgroftur

**Hættumat:** **Mikil hættu.** Vegna nálægðar við sjó en minjarnar eru aðeins um 2m frá sjávarbrún.

**Staðhættir**


Helgunes heitir nesið vestan við Helguvík (sjá Ö-Reykjarhóll, 3) og því vestanverðu er niðurgroftur.

**Lýsing**

Niðurgrofturinn er grasi gróinn, nánast hringlaga, um 2m í þvermál og um 1m djúpur. Suðvestan við hann er sléttur flötur sem afmarkaður er af 50sm háum bökkum til allra átta nema norðvesturs.



Mynd 77. Lengst til hægri sést hvernig er að brotna af tóftinni og í baksýns sér í Helguvík og upp af henni Reykjarhól.



### Reykjarhóll-224

**Hlutverk:** Óþekkt, lítil rétt eða beitarhús?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Vegna landbrots, þegar hefur brotið af norðvesturhorni tóftarinnar.

#### Staðhættir

Á sjávarbakkanum austan Helguvíkur (sem er austasta vík í landi Reykjarhóls) eru tvennar tóftir.

#### Lýsing

Liggur önnur tóftin vestar en hin og nær sjávarbakkanum og er norðvesturhorn hennar brotið af. Hún snýr NNV/SSA og er 6x9m að utanmáli. Veggir eru grasi grónir, 40-60sm háir og mest um 1m á breidd.

### Reykjarhóll-225

**Hlutverk:** Fjánhús, beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta.

Vegna landbrots en tóftin er um 8m frá sjávarbrún.

#### Staðhættir

Á sjávarbakkanum austan Helguvíkur (sem er austasta vík í landi Reykjarhóls) eru tvennar tóftir.

#### Lýsing

Austari tóftin liggur austur/vestur, 6x12m

að utanmáli. Hún er tvískipt, annarsvegar er fjánhús með garða til austurs og heytóft eða hlaða til vesturs og hefur verið innangengt af garðanum í heytóftina. Veggir eru 30-70sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Grjót er í garða og innbrúnum og eru 1-2 steinaraðir greinanlegar.



Mynd 78. Horft er til austurs og má sjá rofinn sjávarbakkann efst til vinstri á mynd.





Mynd 79. Hlehóllan slúttir fram af bakkanum. Tekið til vesturs.

### Reykjarhóll-226

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hlehóll

**Hættumat:** Mikil hætta.

Vegna landbrots en minjarnar eru að mestu leyti þegar farnar í sjó.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum austan Helguvíkur (sem er austasta vík í landi Reykjarhóls) eru tvennar tóftir og á sjávarbakkanum næst þeim er hlehóll.

**Lýsing**

Hlehóllan er um 10-30sm há, grasi gróin á sjávarbakkanum en rofin til norðurs og þar sér í grjóti. Líklega er um að ræða leifar mannvirkis sem er að miklu leyti horfið í sjó.

### Reykjarhóll-227

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Suðaustan við Helguvík í hálfgróinni móabrekkur er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 5x7m að utanmáli, veggir 40-80sm háir og mest um 2m á breidd. Veggir eru að hluta þýfðir og hrundir og hvergi sér í grjóti. Gata liggur þvert yfir tóftina frá austri til vesturs.



### Reykjarhóll-228

**Hlutverk:** Óþekkt, mógröf, torftökusvæði

**Tegund:** Niðurgroftur, náttúrulegt

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Suðaustan við Helguvík í hálfgróinni brekku er tóft og austan hennar virðist vera niðurgroftur, hugsanlega mógrafir eða torftökusvæði.

**Lýsing**

Að vestan er um 2ja m. hár móabakki en austan við mýri. Þarna hefur hugsanlega verið tekið mór eða torf.

### Reykjarhóll-229

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

### Staðhættir

Suðaustur af Helguvík, í hálfgróinni brekku sem snýr mót austri, er tóft.

### Lýsing

Tóftin er 7x9m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur og hafa dyr verið og snúið til norðausturs. Veggir eru grasi og mosa grónir, 40-100sm háir og mest um 2m á breidd.

### Reykjarhóll-230

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hætta.

### Staðhættir

Suðaustur af Helguvík, í hálfgróinni brekku sem snýr mót austri, er tóft.

### Lýsing

Tóftin er 4x6m að utanmáli og snýr norður/suður og hafa dyr snúið til austurs. Veggir eru þýfðir, grasi og mosa grónir, 20-40sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.



### Reykjarhóll-231

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hætta.

### Staðhættir

Suðaustur af Helguvík, í hálfgróinni brekku sem snýr mót austri, er tóft.

### Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur, 7x10m að utanmáli. Veggir eru að hluta þýfðir og hrundir, algrónir grasi og mosa. Þeir eru 40-80sm háir og mest rúmlega 2m á breidd. Inní tóftinni er þúst eða veggjalag sem annaðhvort er innveggur eða hrun úr vegg.



### Reykjarhóll-232

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

### Staðhættir

Rúmlega 110m suðaustur frá sjávarbrún við Helguvík er stekkjartóft á litlum en frekar bröttum hól.

### Lýsing

Hóllinn er afgangur og liggur norðaustur/suðvestur, 15x20m að utanmáli. Tóftin er byggð á eldri minjum

og eru gömlu veggirnir nýttir að hluta. Tóftin er tvískipt, kró til suðvesturs en rétt til norðaustur. Sunnan hennar er veggur sem tilheyrir eldri tóftinni. Veggir eru annars 40-120sm há mest rúmlega 1m á breidd. Tóftin er algróin grasi og mosa.

**Reykjarhóll-242**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Engin hættu.

**Staðhættir**

Rúmlega 110m suðaustur frá sjávarbrún við Helguvík er stekkjartóft á litlum en frekar bröttum hól.

**Lýsing**

Hóllinn er aflangur og liggur norðaustur/suðvestur, 15x20m að utanmáli. Tóftin er byggð á eldri minjum og eru gömlu veggirnir nýttir að hluta.

## Málmey-söguágrip

Málmey er á austanverðum Skagafirði, um 3 km, norðvestur af Þórðarhöfða. Eyjan er klettum girt á alla kanta en nyrst og vestast er eyjan hæst, um 156 metrar, þar heitir Kaldbakur. Um 4,5km eru til lands yfir Málmeyjarsund en til Drangeyjar í suðvestri eru um 10 km. Eyjan er um 4km, á lengd og 650m á breidd, um miðja eyna, en hún mjókkar til beggja enda. Eyjan er öll gróin, en best ræktunarland er um hana miðja að austanverðu þar sem bærinn stóð.

er austan undir svonefndum Ási en svo heitir brekkan vestan bæjarins. Kringum bæjarstæðið eru sléttuð tún, sum hver enn með sáðgresi. Norðan við bæjarstæðið eru víðlendir móar, upp að Ásnum og austur á sjávarbakkann, heita þeir Mýrar. Frá bæjarstæðinu eru um 220 metrar niður á sjávarbakkann að austan þar sem heitir Bæjargjá og þar var landing og uppganga í eyna. Önnur landing er í svokölluðu Jarðfalli um 600m vestar á eyinni og liggur þangað gata að bæjarstæðinu.

Málmeyjar er fyrst getið í Auðunarmáldaga frá árinu 1318 en þá þegar var kirkja í eyinni<sup>101</sup> Vafalítið hafa menn búið í eyinni frá upphafi byggðar í landinu þó ekki sé hennar getið í Landnámabók og er sú ályktun studd af rannsóknunum sem fram fóru á vegum Byggðasafns Skagafirðinga árið 2012. Gnægtabúr matar er í og við eyna, fugl, fiskur og selur, auk þess að eyjan ber þó nokkurn bústofn. Málmey var í eigu Hólastóls árið 1388<sup>102</sup> og var seld með öðrum stólsjörðum árið 1802. Málmey var talin 30 hundruða jörð að fornu mati.

Fiskveiðar voru stundaðar allan ársins hring í Málmey skv, Jarðabókinni 1709, enda góð fiskimið fast við eyna. Þó er sagt að skipsuppsátur sé illt og með „stórerfiði þarf að gjöra grjótbryggjur til að setja skipin á,og af þeim upp að draga með handvöðum, og brýtur sjávarágangur þessar bryggjur oftlega hvert ár.“

Æðarvarp segir jarðabókin hafa verið til forna í eyinni en hafi ekki verið í mörg ár. Selveiðivon var talin en heppnaðist misjafnlega. Von var um trjáreka en fjaran hélt illa því sem rak. Við bættist að þeir sem hirtu um rekann voru í lífshættu af grjóthruni sem varð nær daglega. Hrognkelsaveiði hafði verið brúkuð en sögð aflögð.<sup>103</sup>

Í fornleifaskráningu Málmeyjar fá minjarnar hlaupandi númer eins og aðrar minjar í skýrslunni en innan sviga eru númer úr skýrslunni *Málmey á Skagafirði – byggðasögurannsókn* sem kom út 2013.

<sup>101</sup> *Íslenskt fornbréfasafn II*, bls. 459.

<sup>102</sup> *Íslenskt fornbréfasafn, III*, bls. 412.

<sup>103</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín IX*, 246.

## Fornleifaskráning

### Málmey-(10)-233

**Hlutverk:** Túngarður, vörslugarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Vegna landbrots en garðurinn liggur fram á klettabrún.

#### Staðhættir

Garðlag liggur frá garði nr. 233 yfir eyrna sem reistur var um 1920. Garðlagið liggur til suðurs frá þvergarðinum á um 136m löngum kafla að áföstum hlöðnum matjurtagarði [Sjá minjar nr. 22 í skýrslu um Málmey á Skagafirði]. Ógleggra framhald garðsins liggur boga suður frá matjurtagarðinum á um 200m löngum kafla.




Mynd 80. Horft eftir garði nr. 233 til suðurs frá garði nr. 234.

#### Lýsing

Garðlagið er greinanlegast nyrst og kann að vera að þar hafi verið hlaðið ofan á eldri túngarð vestan bæjarstæðisins. Við suðurenda hans að vestan beygir hann svo í hálfboga til suðausturs en sá hluti hans var mun ógreinilegri að minnsta kosti við vettvangsathugun 2012. Hlutar garðsins eru því að líkindum misgamlir. Yngsti hlutinn sem er norðan og að hluta að vestan bæjarhólsins er stæðilegur, allt að 180sm hár og mest um 3m á breidd. Hann er algróinn grasi og elftingu en hvönn er farin að skjóta sér niður í garðinum. Norðan við hann er niðurgroftur sem að líkindum er efnistaka fyrir garðinn. Framhald garðsins sem liggur sunnan og suðvestan bæjarstæðisins er öllu ógreinilegri, lágvaxnara mest um 50sm hátt og þýft. Garðurinn var næsta ógreinilegur á kafla vestan til en er greinanlegur á loftmyndum.

#### Aðrar upplýsingar

Líklegast er að um sé að ræða túngarðinn sem umgirt hefur heimatúnið. Að grunni til er garðurinn líklega nokkuð gamall enn nyrsti hluti hans hefur líklega verið hlaðinn 1920 um leið og garðurinn nr. 234 sem liggur þvert yfir eyjuna.



Teikning 1. Teikningin er af hluta minja sem skráðar voru í Málmei sumarið 2012. Hún er birt í skýrslunni *Málmei á Skagafirði – byggðasögurannsókn* sem Byggðasafn Skagfirðinga gaf út 2013.

### Málmei-(11)-234

**Hlutverk:** Vörslugarðar

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Vegna landbrots, einkum af völdum veðurs og sjávar.

#### Staðhættir

Veglegur vörslugarður liggur þvert yfir eyna um 120m norðan bæjarstæðisins. Hann nær frá austurbrún eyjunnar til vesturs upp á Ásinn og endar þar við vesturbrún, alls um 600m langur.

#### Lýsing

Garðurinn mun hafa verið hlaðinn upp úr 1920. Út frá honum til suðurs liggja nokkrir þvergarðar, sá austasti og greinilegasti (nr. 233) er líklega hlaðinn um leið og garðurinn en upp á Ásnum eru þvergarðarnir eldri sem gæti bent til að garðurinn sé að stofni til eldri. Garðurinn er um 1,7m hár og allt að 4m breiður. Neðsti hluti hans er nokkru breiðari sem gæti skýrst af því að hann sé hlaðinn ofan á eldri garði. Greinilegt er að efni hefur verið tekið í garðinn fast norðan hans. Rof eða hlið er á garðinum fyrir honum miðjum, beint norðan við þar sem að garður nr. 233 liggur upp að honum.

#### Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá (bls. 4) segir: „Framan í Ásnum, að austan, var Gvendarbrunnur, kenndur við Guðmund biskup góða. Hann er norður frá bænum, rétt norðan við vörslugarð þvert yfir eina, sem þeir Gísli og Franz hlóðu, upp úr 1920.“



### Málmey-(40)-235

**Hlutverk:** Óþekkt, naust?

**Tegund:** Tóft


**Hættumat: Hætta.** Vegna landbrots. Tóftin er innan við 10m frá sjávarbrún sem að brotnar af.

**Staðhættir**

Á sjávarbrún um 430m suður af bæjarhólnum, við svonefnt Klif, þar sem áður var lending, er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr austur/vestur og er 5x10m að utanmáli. Tóftin er vel glögg, veggir 10-50sm háir og mest um 2m á breidd en þeir eru töluvert hrundir og aðeins mjó ræma á milli þeirra. Tóftin er algróin og er hvönn byrjuð að vaxa á henni.



Teikning 2. Teikningin er úr *Málmey á Skagafirði – byggðasögurannsókn* sem Byggðasafn Skagfirðinga gaf út 2013.

### Málmey-(41)-236

**Hlutverk:** Vörslugarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Vegna landbrots. Austurendi garðlagsins liggur fram á sjávarbrún

**Staðhættir**


Um 460m suður af bæjarhólnum er garðlag.

**Lýsing**

Garðurinn liggur þvert yfir eyjuna frá austri til vesturs og er rúmlega 300m langur. Hann er um 1m á hæð og mest um 1,5m á breidd, víða hruninn. Skurður liggur meðfram garðinum að sunnan. Við vesturenda garðsins beygir hann til suðvesturs og liggur þar nokkurn veginn fram á sjávarbrún. Þar sem skurðurinn beygir er garðlag sem að afmarkar lítið hólf við horn garðsins 4x6m að innanmáli.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Gísli og Franz hlóðu annan vörslugarð heldur en að framan greinir, Þvert yfir eyna hann var að austan rétt sunnan við Klif og að vestan fast norðan við Tófunefið. Á vorin var lambféð haft fyrir sunnan syðri garðinn, en geldféð fyrir norðan ytri garðinn. Aldrei voru neinar skepnur hafðar á milli vörslugarðanna.“ (Ö-Málmey, 5).



Teikning 3. Teikningin er úr *Málmey á Skagafirði – byggðasögurannsókn* sem Byggðasafn Skagfirðinga gaf út 2013.

sandfoks, en mikill sandur er í jarðvegi sunnan til á eygni. Garðlagið liggur í boga til vesturs frá austur bjargbrún eyjarinnar en austurhluti þess er nú horfinn fyrir björgin. Óvíst er hversu stórt gerðið hefur verið en svæðið innan þess er nú um 80m langt frá norðri til suðurs og rétt um 30m frá vesturhlið þess að bjargbrúninni. Þykkt veggjar er 2m og hæð um 80sm. Garðurinn er vaxin grasi og mosa en hvönn farin að skjóta þar rótum.

### Málmey-(43)-238

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

**Hættumat:** Hætta. Möguleg hætta vegna landbrots en aðeins eru um 13m fram á sjávarbrún.

#### Staðhættir

Upp við vesturhlið gerðisins innanvert er aflöng dæld sem líkist tóft þótt veggir séu ekki augljósir.

#### Lýsing

Dældin liggur austur-vestur er um 7m löng og um 3m breið og rétt um 30sm á dýpt. Ávalir veggir virtust umlykja dældina en ekki var hægt að greina glögg veggjalög. Tóftin er mjög jarðsokkin vegna sandfoks. Hún er algróin grasi og mosa.

#### Aðrar upplýsingar

Teknir voru nokkrir kjarnar í vegg og gólf tóftarinnar en engin mannvistarlög komu þar fram.

### Málmey-(56)-239

**Hlutverk:** Vörslugarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Hætta. Möguleg hætta vegna landbrots en garðlagið liggur fram á brún.

#### Staðhættir

Um 4m sunnan við nyrsta garðinn (nr. 234) sem þverar eyna og sem hlaðinn var 1920 er samskonar eldri garður.

#### Lýsing

Garðurinn liggur frá ANA/VSV og er um 480m á lengd. Hann er 30-80sm hár og mest um 3má breidd, vaxinn grasi og blómgróðri. Garðurinn liggur þvert yfir eyjuna en hann er

### Málmey-(42)-237

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta. vegna landbrots en þegar hefur brotið af garðlaginu til austurs.

#### Staðhættir

Leifar garðlags og nokkurra tófta liggja um 750m suður af bæjarhólnum og um 280m suður af syðra 20. aldar garðlaginu (nr. 236) sem þverar eyna.

#### Lýsing

Minjarnar eru vel greinanlegar en þó nokkuð jarðsokknar vegna

augljósari þar sem hann liggur yfir Ásinn vestan bæjarstæðisins. Garðurinn er sveigður í vesturenda og liggur að garði (nr. 234) en sá garður kann að stofni til að vera jafn gamall hinum þvergörðunum (nr. 239) og (nr. 240).

#### **Aðrar upplýsingar**

Kjarnar sem teknir voru í garðinn gáfu til kynna að hann væri hlaðinn eftir 1104 en engin gjóska fannst ofan garðsins. Garðurinn er hluti garða sem legið hafa yfir eyna og þvergarða á milli þeirra sem skipta eyjunni upp í beitar- eða annarskonar nytjahólf. Í Örnefnaskrá Málmeyjar (bls. 5) segir: „Mörg ferhyrnd garðahólf eru vestur af bænum, beggja vegna í Ásnum og uppi á honum. Þau eru nokkuð stór og garðarnir miklir í kringum þau. Þarna uppi á Ásnum eru einnig nokkrar tóftir af húsum. Þessi hólf og tóftarbrot eru rétt fyrir sunnan nyrðri vörslugarðinn.“

#### **Málmey-(57)-240**

**Hlutverk:** Vörslugarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Garðlagið liggur fram á klettabrún og því gæti stafað hætta vegna landbrots.

#### **Staðhættir**

Rúmlega 50m suður af garði (nr. 239) er annar garður sem liggur samsíða þeim fyrrnefnda.

#### **Lýsing**

Garðurinn er algróinn grasi og mosa, 30-70sm hár og mest um 3m á breidd, mikið hruninn. Hann er tæplega 240m á lengd og er mögulegt að garðlag (sjá minjar nr. 51 í skýrslu um Málmey á Skagafirði] sé framhald hans og hann hafi legið þvert yfir eyjuna eins og garðar nr. 11 og nr. 56.

## Samantekt

Í heild voru skráðar 242 minjar þar af eru 32 minjar horfnar sem ekki var hægt að staðsetja en 9 minjar sem horfnar eru var hægt að staðsetja með viðunandi nákvæmni með aðstoð heimilda eða heimildamanna. Minjar sem hægt var að staðsetja eru því samtals 210 og minjar sem skráðar voru á vettvangi alls 201 (sjá nánar töflu 2 og 3). Í töflu 3 kemur fram fjöldi minja eftir mati á hættuástandi. Þar af eru minjar sem taldar eru í *mikilli hættu* 81, þær sem taldar eru í *hættu* 80 og engri *hættu* 40. Minjar í *mikilli hættu* eru þær sem hafa þegar orðið fyrir skemmdum eða eru innan við 10m frá sjávarbrún þar sem landbrot hefur verið mikið og er það rétt rúmlega helmingur þeirra minja sem teljast vera í hættu. Lista yfir minjarnar má sjá í meðfylgjandi hnitaskrá þar sem minjar í hættu eru merktar með gulu, minjar í mikilli hættu með rauðu en minjar sem ekki eru taldar í hættu eru merktar með grænu.

Tafla 2.

<b>Heildarfjöldi minja*</b>	242
<b>Þar af horfnar**</b>	41
<b>Horfnar staðsettar***</b>	9
<b>Minjar sem hægt var að staðsetja</b>	<b>210</b>

\*Heildarfjöldi minja er sá fjöldi sem skráður er upp úr heimildum, eftir heimildamönnum og á vettvangi.

\*\*Horfnar minjar eru þær sem ekki fundust á vettvangi eða sem heimildamenn mundu eftir og eru horfnar í sjó. Það er ljóst að þessi tala er í raun mun hærri þar sem að heimildir eru á engan hátt tæmandi um þær minjar sem farnar eru í sjó, sem dæmi má nefna að sums staðar eru nefndar horfnar sjóbúðir en fjölda þeirra er ekki getið.

\*\*\*Horfnar en staðsettar minjar eru þær sem hægt var að staðsetja með fullnægjandi nákvæmni út frá heimildum eða með aðstoð heimildamanna. Áætluð möguleg skekkja er gefin upp í texta.

Tafla 3.

Hættumat	Fjöldi minja	Hlutfall af minjum sem skráðar voru á vettvangi
Mikil hættu	81	40%
Hættu	80	40%
Engin hættu	40	20%
<b>Minjar skráðar á vettvangi</b>	<b>201</b>	<b>100%</b>

Ástandi minja er skipt í 5 flokka samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands en hér er bætt við einum flokki sem kallaður er *ómetið* en í hann flokkast minjar þar sem ekki var unnt að meta ástand en það eru tvær lendingar og álagablettur. Skiptingu í flokka eftir ástandi má sjá í töflu 4.


Tafla 4. Ástand minja.

Heillegar	Vel greinanleg	Greinanleg	Illgreinanleg	Sést ekki	Ómetið	Samtals
1	80	64	52	9	3	<b>210</b>
>0,5%	38%	31%	25%	4%	>2%	<b>100%</b>

Oft getur reynst erfitt að ákvarða hlutverk minja einkum ef ástand þeirra er ekki gott en sjá má í töflu 4 að 25% allra minjanna er illgreinanlegar og 31% eru greinanlegar fornleifar. Samkvæmt skilgreiningu eru illgreinanlegar fornleifar þær sem „hafa orðið fyrir töluverðu raski af völdum náttúru eða manna.“ Um greinanlegar fornleifar segir: „Fornleifarnar eru greinanlegar en erfitt að sjá upprunalegt lag eða form mannvirkis. Ef um hleðslur er að ræða þá eru þær signar og eða hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og hafa jafnvel hlaupið í þúfur.“ (sjá staðla Minjastofnunar Íslands, 42). Í töflu 4 má sjá að aðeins

38% minjanna teljast vera í góðu ástandi og falla í flokkana heillegar eða vel greinanlegar minjar.

Graf 1.



